

**SKOÐUN** Ellen Calmon vill að allir búi við sama aðgengi. 22



**MENNING** Tina Dickow og Helgi Jónsson halda tónleika í Bókasafni Seltjarnarness. 34



**LÍFIÐ** Rúmlega áttrætt Matadorspil finnst á nytjamarkaði í Neskaupstað. 52



**SPORT** Undanúrslitin í úrslitakeppninni í Olísdeildinni hefjast í kvöld. 48


Til hvers að flækja hlutina?
SJÁLFKRAFA í BESTA ÞREP!
365
365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
16. apríl 2015
88. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Einkaleyfi afnumið

Ólöf Nordal innanríkisráðherra leggur fram frumvarp í haust um að afnema einkarétt Íslandspósts á póstþjónustu. Hún vill selja fyrirtækið frá ríkinu. 2



**Minna flutt út eftir samning** Verðmæti útflutnings til Kína var tæpum þriðjungi minna árið 2014 en árið áður, þrátt fyrir að fríverslunarsamningur á milli landanna hafi tekið gildi í fyrra. 6

**Rafmagn drap tugi þúsunda laxa** Óveður á Vestfjörðum olli bilun í rafmagnskassa þannig að hann leiddi rafmagn í sjókví Fjarðarlax í Patreksfirði. Slátra þurfti tugum þúsunda laxa og nam tjónið 100 milljónum. 10

**Öryggisleysi au pair-fólks** Ekkert eftirlit er með vistráðningum au pair-fólks hvað varðar varnir gegn þrælkun, misnotkun og mansali. Þingkona Framsóknarflokksins spurði ráðherra út í málið. 16




22

## SÉRBLAÐ

Fólk






**SUMARVERK Í SÓLINNI** Ofsi veðurguðanna undanfarið olli því að öllum vor- og sumarverkum var slegið á frest. Veðurblíðan í Reykjavík í gær gaf mörgum kost á að vinna langþráð sumarverk. Viðgerðir eru hafnar á þaki Hörpu og í bakgrunni má sjá slippinn fullan af skipum sem fá skvettu af málningu til að lappa upp á útlitið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Líkur á að LÍN þurfi ríkisframlag aukast

Litlar líkur eru á að ný heildarlög um LÍN komi fram á þessu þingi. Kostnaðurinn við heildarendurskoðun kerfisins meiri en talið var. Innheimtuhlutfall sjóðsins hefur versnað og líkurnar á auknu ríkisframlagi hafa að sama skapi aukist.

**STJÓRNMÁL** Innheimtuhlutfall Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur versnað á síðustu árum og líkurnar hafa aukist á því að ríkið þurfi að leggja sjóðnum til aukið fé. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, segir áhættu sjóðsins hafa aukist.

„Við horfum framan í það að það er aukin áhætta í sjóðnum frá því sem var. Líkurnar á því að það þurfi að auka ríkisframlag vegna þess að innheimtuhlutfall hefur versnað verða meiri.“

Illugi vísar í úttekt sem stjórn sjóðsins lét gera árið 2013, en staðan hefur lítið breyst síðan þá. Í henni kemur fram að nafnvirði útlána sjóðsins jókst um nær 60 prósent á árunum 2008 til 2012, úr 117 í 185 milljarða. Afskriftir uxu hins vegar hraðar, eða um 67 prósent.

Samkvæmt útreikningum Ríkisendurskoðunar er núvirði meðalláns hjá sjóðnum, sem nemur 3,5 milljónum, 69 prósent. Mikil fjölgun hefur orðið á þeim sem fá undanþágur á afborgunum námslána.

Þá hefur tími sem námsmenn eru við nám lengst og í skýrslunni kemur fram að heildarlán þeirra sem hafa lán yfir 7,5 milljónir hafa aukist úr 5 í 26 milljarða og samtala lána þeirra sem skulda meira en 12,5 milljónir hafði aukist úr 1 í 9 milljarða.

Ný heildarlög um LÍN eru á þingmálaskrá, en litlar líkur eru á að þau komi fram á yfirstandandi þingi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

„Það er verið að vinna að endurskoðun og ekki víst að það takist að koma henni fram í vor,“ segir Illugi. - kóp



> **Líkurnar á því að það þurfi að auka ríkisframlag vegna þess að innheimtuhlutfall hefur versnað verða meiri.**
>
> *Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra.*



**HÆTTA Á FERÐ** Linda telur mikilvægt að verja fé í það að efla stafræna stöðu íslenskunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Segir tungumálið vera í hættu:

## Kunna íslensku að litlu leyti

**SAMFÉLAG** „Börn og unglingar lifa og hrærast í heimi rafrænna samskipta sem fara nánast öll fram á ensku. Tölvur og símar „tala“ mjög takmarkaða íslensku,“ segir Linda Björk Markúsardóttir, talmeina- og íslenskufræðingur.

Hún segir það hafa færst í aukana að börn sem eru alíslensk kunni íslensku ekki nema að litlu og yfirborðskenndu leyti. Starf hennar sem talmeinafræðingur felst, meðal annars, í því að meta orðaforða og málkunnáttu barna og unglinga. Hún segir íslenskt tungumál vera í hættu ef fjármunum verði ekki varið í að efla stafræna stöðu þess. - ibs, sjá nánar bls 12.




## VEÐUR




**Suðlæg átt í dag, vindur 5-10 m/s.** Skýjað að mestu S- og V-lands og sums staðar gætu fallið dropar. N- og A-lands verður áfram bjart í veðri. Hlýnar heldur NA-lands og getur hiti farið í allt að 15 stig þegar best lætur.

SJÁ SÍÐU 32

Hópur lögreglumanna beitti mótmælanda hörku fyrir að kríta töluna 888 á styttu Jóns Sigurðssonar:

# Þingvörður sprautaði vatni á mótmælanda

**MÓTMÆLI** Hópur mótmælenda kom saman við Austurvöll í gær til að vekja athygli á því að 888 dagar eru liðnir frá því að Alþingi ákvað að ráðast í rannsókn á einkavæðingu bankanna.

Mótmælendur krítuðu töluna 888 á gangstéttina fyrir utan Alþingishúsið. Í kjölfarið smúluðu þingverðir gangstéttina og sprautuðu vatni á mótmælendur.

Lögreglan hafði afskipti af einum mótmælendanna, Örvari Geir Geirssyni. Örvar segir að allt hafi farið fram í góðu þar til hann hafi beðið um að hafa vitni að samræðum við lögregluna við skýrslutöku. Þá hafi lögreglan rifið í hann og fært hann í lögreglubíl. „Mér finnst það algjör valdníðsla og brot á mínum borgaralegu réttindum,“ segir hann.



JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, hefur óskað eftir því að forseti Alþingis hefji rannsókn á athæfi þingvarða. „Öryggisverðir geta starfsins vegna þurft að beita ofbeldi. Það er réttast að þegar öryggisverðir þingsins neyðast til að beita ofbeldi þá verði faglega metið réttmæti þeirrar aðgerðar,“ segir Jón Þór. „Það er holt fyrir alla að slíkt mat fari fram, fyrir aðra starfsmenn þingsins og landsmenn alla.“ - srs



**HARKALEG HANDTÖK** Örvar segir brotið á rétti sínum. MYND/JÆJA



**MEÐ FÁNA Á LOFTI** Börnin fögnuðu fjölmenningu í skrúðgöngu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Krakkarnir á leikskólanum Nóaborg halda alþjóðaviku árlega:

## Fjölmenningu fagnað í skrúðgöngu

**SAMFÉLAG Krakkarnir á leikskólanum Nóaborg fóru í skrúðgöngu í gær þar sem gengið var frá skólanum og niður á Klambratún. Skrúðgangan var farin í tilefni árlegrar alþjóðaviku í skólanum þar sem áherslan er lögð á fjölmenningu.** - vh

Sprengisandsleið frestað:

## Vinnu hætt við umhverfismat

**SAMGÖNGUR** Ekki stendur til að taka ákvörðun um framkvæmdir á nýjum vegi yfir Sprengisand á næstunni. Þetta kemur fram á vef Vegagerðarinnar.

Ákveðið hefur verið að ljúka ekki við umhverfismat á lagningu Sprengisandsleiðar að sinni. Eitt markmið verkefnisins var að leggja mat á lagningu háspennulínu við hlið nýrrar Sprengisandsleiðar með tilliti til sjónrænna áhrifa.

Ekki er reiknað með að tillögur um framkvæmdir við nýja Sprengisandsleið verði lagðar fram í 12 ára samgönguáætlun 2015 til 2026. - srs

Áhöfn Týs stóð í ströngu:

## Margar ófrískar konur í bátnum

**ÍTALÍA** Varðskipið Týr kom til hafnar í Taranto á Ítalíu rétt rúmlega hálf átta í gærmorgun að íslenskum tíma með á fjórða hundrað flóttamanna sem áhöfnin bjargaði úr lekum bát norðvestur af Trípólí sl. mánudag.

Týr sigldi með flóttafólkið til Taranto þar sem allar flóttamannabúðir á Sikiley eru orðnar yfirfullar. Á siglingunni til Taranto hlúði áhöfn varðskipsins að flóttafólkinu en allnokkrar konur um borð voru ófrískar og fjöldi barna var í hópnum. Áhöfn Týs hefur ásamt öðrum á vegum Frontex bjargað um 7.500 manns síðan á föstudag. - kbg

# Einkaleyfi Íslandspósts afnumið á haustþingi

Innanríkisráðherra hyggst leggja fram frumvarp um afnám einkaréttar Íslandspósts á póstþjónustu á haustþingi. Auk þess vill hún að Íslandspóstur sé seldur. Þetta kom fram í sérstakri umræðu um málefni Íslandspósts á Alþingi í gær.

**SAMKEPPNISMÁL** Ólöf Nordal innanríkisráðherra vill afnema einkarétt Íslandspósts ohf. á póstþjónustu og hyggst leggja fram frumvarp þess efnis á haustþingi. Þetta kom fram í máli ráðherrans í sérstakri umræðu á Alþingi í gær um málefni Íslandspósts. Þá telur Ólöf að selja eigi fyrirtækið; ríkið eigi ekki að vera að vasast í einkarekstri.



ÓLÖF NORDAL

Málhefjandi var Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sem sagði kveikjuna vera umfjöllun um meint brot Íslandspósts á samkeppnismarkaði, en fyrirtækið hefur verið til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu um árabil. Þar hefur Íslandspóstur verið sakaður um að nýta þann hluta rekstursins sem ríkið hefur gefið fyrirtækinu einkarétt á að sinna til að niðurgreiða samkeppnisrekstur þess.

Guðmundur ræddi einnig fyrirkomulag póstþjónustu í víðara samhengi og sagði lög þess efnis bera þess vitni að hafa verið skrifuð í veröld þar sem engin tölvupóstsamskipti ættu sér stað.

Ólöf sagði vinnu hafna í ráðuneytinu til að afnema einkarétt á póstþjónustu, vegna tilskipunar ESB þess efnis. Skilgreina þurfi grunnpóstþjónustuna og hvernig eigi að sinna henni. Að öðru leyti eigi að leyfa samkeppni að njóta sín, slíkt sé til hagsbóta fyrir neytendur. Hún áréttaði þó að hlutabréf ríkisins í Íslandspósti væru á forræði fjármálaráðuneytisins. fanney@frettabladid.is



**OPINBERT HLUTAFÉLAG** Íslandspóstur hefur einkarétt á póstþjónustu en hefur verið til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Íslandspóstur á fund fjárlaganefndar



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Forstjóri og stjórnarformaður Íslandspósts mættu á fund fjárlaganefndar í gær til að svara spurningum nefndarmanna um meint samkeppnislagabrot. Vigdís Hauksdóttir, formaður nefndarinnar, sagði fundinn góðan.

„Við erum bara að sinna okkar eftirlitshlutverki. Félagið er með ein sex mál í gangi hjá Samkeppniseftirlitinu út af hugsanlegum brotum.“ Vigdís sagði að skoða þyrfti betur fullyrðingar sem þurfi að fá nánari útskýringar á frá bæði bæði Póst- og fjarskiptastofnun sem og Samkeppniseftirlitinu. Til standi að fá fulltrúa beggja stofnana á fund nefndarinnar til svara.

„Okkur finnst enn þá vera aðeins óskýrar þessar fullyrðingar Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem áhöld eru um að einkaleyfi sé að greiða niður samkeppnisrekstur,“ segir Vigdís: „Þeir hafa stofnað dótturfélög á síðustu árum og kaupa fyrirtæki á markaði til að setja undir hatt Íslandspósts, sem ég tel ekki samrýmast lögum að öllu leyti. Peir telja að þeim sé þetta heimilt.“




Lögregla rannsakar enn tildrög slyssins sem varð við Reykdalsstíflu í Hafnarfirði:

# Eldri drengurinn útskrifaður

**SLYS** „Við erum bara að ná utan um aðdragandann og það sem gerðist þarna. Það er verið að ræða við fólk sem getur gefið einhverjar upplýsingar,“ segir Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Hafnarfirði, um rannsókn slyssins sem varð þar á mánudag þegar tveir drengir festust í affalli við Reykdalsstíflu í Hafnarfirði.

Drengirnir, sem eru 9 og 12 ára gamlir, eru bræður. Eldri bróðirinn var útskrifaður af spítala í gær en þeim yngri er enn haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild. Samkvæmt upplýsingum frá lækni er ástand hans óbreytt og biðtími fram undan þar sem meðferð drengsins sé þess eðlis að hún taki tíma. Ellefu ára systir þeirra var með þeim þegar slysið átti sér stað og hringdi í móður þeirra sem kom á slysstað.

Karlmaður á þrítugsaldri sem kom drengjunum til bjargar ásamt lögreglu hefur einnig verið útskrifaður af sjúkrahúsi.

Í gær var lónið fyrir ofan stífluna tæmt og verið er að rannsaka tildrög slyssins, að sögn Margeirs. Þeir sem komu að slysinu hafa fengið áfallahjálp.

Talið er líklegt að drengirnir hafi verið að elta bolta sem þeir misstu út í vatnið en Margeir segir það vera eitt af því sem rannsakað sé, eins hversu lengi drengurinn var í vatninu. Unnið sé að því að púsla atburðarásinni saman, málið sé viðkvæmt og því verði gefinn góður tími í rannsóknina. - vh



**FRÁ SLYSSTAÐ** Rannsókn málsins er í fullum gangi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




## Vildarpunktar með nýjum bílum

Það er ekkert nýtt að bílarnir fljúgi út hjá Toyota á Íslandi en á 50 ára afmæli okkar fær sú staðreynd byr undir báða vængi. Gegnum tíðina höfum við átt gott samstarf við Icelandair sem nær nýjum hæðum á afmælisárinu. Við gerðum samning við Icelandair um að gefa Vildarpunkta til allra sem kaupa nýja Toyota eða Lexus bifreið. Punktarnir leggjast sjálfkrafa inn á Vildarpunktareikninga viðskiptavina okkar með hverjum bíl sem flýgur út.

**Kynntu þér betur samstarf Toyota og Icelandair á www.toyota.is**

## SPURNING DAGSINS



Dagur, þú gefur hótelinu í holunni atkvæði þitt?

**„Já, ætli ég gefi því ekki fimm stjörnur.“**

Byggt verður fimm stjörnu hótel við hlið Hörpu og þar með fyllt upp í holu sem hefur staðið þar nokkuð lengi. Dagur fagnaði hugmyndinni og því að loks yrði hafin uppbygging á reitnum.

Ísland fjarri markmiðum um að saxa á innleiðingarhalla Evróputilskipana:

# Ísland trassar Evróputilskipanir

**EVRÓPUMÁL** Á fjórða tug Evróputilskipana hefur ekki verið innleitt að fullu á réttum tíma hér á landi. Þetta kemur fram í frammistöðumati EES sem birt er tvisvar á ári og sýnir hvernig stjórnvöldum EFTA-ríkjanna gengur að innleiða tilskipanir og reglugerðir innri markaðarins.

„Óneitanlega eru það mikil vonbrigði að ekki hafi tekist betur að framfylgja Evrópustefnu sem íslensk stjórnvöld kynntu fyrir ári um að á fyrri hluta árs 2015 yrði innleiðingarhalli orðinn undir einu prósenti,“ segir Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður í ESA.

Innleiðingarhallinn á Íslandi er 2,8 prósent og er langhæstur EES-ríkjanna. Til samanburðar er innleiðingarhalli að meðaltali um 0,5 prósent í öllum ríkjum ESB.

Fram kemur í úttekt ESA að Íslandi hefur farið aftur. Í maí 2014 var meðalaldur á þeim málum sem átti eftir að innleiða 14,3 mánuðir en er nú orðinn 15,1 mánuður. - sa



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON** Gunnar Bragi setti sér þau markmið að saxa verulega á innleiðingarhalla Evróputilskipana á árinu 2014. Þau markmið hafa ekki náðst.

600 svör um smádýr:

# Pödduskeyti flæða yfir NÍ

**NÁTTÚRA** Náttúrufræðistofnun Íslands afgreiddi 600 fyrirspurnir um pöddur á síðasta ári, en sem fyrr sótti almenningur og meindýraeyðar til stofnunarinnar með ýmsar fyrirspurnir er varða smádýr. Ýmist er komið með sýni í greiningu eða fyrirspurnir sendar í tölvupósti.

Margir nýta sér pödduvef stofnunarinnar en Erling Ólafsson skordýrafræðingur annast smádýragreiningar og skrifar pistla á pödduvefinn. - shá



**MYGLUSVEPPUR** Auka þarf fræðslu um myglusvepp til að taka á vandanum. MYND/SYLGJA DÖGG

Skýrsla til umhverfisráðherra:

# Úrbætur vegna mygluvanda

**HÚSNÆÐISMÁL** Röng vinnubrögð við hönnun og mannvirkjagerð, vanræksla á viðhaldi og röng notkun á húsnæði virðast vera helstu orsakir raka- og mygluvandamála í húsnæði, að mati starfshóps sem fjallað hefur um myglusvepp og tjón af hans völdum sem umhverfisráðherra skilaði í júní 2014.

Tækifæri til úrbóta felast samkvæmt nefndinni helst í aukinni fræðslu, leiðbeiningum, menntun fagaðila og auknum rannsóknum á sviðinu. Lögfræðileg greinargerð fylgir skýrslunni um réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum myglusvepps. - fbj

Færðu eldið fjær landi:

# Mega ala silung í Ísafjarðardjúpi

**LANDBÚNAÐUR** Dýrfiskur má framleiða allt að 4.000 tonn af regnbogasilungi á ári í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi við Snæfellsströnd, samkvæmt nýútgefnu starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Fimm athugasemdir bárust á meðan leyfið var í kynningu. Orkustofnun benti á að í gildi væri leyfi til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi. Umhverfisstofnun og Dýrfiskur ákváðu í sameiningu að færa einn punkt af fjórum sem afmarka eldissvæðið tæpa 200 metra lengra frá landi. - óká

# 900 hjúkrunarfræðingar gætu hætt næstu þrjú árin

Vinnumálastofnun bendir á að endurnýjun í heilbrigðisþjónustu geti orðið vandamál á næstu árum. Um 900 hjúkrunarfræðingar mega hætta störfum sökum aldurs 2015 til 2017. Gert ráð fyrir 400 til 500 nýjum á sama tíma. Þrjátíu prósent hjúkrunarfræðinga íhuga að flytja utan. Námsplássin verða alls 150 í haust.

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 900 hjúkrunarfræðingar mega hætta störfum sökum aldurs á næstu þremur árum. Á sama tíma er gert ráð fyrir að 400 til 500 hjúkrunarfræðingar útskrifist. Á þetta er meðal annars bent í nýrri skýrslu Vinnumálastofnunar um stöðu og horfur á vinnumarkaði 2015 til 2017.

Samkvæmt könnun sem Félag hjúkrunarfræðinga gerði í október í fyrra íhuga um 30 prósent hjúkrunarfræðinga að flytja af landi brott á næstu tveimur árum.

„80 prósent á aldrinum 24 til 34 ára hugleiða flutning af landi brott. 35 prósent af þeim sem eru 45 ára og eldri íhuga að flytja utan,“ segir Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Hann segir nauðsynlegt að hækka laun og fjölga námsplássum til þess að hægt verði að anna eftirspurn eftir hjúkrunarfræðingum á íslenskum hjúkrunarstofnunum. „Ef allir hætta sem mega og fjöldi flytur til útlanda blasir mikill vandi við. Það er nú þegar skortur á hjúkrunarfræðingum,“ tekur hann fram.

Helga Jónsdóttir, forseti Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands, segir námsplássin hafa verið 70 til 95 en undanfarin ár hafi um 70 útskrifast að meðaltali á hverju ári. Um 150 til 250 hafi reynt við samkeppnispróf við lok haustannar undanfarin ár. Inntöku í námið verður nú breytt með sérstöku aðgangsprófi, svokölluðu A-prófi, sem umsækjendur þreyta í mars og júní. „Plássin verða 100 í haust. Með þessu erum við meðal annars að reyna að koma til móts við þarfir. Okkur er vel ljóst að það vantar marga hjúkrunarfræðinga en fjárveitingar til deildarinnar hafa aldrei verið í samræmi við eðli námsins. Það hefur margsinnis verið bent á það í úttektarskýrslum.“

Umsækjendur um hjúkrunarnám við Háskólann á Akureyri munu ekki þreyta aðgangspróf í ár. „Þetta verður óbreytt að svo stöddu. Allir sem sem skrá sig og standast kröfur um inntöku geta hafið nám á haustmisseri og tekið samkeppnispróf í lok þess. Við höfum haft góða reynslu af slíku fyrirkomulagi. Við viljum gefa öllum tækifæri til að læra það sem þeir hafa áhuga á og sýna síðan kunnáttu sína,“ segir Sigfríður Inga Karlsdóttir, starfandi formaður hjúkrunarfræðideildar Háskólans á Akureyri. Hún getur þess að síðasta haust hafi 142 skráð sig í námið, 121 tekið öll samkeppnisprófin og 51 komist áfram. „Plássin eru 50 en það komst einn áfram til viðbótar vegna þess að tveir voru með sömu einkunn.“

Það er mat Sigfríðar að námsplássin þyrftu að vera fleiri. „Miðað við þær kröfur sem við gerum um klínískt nám á stofnunum getum við ekki tekið inn fleiri. Það hefur verið rætt um að nýta göngudeildarþjónustu í þessu samhengi. Það verður að vísu ekki næsta vetur en okkur dreymir um það.“ ibs@frettabladid.is



**HJÚKRUNARNÁM** Nemendur við hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri. MYND/HÁSKÓLINN Á AKUREYRI



**HELGA JÓNSDÓTTIR**



**ÓLAFUR G. SKÚLASON**



**SIGFRÍÐUR INGA KARLSDÓTTIR**




Um 400 flóttamenn drukknuðu í Miðjarðarhafinu þegar bát hvolfdi:

# SÞ hvetja til öflugri aðgerða

**ÍTALÍA** Óttast var að um 400 manns hefðu drukknað í gær út af ströndum Líbíu þegar skipi hvolfdi þar. Um borð voru hundruð flóttamanna, sem reyndu að komast ólöglega frá Afríku til Ítalíu.

Hundruð þúsunda manna hafa á síðustu árum reynt að komast yfir Miðjarðarhafið á bátum eða skipum í von um að komast inn fyrir landamæri Evrópusambandsins. Fjölmargir hafa látið lífið, þar af meira en 500 það sem af er þessu ári. Þetta er meiri fjöldi en nokkru sinni fyrr.

Federico Fossi, talsmaður Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna, segir nauðsynlegt að Evrópusambandið grípi til áhrifaríkari aðgerða til að tryggja öryggi fólks sem þarna hættir lífi sínu. Ekkert bendi til þess að í bráð muni draga úr flóttamannastraumnum þessa leið.

„Enn er fólk að flýja styrjaldir og ofsóknir í löndum á borð við Sýrland, eða alræðisstjórnir í löndum á borð við Erítreu,“ segir Fossi í viðtali við breska útvarpið BBC.

Fleiri mannréttindasamtök hafa skorað á Evrópusambandið að efna til markvissra björgunaraðgerða á Miðjarðarhafinu, frekar en að láta sér nægja reglubundið landamæraeftirlit á borð við það sem íslenska varðskipið Týr hefur tekið þátt í undanfarið. - gb



**KOMNIR Í LAND** Meira en 500 manns eru taldir hafa verið á bátnum sem hvolfdi, en einungis tókst að bjarga litlum hluta þeirra. NORDICPHOTOS/AFP

# Sumarið er komið í umferð hjá okkur!

## Nú er tími sumardekkjanna kominn

Við hvetjum bíleigendur til að fá aðstoð fagmanna okkar við val á dekkjum með rétta eiginleika, **- það er öruggast.**

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra. Við hjá Bílabúð Benna búum að áratuga reynslu og vitum að mikill munur er á gæðum og endingu þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.



Við erum á Facebook | Bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði | Nánari upplýsingar á benni.is | **Umboðsmenn um land allt**



PIRELLI — TOYO TIRES *driven to perform* — BFGoodrich Tires TAKE CONTROL — MAXXIS — INTERSTATE TIRES

**NESDEKK**

**Dekk, smur og smáviðgerðir**

| | | |
|---|---|---|
| Garðabæ | Lyngási 8 | S: 565 8600 |
| Reykjavík | Grjóthálsi 10 | S: 561 4210 |
| Reykjavík | Tangarhöfða 15 | S: 590 2080 |
| Reykjavík | Fiskislóð 30 | S: 561 4110 |
| Reykjanesbæ | Njarðarbraut 9 | S: 420 3333 |

www.nesdekk.is

**Bílabúð Benna**

**Dekkjaþjónusta**

Reykjavík Tangarhöfða 8 S: 590 2045

www.benni.is Þjónustuborð: 590 2000



## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hefur 100 króna gistináttaskattur skilað miklu frá 2012?
**2.** Hvar ætlar Jana Ármannsdóttir sjálfboðaliði að koma upp bókasafni?
**3.** Hvað voru gestir áhugaleikfélaga margir á síðasta ári?

**SVÖR:**
**1.** 670 milljónum.
**2.** Í Úganda.
**3.** 33 þúsund.

Afreksíþróttamaður prófar gervifætur hjá Össuri og stefnir á keppni á Ólympíumóti fatlaðra:

# Sagði lækninum að taka bara fæturna af

**FÓLK** Ólympíufarinn Rudy Garcia-Tolson er staddur hér á landi til að prófa gervilimi frá Össuri. Báða fæturna vantar á Rudy en þeir voru teknir af fyrir ofan hné þegar hann var barn.

„Ég fæddist með fætur en ég gat ekkert notað þá, þegar ég var fimm ára sagði ég lækninum að taka þá bara af, mig langaði að geta gengið og hlaupið eins og systkini mín," segir Rudy. Það var sannarlega rétt ákvörðun því Rudy stefnir nú að því að komast á Ólympíumót fatlaðra 2016 og keppa í bæði sundi og hlaupum. „Við erum að máta fætur og reyna að finna út hvernig ég get hlaupið sem hraðast."

Rudy hefur þrisvar áður tekið þátt á Ólympíumótinu. Hann vann gull í Peking árið 2008 og setti heimsmet í 200 metra sundi í London árið 2012. Þá hefur Rudy einnig keppt í þríþraut með leikaranum Robin Williams. „Robin hjólaði og ég synti," segir Rudy, en hann er talsmaður samtaka fatlaðra íþróttamanna (CAF) sem voru studd af leikaranum.

Rudy hefur ferðast um öll Bandaríkin og haldið fyrirlestra og sagt frá reynslu sinni sem fatlaður íþróttamaður. Hann hélt fyrirlestur hjá Íþróttafélagi fatlaðra á þriðjudaginn þar sem hann talaði við afrekshóp barna í sundi og frjálsum íþróttum. „Ég upplifi mig ekki fatlaðan þegar ég er að synda og hlaupa og vil koma því til skila til krakkanna." - sgg



**FÆTURNIR PRÓFAÐIR** Garcia-Tolson mátaði gervifætur hjá Össuri til að sjá með hverjum þeirra hann gæti hlaupið hraðast. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Afli í mars 192.000 tonn:

## Meira fiskaðist en á síðasta ári

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra fiskiskipa var tæp 192 þúsund tonn í mars, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofu Íslands. Aflinn er nærri 96 þúsund tonnum meiri en í mars 2014.

„Munar þar helst um aukinn loðnuafla, en 128 þúsund tonn veiddust af loðnu í mars samanborið við 36 þúsund tonn í mars 2014," segir á vef Hagstofunnar. „Botnfiskafli jókst um 3 þúsund tonn í marsmánuði eða um 6,5 prósent miðað við sama mánuð 2014." - óká




Öryggisráðið leggur til bann:

## Stöðva straum vopna til Jemen

**JEMEN** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti í fyrradag bann við innflutningi á vopnum til Houthi-uppreisnarhreyfingarinnar í Jemen.

Öll ríki Öryggisráðsins greiddu atkvæði með tillögunni nema Rússland sem sat hjá.

Vitaly Churkin, fastafulltrúi Rússlands í Öryggisráðinu, sagði í samtali við Al Jazeera að tillagan væri ekki í takt við vilja alþjóðasamfélagsins sem hefur kallað eftir friðsamlegum pólitískum lausnum.

Samantha Power, fulltrúi Bandaríkjanna í ráðinu, sagði að tillagan sýndi að Öryggisráðið væri tilbúið í aðgerðir gegn þeim sem grafa undan sáttaumleitunum í Jemen. - srs

Forinnritun 10. bekkinga:

## Kvennó, MH og Versló vinsælir

**MENNTUN** Forinnritun 10. bekkinga í framhaldsskóla lauk 10. apríl síðastliðinn. 3.824 nemendur skráðu sig og eru þá 88% allra 10. bekkinga búnir að velja sér framhaldsskóla. Þetta kemur fram á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Kvennaskólinn, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Verslunarskóli Íslands fengu flestar umsóknir í fyrsta val eða um 30 prósent þeirra nemenda sem sóttu um. Skólarnir þrír fengu allir fleiri umsóknir en þeir geta orðið við.

Niðurstöður forinnritunar eru með svipuðum hætti og frá því í fyrra en þá komust um 98 prósent nemenda í annan þeirra skóla sem þeir völdu sér. - srs






**VÖRUFLUTNINGASKIP** Innflutningur frá Kína dróst örlítið saman í fyrra. Leiða má að því líkur að einhverjir hafi haldið að sér höndum í kaupum á vörum þaðan í aðdraganda gildistöku fríverslunarsamnings um mitt árið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Minni útflutningur þrátt fyrir samning

Árið 2014 var verðmæti útflutnings landsins til Kína tæpum þriðjungi minna en 2013. Fríverslunarsamningur Íslands og Kína tók gildi um mitt síðasta ár. Innflutningur dróst líka lítillega saman, en eykst frá áramótum. Flutt út fyrir 4,8 milljarða.

**EFNAHAGSMÁL** Þrátt fyrir gildistöku fríverslunarsamnings við Kína um mitt síðasta ár dróst útflutningur landsins þangað saman um tæpan þriðjung milli áranna 2013 og 2014.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam virði útflutnings til Kína 7.020 milljónum króna árið 2013, en var 4.803 milljónir í fyrra. Verðmætið dregst saman um 31,6 prósent milli ára. Þá dregst innflutningur frá Kína líka lítillega saman á milli ára, eða um 1,9 prósent, fer úr 43.024 milljónum 2013 í 42.193 milljónir 2014.

Á vef Hagstofunnar er nýjasta vöruflokkagreining á útflutningi til Kína frá árinu 2012 þannig að ekki liggur fyrir hvaða útflutningur það er sem dregist hefur saman. Langlíklegast er þó að um sé að ræða sjávarfang af einhverju tagi en það er uppistaðan í vöruútflutningi til landsins. Í greiningu Hagstofu sést að 2012 voru sjávarafurðir 86 prósent útflutnings til Kína.

Nýjustu tölur Hagstofunnar um inn- og útflutning frá Kína benda til þess að enn halli á Ísland í viðskiptum landanna. Þannig er halli á vöruskiptajöfnuði landanna rúmum 397 milljónum króna meiri fyrstu tvo mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Sé einungis horft til útflutnings er verðmæti hans í janúar og febrúar 1,61 prósenti minni en í fyrra, fer úr 697 milljónum króna í tæpar 686 milljónir.

Á sama tíma eykst innflutningur frá Kína um 386 milljónir króna, fer úr rúmum 6.686 milljónum króna í rúmar 7.072 milljónir.

olikr@frettabladid.is

## Vöruskipti við Kína 2011 til 2015

| Ár | Verðmæti* | Breyting milli ára | Ár | Verðmæti* | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|---|---|
| **Innflutningur** | | | **Útflutningur** | | |
| 2011 | 32.137,7 | 23,1% | 2011 | 5.430,7 | 59,1% |
| 2012 | 39.067,8 | 21,6% | 2012 | 7.646,8 | 40,8% |
| 2013 | 43.023,8 | 10,1% | 2013 | 7.020,1 | -8,2% |
| 2014 | 42.193,1 | -1,9% | 2014 | 4.803,4 | -31,6% |
| 2015** | 7.072,4 | 5,77 | 2015** | 685,9 | -1,61 |

*Upphæðir í milljónum króna. **Miðað við fyrstu tvo mánuði ársins. *Heimild:Hagstofa Íslands*

## → Erfitt að meta reynsluna strax



**„Ég á þó von á því að til lengri tíma komi þessi samningur til með að efla viðskipti milli þessara landa.**

*Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.*

**Frosti Ólafsson**, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, segir erfitt að meta ávinning af fríverslunarsamningi Íslands við Kína þetta snemma. „Samningurinn tók gildi um mitt síðasta ár og því er reynslan af honum takmörkuð enn sem komið er." Fyrir fram segir Frosti að búast hefði mátt við að innflutningur myndi á fyrstu stigum aukast hraðar en útflutningur, enda taki lengri tíma fyrir íslensk fyrirtæki að skapa sér fótfestu á kínverskum mörkuðum en öfugt. Þetta megi einkum rekja til þeirrar staðreyndar að Íslendingar flytji mest inn af smásöluvörum frá Kína en meginuppistaðan í útflutningi okkar þangað séu sjávarafurðir.

„Ég á þó von á því að til lengri tíma komi þessi samningur til með að efla viðskipti milli þessara landa," segir Frosti og bendir á að hér sé enda eftirspurn eftir framleiðsluvörum á hagstæðu verði, eins og merkja megi á mikilli aukningu netverslunar frá Kína. „Á sama tíma er ótvírætt sóknarfæri fyrir íslensk matvæli á þeim gríðarstóra markaði sem Kína er."

Þá telur Frosti líklegt að viðskiptin fari vaxandi eftir því sem skilningur aukist á þeim tækifærum sem í samningnum felist. „Þar á ég til að mynda við hluti á borð við aukin aðfangakaup íslenskra framleiðenda frá Kína og mögulega sölu á sérhæfðri þjónustu frá Íslandi til Kína. Þekking á mörkuðum skiptir lykilmáli fyrir slíka þróun og líklega er hún fremur takmörkuð á báða bóga enn sem komið er."




# YVES SAINT LAURENT

## KYNNING Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG SMÁRALIND 16. – 22. APRÍL

### „BLUR" áhrif, það heitasta í förðunarheiminum í dag. Ekki dagkrem, ekki farði og miklu meira en bara primer.

Blur áhrif fullkomna húðina á nokkrum sekúndum. Virkar eins og instagram filter fyrir andlitið sem felur fínar línur, hrukkur, opnar húðholur og ójöfnur á yfirborði húðar og í litarhætti.



**Touche Éclat Blur Perfector** – Mjög létt formúla sem breytist úr kremi í púður við ásetningu. Jafnar áferð húðarinnar samstundis, hún virðist sléttari og opnar húðholur og fínar línur virðast hverfa.

Blur Perfector má nota í stað farða, til að fullkomna förðun eða til að lagfæra förðun af og til yfir daginn.



**20%** AFSLÁTTUR AF **YVES SAINT LAURENT** Á KYNNINGUNNI

**Touche Éclat Blur Primer** – Fyrsti fljótandi gel-undirfarðinn frá YSL sem gefur ljóma og hylur ójöfnur. Blur Primer má nota undir farða eða einan og sér til að jafna áferð húðarinnar.

**Touche Éclat söfnunarútgáfa 2015.**
Á hverju ári fæst Touche Éclat gullpenninn í nýjum búning í takmörkuðu magni. Kemur í litum 1 og 2.



**Pantaðu tíma í 30 mínútna förðunarráðgjöf þér að kostnaðarlausu meðan á kynningu stendur.**
Tímapantanir í síma 585-7900 milli 9 -12 virka daga.

Kaupauki fylgir með 2 eða fleiri vörum frá YSL meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*





Björgólfur Jóhannsson
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Göran Persson
Liv Bergþórsdóttir
Oddur Steinarsson
Hulda Sigríður Hreggviðsdóttir


Grímur Sæmundsen
Þóranna Jónsdóttir

ÁRSFUNDUR ATVINNULÍFSINS
Í HÖRPU – SILFURBERGI
Í DAG KL. 14-16

ÁVÖRP
**Björgólfur Jóhannsson**, formaður Samtaka atvinnulífsins
**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**, forsætisráðherra
**Göran Persson**, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar

RADDIR ATVINNULÍFSINS
**Liv Bergþórsdóttir**, forstjóri Nova
**Oddur Steinarsson**, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
**Hulda Sigríður Hreggviðsdóttir**, rannsóknir og þróun hjá Zymetech
**Grímur Sæmundsen**, forstjóri Bláa Lónsins og formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

**Fundarstjóri er Þóranna Jónsdóttir**, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík

Netagerð að loknum fundi kl. 16-17, tónlist og tilheyrandi.

Skráning á www.sa.is

SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


Yfirmaður NATO í heimsókn í boði forsætisráðherra:

# Stoltenberg fundar á Íslandi

**UTANRÍKISMÁL** Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, kemur til Íslands í dag í boði Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra. Stoltenberg mun eiga samtöl við forsætisráðherra, utanríkisráðherra og innanríkisráðherra, auk þess sem hann mun kynna sér varnartengda starfsemi Landhelgisgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og loftrýmisgæslu Bandaríkjanna undir merkjum Atlantshafsbandalagsins.

Einnig mun hann eiga fundi með forseta Alþingis og fulltrúum utanríkismálanefndar þingsins, sem og skoða varðskipið Þór. Þá mun Stoltenberg heimsækja Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. - fbj



**FRAMKVÆMDASTJÓRI** Jens Stoltenberg var forsætisráðherra Noregs áður en hann varð framkvæmdastjóri NATO.




**MARGARETHE VESTAGER** Samkeppnisstjóri Evrópusambandsins segir Google fá tækifæri til að sanna sakleysi sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Evrópusambandið rannsakar Google

Evrópusambandið segir Google misnota yfirburðastöðu sína á netinu með því að gera eigin söluvörum hærra undir höfði. Yfirmaður Google í Evrópu var spurður hvort hann liti stundum á sig sem Guð.

**BELGÍA** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið að hefja rannsókn á því hvort Google misnoti yfirburðastöðu sína með því að gera eigin söluvörum iðulega hærra undir höfði, þegar fólk leitar að tilteknum vörum.

„Google hefur nú tækifæri til að sannfæra framkvæmdastjórnina um hið gagnstæða,“ segir Margrethe Vestager, samkeppnisstjóri Evrópusambandsins. „Ef rannsóknin staðfestir hins vegar áhyggjur okkar, þá verður Google að taka hinum lagalegu afleiðingum og breyta viðskiptaháttum sínum í Evrópu.“

> **Ef rannsóknin staðfestir hins vegar áhyggjur okkar, þá verður Google að taka hinum lagalegu afleiðingum og breyta viðskiptaháttum sínum í Evrópu.**
>
> *Margarethe Vestager, samkeppnisstjóri Evrópusambandsins.*

Málið snýst um að Google býður fólki upp á þann möguleika, þegar leitað er að vörum á netinu, að bera saman sams konar vörur frá ólíkum verslunum. Þegar svo háttar til að Google hefur viðkomandi vörur til sölu þá er sá möguleiki iðulega efst á blaði í leitarniðurstöðunum, jafnvel þegar Google-kaupin yrðu ekki hagstæðust fyrir neytandann.

Þetta segir Vestager vera brot á samkeppnisreglum Evrópusambandsins. Hún tekur fram að engar athugasemdir séu gerðar við það að Google hafi þá yfirburðastöðu sem raun ber vitni, heldur einungis að Google misnoti sér þessa stöðu.

Google hafnar þessum ásökunum og segir í yfirlýsingu að allar fullyrðingar um að leitarvélar fyrirtækisins valdi neytendum skaða séu úr lausu lofti gripnar.

Svo vill til að í gær var Matt Brittin, yfirmaður Google í Evrópu, í viðtali sem birt var á vefsíðu danska dagblaðsins Politiken. Þar er fjallað vítt og breitt um þær gríðarlegu breytingar sem Google hefur haft í för með sér fyrir daglegt líf fólks víða um heim. Fyrirsjáanlegt er að Google muni halda áfram að breyta lífi fólks með tækninýjungum á markaðnum. Meðal annars séu í þróun hjá fyrirtækinu vélmenni, sjálfstýrðar bifreiðar, nýstárleg greiðslukerfi og gervigreindarbúnaður sem geti gjörbreytt lífsháttum fólks.

Brittin er því spurður hvort hann líti stundum á sjálfan sig sem Guð, og hlær hann þá dátt. „Aldeilis ekki,“ segir hann en bætir við að Google taki óspart þátt í þróun „fjölmargra nýjunga sem eru á kreiki í heiminum þessa dagana“.

gudsteinn@frettabladid.is

WWW.NISSAN.IS

NISSAN

Innovation that excites

# NÝR NISSAN X-TRAIL

## STÓRI BRÓÐIR NISSAN QASHQAI

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX




ENNEMM / SÍA / NM68133 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

### TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.



360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

## NISSAN HEFUR TEKIÐ FORSKOT

Nýju sportjepparnir frá Nissan hafa tekið forskot - því viðskiptavinir standast ekki glæsilegt útlit, ríkulegan búnað og hagstætt verð.

Við bjóðum ykkur velkomin að sjá og reynsluaka Nissan X-Trail og kynnast af eigin raun yfirburðum nýju sportjeppanna frá Nissan.

### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, SJSK., DÍSIL**
Framhjóladrifinn

**Verð: 5.490.000 kr.**

Eyðsla 5,1 l /100 km*

### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, BSK., DÍSIL**
Fjórhjóladrifinn

**Verð: 5.890.000 kr.**

Eyðsla 5,3 l /100 km*

**ACENTA** 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth
**Nissan Connect kerfi**: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

**bilaland.is**

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Nýskr. 01/15, ekinn 1 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 142816.

Frábært verð!
**10.490 þús.**



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Nýskr. 07/12, ekinn 101 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 7.490 þús.**
Rnr. 102455.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 32 þús. km.
dísil, beinskiptur.
**VERÐ kr. 3.990 þús.**
Rnr. 131315.



SUBARU FORESTER VISION
Nýskr. 02/13, ekinn 38 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 4.090 þús.**
Rnr. 142807.



MERCEDES BENZ GLK
Nýskr. 10/12, ekinn 27 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 7.390 þús.**
Rnr. 281928.



HYUNDAI ix35 COMFORT 4x4
Nýskr. 09/13, ekinn 13 þús. km.
dísil, beinskiptur.
**VERÐ kr. 5.090 þús.**
Rnr. 120622



BMW X5 xDrive 30d
Nýskr. 01/12, ekinn 81 þús. km.
Dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 9.900 þús.**
Rnr. 120533.

**bílaland**

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


Arnarlax skilar frummatsskýrslu á umverfisáhrifum framleiðsluaukningar:

# Fara úr þrjú þúsund tonnum í tíu

**LANDBÚNAÐUR** Arnarlax stefnir á að auka framleiðslu á laxi í sjókvíum í Arnarfirði um 7.000 tonn á ári. Fyrirtækið hefur skilað Skipulagsstofnun frummatsskýrslu á umhverfisáhrifum vegna þessa.

Við aukninguna ríflega þrefaldar Arnarlax framleiðslu sína, en fyrirtækið hefur nú heimild til 3.000 tonna framleiðslu á ári, en myndi eftir aukningu framleiða 10.000 tonn á ári.

Áhrif á rekstrartíma sjókvíaeldisins eru sögð staðbundin og talsvert neikvæð fyrir botndýralíf í næsta nágrenni við kvíar, en óveruleg til nokkuð neikvæð á ástand sjávar og á villta stofna laxfiska vegna eldislax og fóðrunar. Þá eru áhrif talin nokkuð neikvæð á ásýnd, fiskveiðar, fiskeldi og siglingar. „Áhrif eru metin óveruleg til nokkuð jákvæð á fugla í næsta nágrenni við kvíar og samgöngur og talsvert jákvæð á greinda þætti samfélags utan samgangna en óveruleg á alla aðra þætti,“ segir í útdrætti matsskýrslunnar. **- óká**



**ARNARFJÖRÐUR** Skila má til Skipulagsstofnunar athugasemdum við fyrirætlanir Arnarlax fyrir 26. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE



**SJÓELDISKVÍ** Kví sem þessi getur verið 30 til 35 metrar á dýpt. Laxinn leitar niður í kulda og í þessu tilviki þegar rafmagn leiddi í sjóinn. Vegna plássleysis rekst laxinn í nót kvíarinnar og sár koma undan. MYND/AQUALINE AS

# Slátruðu tugþúsundum laxa eftir óveður

Fjarðalax greip til þess ráðs að slátra tugþúsundum laxa úr sjókví í Patreksfirði á Vestfjörðum í janúar 2014. Eftir bilun í sjókví særðist fiskurinn svo honum var slátrað og fargað. Tjónið metur forstjóri Fjarðalax á um 100 milljónir króna.

**FISKELDI** „Þetta voru tugir þúsunda fiska og tjón upp á par hundrað milljónir,“ segir Einar Örn Ólafsson, forstjóri Fjarðalax, um tjón á stórri sjókví við Hlaðseyri í Patreksfirði í janúar 2014.



**GÍSLI JÓNSSON**

Greint er frá atvikinu í ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun þar sem því er lýst að eftir viðvarandi norðan storma í fleiri vikur hafi í einu áhlaupinu laskast rafmagnskassi á sjókvínni „sem að öllum líkindum hefur leitt til útleiðslu rafmagns í nánasta umhverfi og valdið mikilli streitu hjá fiskinum. Laxinn hópaðist niður á botn kvíarinnar og varð hluti hans fyrir nuddskaða sem leiddi til sáramyndunar og affalla. Brugðist var við með neyðarslátrun og þannig létt á kvínni.“

Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma, segir að nokkuð hafi sést á kviði fisksins og trjónu hans eftir nudd við nótina í kvínni, og bætir við að þegar nokkrir dagar líða frá atviki sem þessu þá sæki umhverfisbakteríur í skrámur fisksins og opin sár myndist. Til að forða því að svo færi var gripið til þess að slátra fisknum strax.

„Sá lax sem ekki var hæfur til manneldis var tekinn til hliðar og honum fargað. Í raun var létt á kvínni má segja, til að afstýra frekara tjóni – slátrun var hraðað enda fiskurinn kominn í sláturstærð,“ segir Gísli sem telur að úr kvínni hafi verið slátrað 40 til 50.000 löxum sem var um þriðjungur af því sem í kvínni var.

Gísli útskýrir að þegar sjávarhiti er mjög lágur þá leiti fiskurinn niður í kvína. Til að forða fiskunum frá frekari núningi við nótina í kvínni var ákveðið að fækka í henni svo færi betur um fiskinn við þau skilyrði sem þá voru, en kolvitlaust veður var á þeim tíma og sjávarhiti rúmlega ein gráða.

Spurður um þetta áfall og hvort tryggingar Fjarðalax hafi náð yfir tjón sem þetta segir Einar Örn í skriflegu svari: „Að einhverju leyti já, en frekar takmörkuð.“

Í kvíarnar á Hlaðseyri voru flutt seiði í júní 2012 og hófst slátrun úr kvíunum í lok sumars 2013 sem lauk svo sumarið 2014 og hafa sjókvíarnar staðið tómar síðan. Næsta kynslóð seiða hjá Fjarðalaxi mun fara í kvíarnar í Patreksfirði í júní í sumar.

svavar@frettabladid.is

Þrír ráðherrar voru viðstaddir 3.000. bæjarráðsfund Vestmannaeyjabæjar:

# Opna háskóladeild í Eyjum 2016

**STJÓRNSÝSLA** Þrír ráðherrar, þau Illugi Gunnarsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson, undirrituðu í gær, ásamt Hildi Sólveigu Sigurðardóttur, forseta bæjarstjórnar, viljayfirlýsingu um stofnun háskóladeildar í Vestmannaeyjum sem gæti hafið kennslu haustið 2016.

Undirritunin fór fram á hátíðarfundi bæjarráðs Vestmannaeyja, sem hélt sinn 3.000. fund. Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, var afar ánægður með fundinn. „Nú þegar störfum í sjávarútvegi er að fækka og afleiddum störfum vegna sjávarútvegs er að fjölga er afar mikilvægt að efla sjávarbyggðirnar með þessum hætti.“

Í bókun fundarins kemur fram að einn vandi sjávarbyggða er að afleidd störf á borð við rannsóknir og fræðslu, þróun, greiningu og sölumennsku, verða að mjög litlu leyti til í nábýli við greinina. Það skaði sjávarbyggðir, sjávarútvegsfyrirtæki og þar með landið allt. **-srs**




**RÁÐHERRAR OG FORSETI** Fjölgun afleiddra starfa kallar á meiri menntun. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

DEBENHAMS

# VOR ÚTSALAN

## SÍÐUSTU DAGAR!

# 50-70%

## AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

*Gerðu lífið skemmtilegra*

GILDIR ÚT MÁNUDAG

Finndu okkur á facebook

**OPIÐ TIL KL. 21:00 Í KVÖLD**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Nýjar kennsluaðferðir:

## Undan félagslega arfinum

Gera á tilraun með nýjum kennsluaðferðum í 500 grunnskólabekkjum næstu þrjú árin í Danmörku til þess að losa börn undan félagslega arfinum.

Vegna þessarar tilraunar hafa danskir vísindamenn kynnt sér niðurstöður 179 alþjóðlegra rannsókna til þess að komast að því hvaða aðferðir séu árangursríkastar fyrir nemendur sem eiga foreldra sem eingöngu hafa grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun. - ibs

Handþvottur er ein þýðingarmesta sýkingavörnin sem hægt er að beita:

# Minnkaðu hættuna á vorkvefi

Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós að því foreldrar og aðrir sér um hendur þegar barni hefur verið snýtt eða skipt hefur verið um bleiu á því er hægt að fækka veikindadögum talsvert. Gleymi foreldrarnir að þvo sér um hendur er líklegt að börnin læri það síður.

**Það er gott að gera það að reglu að þvo hendurnar**

1 Fyrir máltíðir
2 Eftir salernisferðir
3 Eftir að hafa skipt um bleiu á barni, hjálpað barni á salerni að snýtt því
4 Eftir meðhöndlun óhreins fatnaðar



**HANDÞVOTTUR** Bein og óbein snerting er algeng smitleið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Erfiðleikar í hjónabandi:

## Fái hjálp vegna samlífsvanda

Þeir sem eiga í hjónabandsörðugleikum eiga að fá sams konar hjálp frá hinu opinbera og einstaklingar sem þjást af andlegum og líkamlegum kvillum. Þetta er mat danskra sálfræðinga.

Hagfræðingur segir að virk ráðgjöf geti sparað samfélaginu milljarða danskra króna.

Í Noregi geta foreldrar barna undir 16 ára aldri fengið endurgjaldslausa ráðgjöf frá hinu opinbera. - ibs



**Á BÓKASAFNI** Heimsóknir á bókasöfn styðja börn í leik og námi.

Foreldravefur Reykjavíkur:

## Leiðir til að örva málþroska

Á foreldravefnum á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is, er bent á ýmsar leiðir til að örva málþroska og mál- og lesskilning barna. Á vefnum má lesa bæklinga fyrir foreldra um málþroska frá fæðingu og til miðstigs grunnskóla.

Bæklingarnir eru til á ýmsum öðrum tungumálum en íslensku á vef Árósaborgar og er slóð inn á þann vef á vefnum reykjavik.is.

Jafnframt er bent á ráð og viðfangsefni sem geta stuðlað að auknum áhuga og færni barna, einkum á aldrinum 5 til 9 ára, í stærðfræði og læsi.

Norska lýðheilsustofnunin:

## Reykur frá rafrettum skaðlegur umhverfinu

Þeir sem reykja rafrettur fá jafnmikið nikótín í sig og þeir sem reykja venjulegar sígarettur. Óbeinu áhrifin er einnig jafnmikil. Þetta kemur fram í skýrslu norsku lýðheilsustofnunarinnar sem unnin var fyrir heilbrigðisráðuneytið í Noregi.

Hættan á að fá ýmsar tegundir krabbameins af því að reykja rafrettur er þó minni en þegar venjulegar sígarettur eru reyktar. Ýmis hættuleg efni eru sögð vera í venjulegum tóbaksreyk. - ibs

# Íslensk börn kunna heiti hluta á ensku en ekki íslensku

Börn tala um og segja frá tölvuleikjum á ensku, segir Linda Björk Markúsardóttir, talmeina- og íslenskufræðingur. Íslensk tunga í hættu verði ekki fjármunum veitt í að efla stafræna stöðu hennar. Foreldrar beiti sér.

„Undanfarið hefur það færst í aukana að ég fái til mín alíslensk börn sem kunna ekki íslensku nema að litlu og yfirborðskenndu leyti. Þeim sýni ég myndir af algengum hlutum og bið þau að segja mér hvað þeir heita. Oft fæ ég svör á borð við: „Ég veit alveg hvað þetta er sko, ég bara kann þetta ekkert á íslensku.“

Þetta skrifaði Linda Björk Markúsardóttir, talmeina- og íslenskufræðingur, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í vikunni. Starf hennar sem talmeinafræðings felst, meðal annars, í því að meta orðaforða og málkunnáttu barna og unglinga.

Spurð um ástæðu vandans segir hún að sé ekki um eiginlega málþroskaröskun að ræða sé svarið við spurningunni einfalt. „Börn og unglingar lifa og hrærast í heimi rafrænna samskipta sem fara nánast öll fram á ensku. Tölvur og símar „tala“ mjög takmarkaða íslensku.“

Linda kveðst hafa orðið vör við vandann á sínu eigin heimili. „Sjálf er ég alin upp á heimili þar sem mikil rækt var lögð við íslensku. Pabbi var mikill bóka- og ljóðamaður og mamma krossgátukona. Ég hef lesið mikið fyrir börn mín en 11 ára sonur minn, sem er á kafi í tölvum, slettir ensku þegar hann er að segja mér frá atburðarás í tölvuleikjum. Ég fer þá í gegnum þetta með honum og bendi á hvað orðin heita á íslensku. Svo erum við líka með orðabanka ef hann skilur ekki erfið íslensk orð. Hugmyndina fékk ég þegar ég las bókina Amma biður að heilsa eftir Fredrik Backman. Þar er þýðing erfiðra orða skrifuð á blað og þau sett í krukku. Við höfum gert þetta á svipaðan hátt og búið til setningar með erfiðum orðum til að þetta festist frekar hjá honum.“

Talmeinafræðingurinn segir að nú sé bersýnilega að koma í ljós það sem Eiríkur Rögnvaldsson prófessor hafi bent á. „Hann hefur vakið athygli á mikilvægi uppbyggingar íslenskrar máltækni fyrir íslenska tungu þar sem hversdagslíf okkar verði sífellt fyrir meiri áhrifum af tölvustýrðum tækjum og að þróunin sé sú að hægt verði að stýra tækjunum með tungumálinu, það er með því að tala við þau. Það er hægt að tala við tækin á íslensku með talgreini sem Google á en hann svarar á ensku. Ekki er víst að Google haldi talgreininum við á íslensku. Þegar Eiríkur lýsti því yfir að raunveruleg hætta væri á að íslenska yrði ekki til eftir 100 ár og vísaði í skýrslu um stafræna stöðu íslenskunnar sem kom út 2012 hélt ég að þetta væri óþarfa væníssýki í honum. Ég var viss um að ekkert gæti grandað mínu ástkæra ylhýra. En þegar ég heyri son minn og félaga hans tala saman á ensku um tölvuleikina sem þeir eru í og verð vör við skort á þekkingu barna á þýðingu íslenskra orða sé ég betur að ekki er hægt að loka augunum fyrir hættunni verði ekkert að gert.“

Það er mat Lindu að foreldrar geti lagt sitt af mörkum með því að tala meira við börnin sín og lesa fyrir þau. „Við eigum það til sjálf að detta í tölvurnar og farsímana. En fyrst og fremst þurfum við að beita okkur fyrir því að auknum fjármunum verði veitt í að efla stafræna stöðu íslenskunnar.“

ibs@frettabladid.is



**ÍSLENSK TUNGA Í HÆTTU** „Börn og unglingar lifa og hrærast í heimi rafrænna samskipta sem fara nánast öll fram á ensku. Tölvur og símar „tala“ mjög takmarkaða íslensku,“ segir Linda Björk Markúsardóttir, talmeina- og íslenskufræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Niðurstöður rannsóknar á upplýsingum um heilsu Stokkhólmsbúa:

# Hollusta gegn bakverkjum

Með því að sleppa reykingum, drekka áfengi í hófi, hreyfa sig og borða nægilega af ávöxtum og grænmeti má draga úr verkjum í mjóbaki. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem nýlega var greint frá í vefritinu BMJ Open. Rannsóknin var byggð á heilsufarsupplýsingum um 9 þúsund einstaklinga á aldrinum 18 til 84 ára búsettra í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Samkvæmt gögnunum greindu 5 þúsund konur og 4 þúsund karlar frá því árið 2006 að þau væru af og til með bakverki. Af konunum sem enginn fyrrgreindra heilbrigðra lífsstílsþátta átti við var 21 prósent með langvarandi verki í mjóbaki fjórum árum seinna en 9 prósent af þeim sem fyrrgreindir þættir áttu við. Tilhneigingin var svipuð meðal karla en ekki var hægt að staðfesta samhengið með tölfræðilegum aðferðum. - ibs



**HOLLT MATARÆÐI** Þeir sem borða nægilega mikið af grænmeti og ávöxtum, hreyfa sig, drekka áfengi í hófi og reykja ekki fá síður langvarandi verki í mjóbakið. NORDICPHOTOS/GETTY

Markhönnun ehf

nettó
Kræsingar & kostakjör

# VELKOMIN

NETTÓ SÉR ALLT
**TVÖFALT & ÞREFALT**

3 FYRIR 2 · 2 FYRIR 1 · 3 FYRIR 2 · 2 FYRIR 1 · 3 FYRIR 2



**GRÍSAKÓTILETTUR**
BEINLAUST, HVÍTL/PIPAR
-31%
**1.788**
ÁÐUR 2.591 KR/KG

---

**KJÚKLINGABRINGUR**
DANSKAR - 900G
-21%
**1.391**
ÁÐUR 1.761 KR/PK

**3 FYRIR 2**
**COOP SALSA MED/HOT**
300 GR,
**279**
KR/STK

**3 FYRIR 2**
**COOP TORTILLUR**
8 STK/20CM Í PAKKA
**269**
KR/PK

**2 FYRIR 1**
**EGILS MIX**
0,5 L
**139**
KR/STK

**3 FYRIR 2**
**COOP ELDHÚSRÚLLUR**
4STK Í PAKKA
**759**
KR/PK

**COOP WCRÚLLUR**
8STK Í PAKKA
**938**
KR/PK

**3 FYRIR 2**
**PALMOL. SÁPA 500ML**
FYLLING, HVÍT/GUL
**394**
KR/STK

**4 FYRIR 3**
**COOP SMÁKÖKUR**
3 TEG. 150 GR
**205**
KR/PK

**3 FYRIR 2**
**ÓDÝRT ÍS 1 L**
SÚKKULAÐI/VANILLU
**383**
KR/PK

**3 FYRIR 2**
**COOP FROSIÐ BROKKÓLÍ EÐA BLÓMKÁL**
700-800 GR
**389**
KR/PK

**Tilboðin gilda 16. –19. apríl 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# SKRIFBORÐS STÓLAR

FRÁ FREMSTU FRAMLEIÐENDUM HEIMS



kusch co

**Verð 109.900 kr.**

Verð áður
149.900 kr.

## KUSCH - SAO PAULO

HermanMiller

AERON



**Verð 239.900 kr.**

Verð áður
299.900 kr.

HermanMiller

MIRRA



**Verð 189.900 kr.**

Verð áður
249.900 kr.

vitra.

ID mesh



**Verð 122.900 kr.**

Verð áður
154.900 kr.

Kinnarps

ESENCIA



**Verð 89.900 kr.**

Verð áður
119.900 kr.

Kinnarps

6242



**Verð 119.900 kr.**

Verð áður
159.900 kr.

HermanMiller

SAYL



**Verð 115.900 kr.**

Verð áður
149.900 kr.

# 20–27% afsláttur í apríl

Yfir 20 tegundir stóla á lager

5 ÁRA ÁBYRGÐ til 12 ÁRA ÁBYRGÐ

Wilkhahn



**Verð 234.900 kr.**
Verð áður 294.900 kr.

WILKHAHN - ON 175 / 7

DAUPHIN



**Verð 134.900 kr.**
Verð áður 184.900 kr.

DAUPHIN - SHAPE XTL

DAUPHIN



**Verð 124.900 kr.**
Verð áður 164.900 kr.

DAUPHIN - SHAPE XTL NETBAK

DAUPHIN



**Verð 89.900 kr.**
Verð áður 113.500 kr.

DAUPHIN - MY SELF

DAUPHIN



**Verð 59.900 kr.**
Verð áður 76.900 kr.

DAUPHIN - STRIKE

DAUPHIN



**Verð 55.900 kr.**
Verð áður 69.900 kr.

DAUPHIN - SYNC

DAUPHIN



**Verð 59.900 kr.**
Verð áður 78.945 kr.

DAUPHIN - TL168

NOWY STYL



**Verð 22.500 kr.**
Verð áður 28.555 kr.

NOWYSTYL - DEALER

KAB Seating



**Verð 174.900 kr.**
Verð áður 219.900 kr.

KAB SEATING - DIRECTOR

ÞINGSJÁ



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is
Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

# Stjórnarandstaðan í höftum vegna haftalosunar

Stjórnarandstaðan kvartaði sáran yfir því á mánudag að hvorugur oddvita stjórnarflokkanna léti sjá sig í fyrirspurnartíma, ótækt væri að geta ekki rætt yfirlýsingar forsætisráðherra um áætlun um losun gjaldeyrishafta. Það er satt og rétt að vissulega hefði verið betra að ráðherrarnir væru til staðar, raunar er sú ákvörðun að vera þar ekki sérkennileg. Skiptir þá litlu hvaða aðrir fundir voru í boði, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson leiða vinnuna og það er þeirra að ákveða hvenær nefndir og hópar funda um þau mál.

Það verður hins vegar ekki horft fram hjá því að stjórnarandstaðan er í þröngri stöðu þegar kemur að málefnum er varða losun hafta. Eða hvernig ætlar hún að finna sér vígstöðu í því máli? Með því að vera á móti haftalosun? Trauðla, en þá stendur eftir að vera á móti því hvernig það verður gert. Vissulega skiptir það höfuðmáli hvernig það verður gert, en það liggur ekki nákvæmlega fyrir núna. Það eina sem hefur kvisast út er að leggja eigi skatt á útflæði fjármagns, stöðugleikaskatt.

Og líkt og kom í ljós í umræðum á þingi á mánudag er það ekki ný hugmynd. Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði hvort ekki væri bara um að ræða útgönguskattinn sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur talaði fyrir. Líkt og áður segir á nákvæm útfærsla eftir að koma í ljós, en í grunninn er um þá aðgerð að ræða að nýta skattkerfið til að takmarka það krónumagn sem hætta er á að flæði úr landi. Ætlar stjórnarandstaðan að vera á móti því?

Þá stendur eftir gagnrýni á það að forsætisráðherra hafi tilkynnt um haftalosun á fundi framsóknarmanna og gagnrýni á að þingið hafi verið nægilega upplýst um málið. Það eru lítil atriði við hlið þess ávinnings sem vel heppnað afnám hafta hefur í för með sér.



➜ Vangaveltur um hvort stöðugleikaskattur sé útgönguskattur síðustu ríkisstjórnar lýsa ekki góðri vígstöðu.

AF ÞINGPÖLLUNUM
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

GJALLARHORNIÐ



**Eygló Harðardóttir**
**Um fundarstjórn forseta.**

„Þingmenn eru oft ósáttir við svör ráðherra, en þetta var samt sem áður svar. Ég verð að fá að beina ákveðinni spurningu til þingmannsins: Hver er ástæðan fyrir því að hún er svona ergileg? Getur fólk ekki samglaðst okkur framsóknarmönnum að hafa verið með gott, gleðilegt og árangursríkt flokksþing þar sem við samþykktum mörg góð mál? Mér finnst eiginlega skorta svolítið á gleðina hjá þingmönnum.“



**Björt Ólafsdóttir**
**Um náttúrupassa.**

„Málið er svo búið að það er algjörlega óundirbúið af hendi ráðherra. Það er þannig að óeining er um það þvert á flokka og ljóst er að atvinnuveganefnd mun ekki geta afgreitt málið frá sér af því að það er enginn sammála því. Hvað eigum við þá að gera? Svona er staðan. Ég vil segja það hér áður en þingi lýkur að ég mun vísa því algjörlega til föðurhúsanna þegar ferðamannastaðir verða farnir að láta á sjá af því að ekki er veitt fjármagn í uppbyggingu þeirra vegna þess að ferðamannapassinn svonefndi er ekki afgreiddur. Það er ekki vegna þess að stjórnarandstaðan standi sig ekki, það er (forseti hringir) vegna þess að meiri hlutinn kemur illa undirbúinn hingað inn í þingsal.“

# Plástur sem ekki losnar af

**Þingmenn ræddu enn á ný hvernig hátta beri viðræðum um aðild að Evrópusambandinu. Stjórnarandstaðan vill að þjóðin fái að kjósa um hvort viðræður hefjist á ný. Ekki eru allir stjórnarliðar fráhverfir þeirri hugmynd.**



**UTANRÍKISRÁÐHERRA** Gunnar Bragi Sveinsson var ekki viðstaddur umræðuna á þriðjudag. Honum gengur þó illa að losna við umræður um aðildarumsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hafi ríkisstjórnin vonast eftir því að með bréfi Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra til Evrópusambandsins, um að Ísland liti ekki lengur á sig sem aðildarríki, væri umræðum um ESB lokið í bili, er ljóst að sú von var á sandi reist. Allur þriðjudagurinn fór í umræður um tillögu stjórnarandstöðunnar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðnanna og með því fór einn af 19 þingfundardögum sem eftir eru á starfsáætlun þingsins í umræður um mál sem átti að vera lokið.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, mælti fyrir málinu. Þar gerði hún grein fyrir tillögunni:

„Okkar tillaga snýst hins vegar ekki um hvort taka eigi efnislega afstöðu til Evrópusambandsins eða ekki. Hún snýst um að við leitum leiðsagnar þjóðarinnar í þessu máli. Það má velta því fyrir sér í ljósi þess sem ég hef sagt að allt frá því að Ísland varð aðili að EES-samningnum má segja að spurningin um aðild að Evrópusambandinu hafi verið lifandi í íslenskum stjórnmálum, hún hefur verið umdeild og til umræðu reglulega og verður það líklega áfram. Það varð því niðurstaða mín og fjöldamargra annarra sem teljum að hagsmunum okkar sé betur borgið utan Evrópusambandsins en innan að réttast væri að fá einhvern botn í umræðuna, leiða málið til lykta, og besta leiðin til þess væri að fá þjóðina til þess að gefa upp afstöðu sína í atkvæðagreiðslu um samning.“

Líkt og við var að búast sköpuðust nokkrar umræður um málið, þannig er það alltaf þegar Evrópusambandið ber á góma. Í þeim kom ýmislegt athyglisvert fram, til að mynda bryndi Ragnheiður Ríkharðsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, þingmenn til dáða um að leita til þjóðarinnar.

„Mínar skoðanir eru ljósar í þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar eins og ég var árið 2009 að leggja eigi það til við þjóðina og leita leiðsagnar hennar í þessu stóra máli. Þess vegna fagna ég þeim sinnaskiptum sem hér hafa orðið og vonast til þess að umræður um þingsályktunartillöguna verði í þá veru að ræða það hvort þingheimur hefur kjark til að leita leiðsagnar þjóðarinnar eða hvort við ætlum að flækja þetta mál enn og aftur í viðjum flokka eins og við gerðum forðum.“

Sinnaskiptin sem Ragnheiður vísar til snúast um þá staðreynd að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur kaus að bera aðildarviðræður við Evrópusambandið ekki undir þjóðina í atkvæðagreiðslu árið 2009. Í þeirri stjórn sátu bæði Katrín og Árni Páll Árnason, sem er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins. Hann var þó fjarverandi á þriðjudaginn.

Katrín sagði það hafa verið mistök að fara ekki í slíka atkvæðagreiðslu.

„Eins og ég hef áður sagt hér í þessari pontu þá tel ég, eftir á að hyggja, að það hefði verið rétt að halda slíka þjóðaratkvæðagreiðslu áður en lagt var af stað í þetta ferli og ég er ekkert feimin að viðurkenna að maður getur lært ýmislegt af því að vera hér og taka þátt í stjórnmálum.“

> **… að ræða það hvort þingheimur hefur kjark til að leita leiðsagnar þjóðarinnar …**
> *Ragnheiður Ríkharðsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.*

Miðað við umræðurnar er morgunljóst að Evrópumálin eru ekki horfin, þrátt fyrir vilja ríkisstjórnarinnar þar um. Þau eru eins og plástur á fingri utanríkisráðherra sem ekki losnar af, sama hve mikið hann hristir sína fingur.

kolbeinn@frettabladid.is

Jóhanna M. Sigmundsdóttir spurði hvort hægt væri að koma í veg fyrir þrælkun, misnotkun og mansal:

# Ekkert eftirlit með misbeitingu au pair-fólks

Jóhanna Margrét Sigmundsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði Ólöfu Nordal innanríkisráðherra út í eftirlit með vistráðningum, eða ráðningum au pair eins og það er gjarnan kallað þar sem ungt fólk ræður sig til starfa við ýmis verkefni eða hjá fjölskyldum erlendis og dvelur þá hjá þeim, á Alþingi á mánudag.



Jóhanna sagði í nágrannalöndum okkar hafa komið upp mál er vörðuðu alvarleg brot á slíkum aðilum. „Þar er meðal annars verið að tala um misbeitingu þess valds sem ráðandi telur sig hafa yfir umsækjendum, misnotkun starfskrafta og þá þrælkun, misnotkun andlega og kynferðislega, jafnvel mansal og vændi. Þetta er helst í þeim tilfellum er ungar konur koma frá vanþróaðri og/eða fátækari löndum til Norðurlandanna.“

Jóhanna vildi vita hvernig eftirliti væri háttað með slíkum ráðningum og hvort fagaðilar héldu utan um þetta unga fólk. Þá spurði hún hvort ráðherra teldi núverandi kerfi og eftirlit koma í veg fyrir þrælkun, misnotkun á vinnutíma, andlega og/eða kynferðislega misnotkun á þessum einstaklingum.



Ólöf sagði ekki gert ráð fyrir sérstöku eftirliti af hálfu Útlendingastofnunar með þeim sem hingað koma til lands til vistráðningar. „Útlendingastofnun hefur þó í einstaka tilvikum vísað málum til lögreglu ef upp hefur komið grunur um annaðhvort misnotkun á au pair-leyfinu eða misnotkun á viðkomandi aðila sjálfum.“

Ólöf sagði það mat þeirra sem vinna að þessum málaflokki að núverandi reglur kæmu ekki nægilega vel í veg fyrir þrælkun, misnotkun og mansal. Hún lagði áherslu á að vinna við að endurskoða útlendingalögin stæði yfir, þar á meðal dvalarleyfi á grundvelli vistráðningar.

„Tilgangurinn er að bæta þetta umhverfi og gera það öruggara fyrir þá sem nýta þessi leyfi og skilvirkara á allan hátt,“ sagði Ólöf.

- fbj

# Landssöfnun Lions
## Rauða fjöðrin

17.-19. apríl 2015



## KAUPIÐ RAUÐU FJÖÐRINA TIL STYRKTAR LEIÐSÖGUHUNDAVERKEFNI BLINDRAFÉLAGSINS

Leiðsöguhundar eru mikilvæg hjálpartæki sem aðstoða blinda og sjónskerta einstaklinga við að komast leiðar sinnar á öruggan og sjálfstæðan hátt.

Félagsmenn Lions verða á ferðinni helgina **17.-19. apríl** með Rauðu fjöðrina til sölu.

Leggja má verkefninu lið með því að millifæra upphæð að eigin vali á reikning Lions: **0111-26-100230, kt. 640572-0869**.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímanúmer.

## SÖFNUNARSÍMAR

**904 1010** fyrir 1.000 kr. | **904 1030** fyrir 3.000 kr. | **904 1050** fyrir 5.000 kr.

Fjárhæð skuldfærist af símreikningi þegar hringt er í símanúmerið.

VERNDARI SÖFNUNARINNAR ER
HR. ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS

VIÐ LEGGJUM LIÐ | WWW.LIONS.IS

HELSTU STYRKTARAÐILAR RAUÐU FJAÐRARINNAR:

BLINDRAFÉLAGIÐ – Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi – Stofnað 1939
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga
SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR
BORGUN
EIMSKIP
Síminn
VERT

Viðskiptin 206 milljónir:

## Gengið nærri útboðsgenginu

Gengi bréfa í fasteignafélaginu Reitum er rétt við útboðsgengið. Í útboði á bréfum félagsins sem lauk 27. mars var 13,25 prósenta hlutur í félaginu seldur á meðalgenginu 63,9. Um 206 milljóna króna viðskipti voru með bréf félagsins í gær og var gengi bréfa við lokun markaða 63,8.

Útboð á bréfum í fasteignafélaginu Eik hefst á morgun og býður Arion banki 14 prósent, eða þriggja milljarða króna hlut, í félaginu. - jhh

Þjóðhagsráð myndi fylgjast með þróun efnahagsstærða og bregðast við aðsteðjandi vanda:

# SA vilja þjóðhagsráð um efnahagsmál

Samtök atvinnulífsins vilja að komið verði á fót sérstöku Þjóðhagsráði sem í eigi sæti oddvitar ríkisstjórnar á hverjum tíma, seðlabankastjóri og forsvarsmenn aðila vinnumarkaðar. Tillagan kemur fram í riti Samtaka atvinnulífsins, Gerum betur, sem gefið er út í tilefni af ársfundi SA.

Tillagan gerir ráð fyrir að Þjóðhagsráði verði falið með lögum að fylgjast með þróun efnahagsstærða og bregðast við aðsteðjandi vanda. Þannig væri tryggt að mikilvægustu aðilar að hagstjórninni vinni að sömu markmiðum og axli sameiginlega ábyrgð á efnahagslegum stöðugleika.

Ráðið hafi á sínum snærum hagfræðinga sem leggi sjálfstætt mat á þróun og horfur í efnahagslífinu og vinni úttekt á þróun ríkisfjármála, efnahagslegum forsendum kjarasamninga og framkvæmd þeirra ásamt skilvirkni peningastefnunnar.

Samkvæmt tillögunni kæmi ráðið saman 3-4 sinnum á ári og leggi formlegt mat á stöðu efnahagsmála hverju sinni og geri tillögur um nauðsynleg viðbrögð og úrbætur. Samtök atvinnulífsins telja að með þessu yrði brugðist við langvarandi efnahagslegum óstöðugleika sem þau telja að sé að mestu heimatilbúinn. - jhh




**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Samtök atvinnulífsins vilja að í Þjóðhagsráði sitji sérfræðingar sem geti metið stöðuna í efnahagslífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FERÐAMENN** Kreditkortavelta eykst stöðugt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

9% raunvöxtur kortaveltu:

## Einkaneysla mikil í ár

Útlit er fyrir að vöxtur einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi muni reynast nokkuð myndarlegur, þá einna helst vegna hraðari vaxtar einkaneyslu innanlands en verið hefur undanfarið.

Greining Íslandsbanka segir að nýbirtar kortaveltutölur Seðlabankans gefi sterka vísbendingu um þetta. Samkvæmt þeim nam raunvöxtur kortaveltu einstaklinga á milli ára alls 9,4% í mars.

Að vanda var vöxtur mikill í kortaveltu á erlendri grundu, en hann nam 17,2% að raunvirði milli ára. Á hinn bóginn var mun meiri vöxtur í kortaveltu einstaklinga innanlands í mars en verið hefur að jafnaði á síðustu árum, eða sem nemur um 8,4% að raunvirði. - jhh



**MICROSOFT** Flestir nýta sér eitthvað hugbúnað frá Microsoft. NORDICPHOTOS/GETTY

Microsoft er 40 ára í ár:

## Margir fá störf vegna Microsoft

Áætla má að rúmlega 2.000 manns hafi beina atvinnu hér á landi af Microsoft-hugbúnaðarlausnum, að mati Heimis Fannars Guðlaugssonar, framkvæmdastjóra Microsoft á Íslandi. Microsoft fagnar 40 ára afmæli fyrirtækisins nú í apríl, en það var stofnað árið 1975.

Heimir segist telja að upplýsingatæknin sé á ákveðnum tímamótum og Microsoft aftur að taka forystuna nú á 40 ára afmælinu. Kaup fyrirtækisins á farsímaarmi Nokia og sænska fyrirtækinu Majong sem framleiðir Minecraftleikinn hafa vakið mikla athygli. - jhh

**VIÐSKIPTI**

### xRM semur við Vodafone

xRM Software og Vodafone hafa undirritað samning um innleiðingu á viðskiptatengslakerfinu Microsoft Dynamics CRM. Kerfið mun halda utan um öll innri og ytri samskipti Vodafone sem snúa að þjónustu við viðskiptavini og sölu- og markaðsmálum. Innleiðingin, sem er mjög viðamikil, snertir flesta starfsmenn Vodafone hérlendis.

# 50 milljarðar fari í hlutabréf

Sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka telur að fjárfestingarþörf á íslenskum hlutabréfamarkaði í ár nemi yfir 50 milljörðum. Nýskráningar ættu að ganga vel. Hann telur að kjarasamningar muni lita markaðinn.

Fjárfestingarþörf á íslenskum hlutabréfamarkaði í ár gæti orðið rúmir 50 milljarðar króna. Þetta kom fram í máli Hrafns Steinarssonar, hjá Greiningardeild Arion banka, þegar hagspá Greiningardeildarinnar var kynnt í gær.

Hrafn bendir á að allt stefni í að arðgreiðslur skráðra félaga verði um 28 milljarðar í ár, en þær voru 20 milljarðar í fyrra. Hann býst við því að fjárfestar nýti það fé í endurfjárfestingar. Hrafn skoðaði líka flæði í verðbréfasjóði og segir að hvað það varðar sé sterkara innflæði í hlutabréfasjóði en skuldabréfasjóði. Hreint innflæði í hlutabréfasjóði nemi 10 milljörðum en skuldabréfasjóðir standi í stað.

„Svo búumst við við því að lífeyrissjóðir muni setja sextán milljarða í hlutabréf í ár," segir Hrafn og bætir því við að þetta séu þær forsendur sem Greiningardeildin gefi sér.

Hrafn segir að við vinnslu hagspárinnar hafi verið horft til þess að það væru kjaradeilur fram undan og vaxandi verðbólguáhyggjur. Greiningardeild geri því ráð fyrir að fjárfestar vilji löng verðtryggð skuldabréf en mögulega löng óverðtryggð líka.

„En þeir hafa viljað draga úr skuldabréfaeign og reyna að auka breiddina hlutabréfamegin," segir Hrafn. Hann telji því að nýskráningar henti lífeyrissjóðum vel.

„Það er tekið mjög vel í nýskráningar á markaði eins og er," segir Hrafn og bendir á að það hafi verið mikil eftirspurn eftir bréfum í útboði fasteignafélagsins Reita, þar sem 25,5 milljarða króna eftirspurn var eftir bréfum fyrir 6,4 milljarða. Nú fylgi hlutafjárútboð Eikar eftir í framhaldinu.




**FYRSTA SKRÁNINGIN Á ÁRINU** Tilboð fyrir 25,5 milljarða bárust í 6,4 milljarða hlut í Reitum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„En framboð og eftirspurn mætist alltaf á endanum, það er bara spurning hvert verðið verði," segir Hrafn. Hann telur því að það geti orðið þrýstingur upp á við á verði hlutabréfa.

„Sérstaklega gætu nýskráningarnar verið að verðleggjast á mjög góðu verði um þessar mundir. Svo er spurning hvernig eftirmarkaðurinn þróast eftir nýskráningarnar. Þá munu kjarasamningarnir auðvitað líka lita hlutabréfamarkaðinn. Menn munu setja hærri ávöxtunarkröfu á félögin og hann gæti átt dálítið erfitt þegar ólgan er á vinnumarkaði og óvissan fram undan. En eftirspurnin er fyrir hendi og nýskráningin held ég að gangi mjög vel," segir hann.

Hrafn segir að hvað eftirmarkaðinn varðar sé besta sviðsmyndin væntanlega sú ef það næðist þokkaleg lending í kjaramálum.

„Ef við myndum til dæmis ná að sleppa við stýrivaxtahækkanir þá gætum við séð hlutabréfamarkaðinn taka vel við sér seinni hluta ársins. En ef við dettum í þetta verðbólguskeið, miklar vaxtahækkanir, þá verður ábyggilega dálítið þungt í mönnum," segir hann.

Þrjár skráningar eru öruggar í ár, Reitir eru afstaðnir, Eik fylgir fast á eftir og svo hefur Orri Hauksson, forstjóri Símans, boðað að félagið verði skráð í haust. Að auki eru væntingar gerðar til þess að Advania og Skeljungur verði skráð en ekkert er öruggt í þeim efnum.



**„Svo búumst við við því að lífeyrissjóðir muni setja sextán milljarða í hlutabréf í ár.**

*Hrafn Steinarsson, Sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion.*

jonhakon@frettabladid.is

Tekjur Hafnarfjarðarbæjar námu tæpum 20 milljörðum árið 2014. Voru 400 milljónum yfir áætlun:

# Afkoman 200 milljónum undir áætlunum

Afkoma Hafnarfjarðarbæjar (A- og B-hluta) á síðasta ári fyrir óvenjulega liði var 210 milljónum lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Afgangur af rekstri var um 409 milljónir króna en áætlun gerði ráð fyrir rekstrarafgangi að fjárhæð 619 milljónir. Þetta frávik má rekja til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins, um 928 milljónir króna, sem er 515 milljónir umfram áætlun.

Í heild var afgangur af rekstri 76 milljónir króna en meðal óvenjulegra liða er gjaldfærsla vegna niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 5. mars 2015 um að sveitarfélaginu beri að greiða ríkinu fjármagnstekjuskatt auk vaxta vegna sölu á eignarhlut í HS Orku hf. á árinu 2008 að fjárhæð 333 milljónir króna.

**409**
milljóna króna afgangur varð af rekstri Hafnarfjarðarbæjar fyrir óvenjulega liði.

Þegar horft er einungis á A-hluta ársreikningsins er rekstrarniðurstaðan án óvenjulegra liða neikvæð um 159 milljónir króna án óvenjulegra liða en heildarrekstrarniðurstaðan er neikvæð um 492 milljónir.

Tekjur námu 19.648 milljónum króna sem er 418 milljónir umfram áætlun. Laun og launatengd gjöld eru stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins og námu 9.985 milljónum króna sem er 442 milljónum krónum meira en áætlun gerði ráð fyrir. - jhh



**BÆJARSTJÓRN** Guðlaug Kristjánsdóttir er forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


20% AFSLÁTTUR
AF BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM
GILDIR 16.–22. APRÍL
TREIA BORÐ m/stækkun,
Áður: 99.900,- NÚ: 79.920,-
Stærð: 170/220x106xH75,5 cm.
TREIA STÓLL
Áður: 17.990,- NÚ: 14.392,-
ANTON&BERGUR
EIKARSTÓLL
Áður: 15.990,-
NÚ 12.792,-
NAVELLI
STÓLL
Áður: 17.990,-
NÚ 14.392,-
20% AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR •
20%
STAKIR STÓLAR
LHUIS STÓLL
Dökkur/ljós
Áður: 35.900,-
NÚ 28.720,-
RÚSKINN STÓLL
Svartur/brúnn
Áður: 19.990,-
NÚ 15.992,-
XEUILLEY STÓLL
Dökkur/ljós
Áður: 19.990,-
NÚ 15.992,-
NÝJAR VÖRUR
WOOD BOX
cat treats
LOVE
OLD TIME
the
PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

Gerum betur, segja Samtök atvinnulífsins:

# Hollráð sem hlustandi er á

Samtök atvinnulífsins halda í dag ársfund sinn í Hörpu undir yfirskriftinni „gerum betur“. Í riti með sama heiti sem samtökin gefa út í dag er farið yfir nokkrar leiðir til að gera Ísland að „betri stað til að búa á, starfa og reka fyrirtæki“. Skemmst er frá því að segja að tillögur samtakanna virðast mestanpart bæði skynsamlegar og líklegar til að auka hagsæld bæði fólks og fyrirtækja.

Nefna má sem dæmi tillögu um „þjóðhagsráð“ þar sem oddvitar ríkisstjórnarinnar hverju sinni, seðlabankastjóri og forsvarsmenn aðila vinnumarkaðarins hittist reglulega til að stilla saman strengi. Þá er stungið upp á því að Seðlabankinn bæti við „plús“ í peningastefnuna „verðbólgumarkmið plús“ sem rætt hefur verið um að taki hér við eftir höft. Til að fá „verðbólgumarkmið plús plús“ á Seðlabankinn að beita sér gegn ósjálfbærri hækkun raungengis krónunnar. Örugglega skynsamlegt.



**Óli Kristján Ármannsson**

olikr@frettabladid.is

Önnur tillaga snýr að því hvernig auka megi árangur í stjórn ríkisfjármála með því að koma á „útgjaldareglu“ til viðbótar við fyrirhugaða afkomu- og skuldareglu sem nú bíður afgreiðslu Alþingis. Útgjaldareglan myndi binda árlegan nafnvöxt opinberra útgjalda og hjálpa til við að viðhalda stöðugleika í þensluástandi.

Stóru óvissuþættirnir í efnahagsmálum þjóðarinnar fá líka umfjöllun í ritinu, en það eru kjarasamningar og afnám gjaldeyrishaftanna. Vel má taka undir ákall samtakanna um umbætur að norrænni fyrirmynd til þess að hér hætti deilur á vinnumarkaði að ógna stöðugleika. Líklega getur gengið að koma slíku kerfi á í umhverfi þar sem aðrir ytri þættir ógna ekki stöðugleikanum, svona eins og verðsveiflur út af óstöðugum gjaldmiðli. Í höftum hefur nefnilega gengið ágætlega að viðhalda stöðugleika.

Í riti Samtaka atvinnulífsins er bent á að aðstæður til afnáms hafta gætu vart verið betri og verður að teljast líklegt að nú bresti á með stærri skrefum í þá átt. Á kynningu greiningardeildar Arion banka í gærmorgun voru líka rifjuð upp orð ráðamanna í þá veru. Á ársfundi Seðlabankans í marslok sagði seðlabankastjóri „hilla undir afgerandi skref“ og fjármálaráðherra talaði um stórar ákvarðanir á fyrri hluta þessa árs, 2015 yrði ár „aðgerða og lausna“ hvað gjaldeyrishöft varðaði. Svo sagði forsætisráðherra á flokksþingi Framsóknar um síðustu helgi ekki um annað að ræða en hrinda í framkvæmd losun hafta fyrir þinglok.

Samtök atvinnulífsins benda á að huga þurfi að heildarmyndinni: lausn snjóhengjunnar megi ekki raska efnahagslegum stöðugleika, innan lands og utan þarf trú á afnámsferlinu, og að setja þurfi hagsmuni lífeyrissjóðanna í forgang.

Þarna saknar maður einskis nema kannski að einhverju sé bætt við um að tryggja verði að allur almenningur beri ekki kostnað af afnáminu. Seint verður sátt um annan forsendubrest. Og hvers virði væri þá skuldaniðurfellingin? Mögulega fellur þessi árétting þó undir athugasemd samtakanna um að ekki megi raska efnahagslegum stöðugleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Bölvuð vandræði**

Vandræðin virðast loða við borgarstjórnarhóp framsóknarmanna þegar kemur að hatursfullum ummælum um múslima. Eftir óskýr ummæli framámanna í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna hefur flokkurinn sífellt þurft að sverja af sér útlendingahatur. Síðast í gær þurfti að funda og síðan leysa áheyrnarfulltrúa flokksins frá setu í hverfisráði eftir að hann hafði lýst því yfir á Facebook að „[a]llir múslimar eiga að vera sendir til síns heima til Sádí Arabíu“ og að „[E]ngum af þeim [múslimum] virðist vera treystandi, þeir eru til alls vísir“. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti flokksins, tekur sæti Rafns í ráðinu, sem þó var blessunarlega ekki mannréttindaráð í þetta skiptið.

**Almannatengsl 101**

Stjórnarmenn HB Granda ákváðu á aðalfundi að hækka greiðslur til sín um 33% á sama tíma og almennu launafólki er boðin hækkun upp á 3,5%. Þessi hækkun vekur hvað helst athygli vegna tímasetningarinnar, hún kemur beint ofan í ólgu á vinnumarkaði, líklega mestu verkfallahrinu í áratugi. Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði á Facebook að svona vinnubrögð kyntu undir reiðinni. „Þeir sem mest eiga raka til sín – hinir mega éta þau 3,5% sem úti frjósa. Hvers vegna fær fiskverkafólkið hjá HB Granda ekki 33% líka? Það hlýtur að verða krafan.“ Kröfuhafar föllnu bankanna mættu líklegast lána HB Granda eitthvað af almannatenglunum sem þeir hafa í vinnu hjá sér.





**Skattur á heimilin**

Ný skýrsla sýnir að sykurskatturinn sem vinstristjórnin setti á var gagnslaus sem neyslustýringartæki. Neysluvenjur landans á sykurvörum breyttust ekkert með álagningunni, þrátt fyrir að útsöluverðið hafi hækkað. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra segir flokk sinn hafa talað um skattlagningu á heimilin í umbúðum lýðheilsuátaks. „Það er því gott að hann heyrir nú söguna til, þremur milljörðum á ári var með því skilað til baka frá ríkinu til heimilanna,“ sagði Bjarni.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Land jafnra tækifæra?

SAMFÉLAG



**Páll Valur Björnsson**

þingmaður Bjartrar framtíðar

Þann 12. apríl sl. var víða um heim efnt til viðburða til þess að vekja athygli á þeim hörmulegum aðstæðum sem götubörn búa við. Enginn veit með vissu hversu mörg þau eru en Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, hefur áætlað að u.þ.b. 100 milljónir barna séu heimilislaus og búi á götunni. Ég nefni þetta til að minna okkur öll á þær miklu skyldur sem við höfum, sem íbúar í alþjóðasamfélaginu, við öll þessi fátæku og yfirgefnu börn.

Ég ætla þó aðallega að gera hér að umtalsefni þau íslensku börn sem standa illa vegna bágs efnahags foreldranna.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands bjuggu á árinu 2014 11,4% íslenskra barna á heimilum sem áttu mjög erfitt með að ná endum saman. 10% þeirra á heimilum undir lágtekjumörkum. Og 7,7% þeirra á heimilum sem skorti efnisleg gæði.

Á bak við þessar tölur eru afar mörg börn. Börn af holdi og blóði, stundum glöð og stundum leið og öll hafa þau sínar vonir og væntingar um að verða hitt og þetta þegar þau verða stór. Slökkviliðsmenn eða löggur eða læknar …

**Er Ísland land jafnra tækifæra fyrir börn?**

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar var tæpur þriðjungur barna á Íslandi ekki í reglulegu tómstundastarfi árið 2014 en

**➜ Á bak við þessar tölur eru afar mörg börn. Börn af holdi og blóði stundum glöð og stundum leið og öll hafa þau sínar vonir...**

árið 2009 var það hlutfall 14,3%.

Hversu mörg þeirra skyldu fara á mis við tómstundastarfið, sem margir félagar þeirra fá sem betur fer að njóta, vegna þess að það eru einfaldlega ekki til peningar á heimilinu þegar búið er að borga matar- og húsnæðisreikningana?

Og hversu mörg þessara barna skyldu eiga foreldra sem þurfa nú að berjast fyrir því að laun þeirra nái 300 þúsund krónum á mánuði?

**Á hvaða leið erum við eiginlega?**

Erum við að byggja hér upp samfélag þar sem virkilega er reynt að skapa börnunum jöfn tækifæri?

Ég held að langflestir Íslendingar vilji að það sé og verði forgangsverkefni í samfélaginu og í stjórnmálunum.

En erum við, fólkið í landinu og þá alveg sérstaklega við stjórnmálamennirnir, að svara því kalli?

Ég held að mjög stór hluti landsmanna telji svo alls ekki vera og ég er hreint ekki hissa á því.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Karelía

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Ég gleymi henni aldrei, ferðinni aftur heim. Lestin sniglaðist í vesturátt. Þegar hún nálgaðist landamærin, fleygði bandarískur ferðamaður húfunni sinni hátt upp í loftið eins og í geðshræringu og hrópaði: Sjáið þið muninn? Sjáið þið kýrnar? Hann tók eftir því eins og við hin, að beljurnar voru grindhoraðar og vansælar að sjá austan megin við gaddavírinn, en í góðum holdum og eftir því sællegar vestan megin. Annað var eftir þessu. Þetta voru landamæri Finnlands og Rússlands. Árið var 1982.

Á leiðinni heim frá Léníngrad til Helsinki höfðum við stanzað í Viborg, sem var fram að síðari heimsstyrjöldinni menningarhöfuðborg Finnlands og næststærsta borg landsins með 80.000 íbúa. Borgin hét þá Viipuri og var nú ekki nema svipur hjá sjón röskum 40 árum síðar. Niðurníðslan virtist alger. Puri eða pori þýðir borg eða kastali á finnsku, sbr. t.d. indversku borgaheitin Jaipur og Udaipur.

**Forsagan**

Vetrarstríðinu milli Finna og Rússa 1939-1940 lauk svo, að Rússar lögðu undir sig obbann af Karelíu við landamæri Rússlands. Hertekna svæðið nam 11% af flatarmáli Finnlands, þar á meðal Viborg, og 30% af atvinnutækjum landsins. Finnar héldu aðeins litlum hluta Karelíu eftir sín megin nyrra landamæra. Sú skipan hefur haldizt óbreytt æ síðan. Finnar neyddust til að greiða Rússum himinháar stríðsskaðabætur – fyrir að berjast gegn innrás Rússa.

Ætla mætti, að Rússar hefðu eftir 1991 séð ástæðu til að snúa við niðurníðslunni í Karelíu af völdum stjórnar kommúnista. En það varð ekki, öðru nær. Vinir mínir tveir, Emil Ems og Per Magnus Wijkman, fv. hagfræðingar hjá EFTA í Genf, fóru fyrir nokkru um Karelíu og birtu á vefnum myndskreytta frásögn af ferð sinni. Myndir þeirra og sögur vitna um seigdrepandi vanhirðu og eymd. Fólkið í Karelíu veit allt um umskiptin, sem átt hafa sér stað í Eystrasaltslöndunum, síðan þau losnuðu undan oki Sovétstjórnarinnar fyrir aldarfjórðungi. Í þeim hildarleik unnu Íslendingar sjaldgæft afrek á vettvangi heimsmálanna, þegar Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra gekk fram fyrir skjöldu á ögurstundu, fyrstur manna úr hópi utanríkisráðherra Nató-ríkja. Hann þorði.

Umskiptin við Eystrasalt voru pólitísk ekki síður en efnahagsleg. Þau fólu í sér aðild að ESB með upptöku evrunnar og öllu saman svo fljótt sem verða mátti ásamt aðild að Nató 2004. Höfuðborgirnar Tallinn, Ríga og Vilníus hafa nú yfirbragð stöndugra borga líkt og Moskva og Pétursborg, en þar strandar hliðstæðan. Munurinn á borg og sveit í Eystrasaltslöndunum er minni en í Rússlandi. Miklu hærra hlutfall mannfjöldans í Eistlandi, Lettlandi og Litháen býr í höfuðborgum landanna en nemur hlutdeild Moskvu og Pétursborgar í heildarmannfjölda Rússlands, enda er Rússland risavaxið. Lækkun olíuverðs um næstum helming frá í fyrra er búhnykkur við Eystrasalt, þar eð innflutt eldsneyti og önnur innflutt vara og þjónusta kostar nú miklu minna þar en áður, en hún er áfall fyrir Rússa. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Eystrasaltslöndunum þrem er nú kominn langt upp fyrir Rússland.

Fólkið í Karelíu hlýtur að spyrja sig: Hvers vegna megum við ekki losna líka? Pútín forseti Rússlands og hans menn skilja þetta. Þeir skekja vopn sín, hafa í hótunum við Eystrasaltslöndin og Danmörku og saka Finna að tilhæfulausu um að ráðgera kröfur um endurheimt Karelíu.

> Ætla mætti, að Rússar hefðu eftir 1991 séð ástæðu til að snúa við niðurníðslunni í Karelíu af völdum stjórnar kommúnista. En það varð ekki, öðru nær.

**Brúni herinn**

Um miðjan marz var haldinn fundur evrópskra þjóðernissinna í Pétursborg, áður Léníngrad, og sátu hann fulltrúar frá mörgum Evrópulöndum. Nick Griffin, fv. formaður Brezka þjóðarflokksins, rifjaði það upp í ræðu sinni, að Evrópuþjóðirnar – Bretar, Frakkar, Hollendingar, Portúgalar, Spánverjar, Þjóðverjar – hefðu skipzt á um að veita álfunni forustu. Og nú er röðin komin að Rússum, sagði hann og uppskar fagnaðarlæti viðstaddra. Ekki er vitað, hvort íslenzkir fulltrúar sátu fundinn. Mikið hlýtur þá suma að hafa langað til að fá að vera þar. „Ég styð tvo forseta: Pútín og Ólaf Ragnar Grímsson," sagði Guðni Ágústsson, formaður Orðunefndar, í útvarpi 14. nóvember sl.

Vladimir Pútín forseti ætlar að halda mikla hersýningu á Rauða torginu í Moskvu 9. maí nk. líkt og áður á þessum degi til að fagna 70 ára afmæli sigurs Rússa og bandamanna á nasistum í síðari heimsstyrjöldinni. Leiðtogar Norðurlanda og annarra Vestur-Evrópulanda auk Eystrasaltslandanna, Bandaríkjanna og Kanada hafa afþakkað boðið til að votta andúð sína á framferði Rússa í Úkraínu og víðar. Rússneska fréttastofan Tass hermir, að forseti Íslands hafi þegið boðið til Moskvu 9. maí ásamt leiðtogum Indlands, Kína, Norður-Kóreu, Serbíu, Svartfjallalands, Ungverjalands, Víetnams og nokkurra annarra landa.

# Lesblindir og A-prófið í Háskóla Íslands

MENNTUN
Karl Guðlaugsson
tannlæknir, MPM



Ég er menntaður tannlæknir frá HÍ og með meistarapróf í verkefnastjórnun, MPM, frá HR. Þótt ég hafi verið haldinn vægum prófakvíða allt mitt nám gekk mér samt vel í flestum prófum sem ég hef þreytt gegnum ævina, en þó fengið hærri einkunnir í þeim fögum sem ég var góður í og hafði áhuga á. Einhverra hluta vegna hef ég aldrei þolað gátur, „gildrur" í krossaprófum og orðaleiki. Meðan sumir vinir mínir gátu lesið þykka doðranta í æsku, lét ég mér nægja að lesa Tinna, Ástrík og Lukku-Láka! Um daginn reyndi ég að þreyta A-prófið svokallaða sem lagt er til grundvallar inntöku verðandi nemenda nokkurra deilda HÍ.

**Samræmd próf**

Í áratugi voru samræmd próf í grunnskólum lögð til grundvallar vali á nemendum í framhaldsskóla landsins. Samræmd próf eru enn við lýði í annarri mynd í grunnskólum landsins. Í samræmdum prófum er nemendum mismunað, enda koma krakkar sem eru dugleg í bóknámi betur út úr samræmdum prófum. Lesblindir sitja ekki við sama borð í samræmdum prófum, þótt leitast hafi verið við í seinni tíð að koma eitthvað til móts við þarfir þeirra. Ég hef oft spurt, hvernig getum við látið mann í hjólastól keppa í 100 metra hlaupi? Þeir eru líklega margir niðurbrotnu lesblindu námsmennirnir sem hafa komið heim með „lélegar" einkunnir samræmdra prófa í samanburði við þá sem háar einkunnir fengu og þurft uppbyggjandi faðmlag frá foreldrum og öðrum aðstandendum.

**Fjölgreindarkenning Gardners**

Enn er rifist um skilgreininguna „hvað er greind"? Í fjölgreindarkenningu Gardners er gert ráð fyrir a.m.k. 8 tegundum greindar. Johan Mayers og Peter Saloveys settu fram kenningu um tilfinningagreind sem Daniel Goleman vann síðan frekar með. Flest okkar geta verið sammála um að sumir eru sterkir í mannlegum samskiptum meðan aðrir þegja þunnu hljóði og forðast mannleg samskipti. Sumir eru góðir á bókina meðan aðrir sýna bóknámi minni áhuga. Sumir eru handlagnir og aðrir klaufskir. Sumir eru tónelskir meðan aðrir eru það ekki. Þetta er það skemmtilega við litróf mannlífsins, að engir tveir eru eins og þannig viljum við vonandi flest hafa það.

> ➜ Sumir eru góðir á bókina meðan aðrir sýna bóknámi minni áhuga. Sumir eru handlagnir og aðrir klaufskir. Sumir eru tónelskir meðan aðrir eru það ekki. Þetta er það skemmtilega við litróf mannlífsins, að engir tveir eru eins og þannig viljum við vonandi flest hafa það.

**Að steypa fólk í sama farið**

Að semja próf er list. A-prófið mælir ekki fjölmarga eiginleika sem hæfileikaríkt ungt fólk hefur í dag. A-prófið kemur eins og steintröll sem inntökuskilyrði í nokkrum deildum HÍ og minnir óþyrmilega á samræmd próf og rifjar upp „tossabekki" í gamalli fortíð. Það er ekki lesblindum eða fjölmörgu öðru hæfileikaríku fólki í hag að þreyta próf þar sem hæfileikar þeirra eiga ekki heima, þar sem tímaklukkan ræður hversu fljótur þú ert að leysa „krossgáturnar". Það verður aldrei Háskóla Íslands til sóma að velja nemendur eftir A-prófi. Til þess er A-prófið með alltof marga vankanta og hyglar þeim sem búa yfir ákveðinni tegund greindar.

# Ný framtíðarsýn í olíumálum

UMHVERFISMÁL
Óskar Steinn Ómarsson
stjórnarmaður í Ungum jafnaðarmönnum



Nýafstaðinn landsfundur Samfylkingarinnar samþykkti að frumkvæði Ungra jafnaðarmanna og með miklum meirihluta greiddra atkvæða framsæknustu umhverfisstefnu flokksins til þessa. Umhverfisstefnu sem hafnar áformum um vinnslu jarðefnaeldsneyta við Íslandsstrendur. Með þessu er flokkurinn kominn í fyrstu í umhverfismálum í íslenskum stjórnmálum og er fyrstur stjórnmálaflokka til að taka afgerandi afstöðu gegn olíuvinnslu á Drekasvæðinu.

Með samþykktinni er Samfylkingin ekki bara að taka afstöðu gegn olíuvinnslu. Hún er einnig að taka afstöðu gegn loftslagsbreytingum. Hún er að taka afstöðu gegn flóðum, þurrkum og ofsaveðrum og með fátæku fólki í þróunarlöndum sem glímir nú þegar við alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga. Hún er að taka afstöðu gegn einum skítugasta orkugjafa heims og með umhverfisvænum valkostum framtíðarinnar í orkumálum. Loks tekur hún afstöðu gegn auknum útblæstri gróðurhúsalofttegunda og með markmiði Sameinuðu þjóðanna um að halda hlýnun jarðar innan við +2°C.

Ætli heimsbyggðin að ná því markmiði – og forðast hörmulegustu afleiðingar loftslagsbreytinganna – þá verða tveir þriðjuhlutar þekktra jarðefnaeldsneyta að verða eftir í jörðinni. Þetta er staðreynd sem byggist á skýrslum sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál. Í ljósi þessa – og í ljósi alvarleika málsins ef ekkert verður að gert – hvað er þá olíuvinnsla á Drekasvæðinu annað en skilaboð til heimsbyggðarinnar um að Ísland, eitt efnaðasta ríki heims, ætli ekki að standa við sitt, ætli ekki að standa við markmiðin, ætli ekki að standa við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum?

Það getur ekki hvaða land sem er ákveðið að láta olíulindir sínar vera. Það er t.d. mun erfiðara fyrir Noreg, sem hefur framleitt olíu í yfir 40 ár, að segja allt í einu stopp. Efnahagur Noregs er það háður olíunni að stopp í olíuvinnslu þýddi algjört efnahagshrun. Skörp lækkun heimsmarkaðsverðs á olíu í vetur varð t.a.m. til þess að norska krónan hrundi. Þetta er vandamál sem Íslendingar þurfa ekki að glíma við – að minnsta kosti ekki á meðan við látum olíuna vera. Íslendingar eru því í fullkominni stöðu til að taka af skarið, vera öðrum ríkjum fyrirmynd og taka afgerandi afstöðu í loftslagsmálum. Að geyma olíuna á Drekasvæðinu gæti orðið stærsta einstaka aðgerð Íslendinga í þágu loftslagsins.




HNJÁHLÍFAR



HÁSINA- OG ÖKKLAHLÍFAR



OLNBOGAHLÍFAR

Íþróttastuðningshlífar

Mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic.
Vandaðar vörur á góðu verði.

Sporlastic vörurnar fást einnig í ýmsum apótekum.

FASTUS_H_28.04.15

SPORLASTIC

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# Um Ævar Jóhannesson

HEILBRIGÐISMÁL



**Guðríður Arnardóttir**
fv. bæjarfulltrúi í Kópavogi

Sif Sigmarsdóttir fjallaði í grein sinni fyrir stuttu um óhefðbundnar lækningar og líkir þeim sem þær stunda við níðinga. Óhefðbundnar lækningar ná yfir vítt svið og alls kyns kukl eins og ætluðum breytingum á erfðaefni og kosmískri orkutilfærslu yfir í náttúrulækningar. Sjálfsagt sjá einhverjir gróðavon í fárveiku fólki sem grípur hvert hálmstrá sem býðst en vonandi eru flestir vel meinandi sem raunverulega trúa á lækningamátt náttúrunnar.

Með grein sinni vegur Sif að æru Ævars Jóhannessonar sem er fyrir löngu orðinn landsþekktur fyrir lúpínuseyði sitt sem hann bruggaði til fjölda ára.

Ég var svo lánsöm að fá að fylgjast með Ævari í starfi þegar ég vann um tíma hjá Raunvísindastofnun Háskólans. Þar var Ævar í jarðfræðihúsinu með aðsetur. Hann var einstakur. Hann var ráðagóður og skemmtilegur, góðmenni og mannvinur. Hann gat lagað allt, ef tækið var ekki til þá smíðaði hann það – gömul og úrelt tæki lifðu áfram vegna þess að Ævar gat á einhvern óskiljanlegan máta blásið í þau lífi í hvert sinn sem eitthvað bilaði. Og samhliða öllu þessu fylgdi hann hugsjón sinni og sauð lúpínuseyði alla daga til að anna mikilli eftirspurn. Þá man ég einmitt eftir því að margir töldu lúpínuseyðið draga úr aukaverkunum vegna krabbameinsmeðferða og mögulega reynast gagnlegt í baráttunni við krabbamein. Og þó ekki væri nema

**➜ Og hvers vegna ætti lúpínuseyði ekki að hafa jákvæð áhrif á meðferð krabbameinssjúkra?**

vonin ein og trúin á lækningarmátt lúpínuseyðisins færði Ævar fjölda Íslendinga seyðið sitt og tók ekki krónu fyrir. Engan veit ég hafa fylgt köllun sinni af þvílíkri sannfæringu og Ævar. Og hvers vegna ætti lúpínuseyði ekki að hafa jákvæð áhrif á meðferð krabbameinssjúkra? Eitt algengasta lyfið við meðferð brjóstakrabbameina er unnið úr trjáberki og uppgötvaðist einmitt vegna þess að innfæddir í Suður-Ameríku brugguðu úr berkinum seyði.

Við hátíðlega athöfn árið 2010 heiðraði Kópavogsbær Ævar Jóhannesson fyrir ævistarf sitt. Undirrituð var þá formaður bæjarráðs og féll það í minn hlut að sýna Ævari þá virðingu og þann sóma sem í viðurkenningunni fólst. Í umsögn með viðurkenningu Kópavogsbæjar sagði meðal annars: „Með óeigingjörnu starfi sínu hefur Ævar auðgað samfélagið og gefið fjölmörgum einstaklingum styrk og kraft. Hann hefur nýtt náttúru Íslands á sjálfbæran hátt. Hann er frumkvöðull, mikill hugvitsmaður og mannvinur. Störf hans eru aðdáunarverð og hann er fyrirmynd í íslensku samfélagi.“ Að einhverjum skuli detta það í hug að kalla þennan öðling níðing er mér með öllu óskiljanlegt og algjörlega óafsakanlegt.

# Sama aðgengi, sameiginleg réttindi, líka fyrir ömmur

SAMFÉLAG



**Ellen Calmon**
formaður ÖBÍ

Enn gerist það að fatlað fólk þarf frá að hverfa vegna þess að mannvirki hafa ekki verið byggð með þarfir þess í huga. Það felur í sér að hluti þjóðarinnar getur ekki sótt þjónustu hjá hinu opinbera eða tekið þátt í menningarlífi til jafns við aðra. Húsnæði Umboðsmanns Alþingis er til að mynda óaðgengilegt hreyfihömluðu fólki og dæmi eru um að foreldar hafi ekki getað fylgt börnum sínum í félagsstarfi vegna hindrana.

Nútíma samfélag ætti að gera ráð fyrir öllum. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir að aðildarríkin eigi að sjá til þess að fötluðu fólki sé gert kleift að lifa sjálfstæðu lífi og í því felst að útrýma hindrunum sem hefta aðgengi. Það á við um byggingar og önnur mannvirki, samgöngur, upplýsingar, fræðslu og þjónustu.

### Aðgengileg mannvirki

Áður fyrr var lítill gaumur gefinn að sérþörfum fólks. Oft er talað um að erfitt sé að gera endurbætur á eldri byggingum sem auðvelda aðgengi fatlaðs fólks en í fjölmörgum tilfellum má nýta hugvitið og koma fyrir tækjum, brautum eða öðru efni sem auðveldar aðgengi. Nú hefur endurbætt byggingarreglugerð tekið gildi sem kveður á um algilda hönnun með aðgengi fyrir alla. Í henni felst meðal annars sú krafa að aðgengi fatlaðra einstaklinga sé tryggt að mannvirkjum sem ætluð eru almenningi. Í því felst til dæmis að rými þarf að vera nægjanlegt, merkingar greinilegar, góð litaskil og notkun á byggingarefnum sem ekki valda viðbrögðum hjá astma- eða ofnæmisjúklingum. Þetta hentar ekki síður ömmunni sem á erfitt með gang og getur nú notað göngugrind heima hjá sér eða hjólastól því rýmið er nægilegt til athafna með slíkum hjálpartækjum. Amman getur notið þess að vera heima hjá sér eins lengi og hún hefur heilsu til með heimaþjónustu.

### Hindrunarlaust samfélag hentar öllum

Milli 10 og 15% Íslendinga er fatlað fólk og öll eigum við aðstandendur sem þurfa sérstök úrræði vegna tálma í umhverfinu. Algild hönnun felur ekki aðeins í sér að frændinn sem notar hjólastól geti komist inn í bygginguna eða að amman sem á erfitt með gang geti ferðast með lyftu á milli hæða. Ef amman er orðin verulega sjónskert þá er mikilvægt að hnapparnir í lyftunni séu með upphleyptu letri svo að hún viti á hvaða hnapp hún eigi að styðja. Skýr litaskil, auðlesin skilti og leiðbeiningar gagnast ömmunni sem og svo mörgum öðrum.

### Réttindi geta verið hagkvæm

Sumir sjá ofsjónum yfir þeim kröfum sem nú eru gerðar til mannvirkja en þann 12. mars sl. í viðtali við Ölmu Ómarsdóttur á RÚV lét framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins hafa eftir sér að allur lúxusinn sem er í byggingarreglugerðinni standi í vegi fyrir byggingu smærri og ódýrari íbúða. Lúxusinn svokallaði er að veita líka þeim hópum sem upplifa hindranir greiðari aðgang að mannvirkjum. Það er enginn lúxus. Það verður að leita annarra lausna til að lækka kostnað en að skerða sjálfsögð réttindi fólks. Þá má ekki gleyma því að ef amman býr í aðgengilegu húsnæði þá getur hún búið lengur heima en ella. Amman keypti aðgengilegu íbúðina fyrir sína peninga sem hlýtur að vera hagkvæmara fyrir samfélagið heldur en að hið opinbera hafi þurft að byggja undir hana rými á hjúkrunarheimili. Öll þurfum við þak yfir höfuðið en það má ekki byggja á grunni mismununar. Við viljum byggja upp samfélag fyrir alla. Það á aldrei að gefa afslátt af mannréttindum, aldrei!

**➜ Öll þurfum við þak yfir höfuðið en það má ekki byggja á grunni mismununar. Við viljum byggja upp samfélag fyrir alla. Það á aldrei að gefa afslátt af mannréttindum, aldrei!**



# LENGI LIFI LESTUR!




**Í fangabúðum nazista**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




1.
Metsölulisti Eymundsson

**Viðrini veit ég mig vera**
Vildarverð: 3.999.-
Verð: 4.999.-




**Stúlkan með náðargjafirnar**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Ormstunga**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Vertu úlfur**
Vildarverð: 3.699.-
Verð: 3.999.-




**Gleymdu stúlkurnar**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Passíusálmar**
Vildarverð: 8.999.-
Verð: 9.899.-




**Krabbaveislan**
Vildarverð: 3.199.-
Verð: 3.499.-




**Eiturbyrlarinn ljúfi**
Vildarverð: 2.899.-
Verð: 3.199.-




**Ástin, drekinn og dauðinn**
Vildarverð: 3.699.-
Verð: 3.999.-




**Mamma, pabbi, barn**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Bylting - og hvað svo?**
Vildarverð: 3.699.-
Verð: 3.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda til og með 16. apríl til og með 19. apríl. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.




# NÝTT OG ENN BET

Við kynnum nýtt, stærra og enn betra **Ísland í dag**. Sindri, Edda Sif, Ásgeir og okkar allra besta dagskrárgerðarfólk fjallar um málefni líðandi stundar með góðum gestum alla virka daga. Heilbrigður lífsstíll, útivist, íþróttir, tækni og vísindi, viðskiptalífið, stjórnmálin, kynlíf og sambönd, matur og menning ásamt gersemum úr safni Stöðvar 2. Ísland í dag er allt þetta og svo miklu meira.

365.is | Sími 1817




# RA ÍSLAND Í DAG

Ekki missa af fjölbreyttri og vandaðri samfélagsumræðu
í Íslandi í dag **alla virka daga** á Stöð 2, beint á eftir fréttum kl. 18:55

365

# Vinátta og samtal

SAMFÉLAG



**Derya Özdilek**
í Félagi Horizon



**Sigurvin Lárus Jónsson**
prestur

Við sem skrifum þessa grein eigum margt sameiginlegt. Bæði vinnum við með börnum, við erum kennari og æskulýðsprestur, okkur eru trúarhefðir okkar kærar, við erum múslimi og kristinn, og við viljum að um trú okkar og hefðir sé rætt af sanngirni. Það á jafnt við um trúarbragðakennslu í skólum, í umfjöllun fjölmiðla og í almennri umræðu.

Það er sameiginleg sannfæring okkar trúarhefða að kærleikur liggi til grundvallar sköpuninni. Kærleikurinn er bjart ljós í myrkrinu og kraftur sem getur yfirstigið allar hindranir. Náungakærleikur og vinátta eru hugtök sem við öll skiljum. Við erum fædd í kærleika og án þeirra fordóma sem okkur lærast með tímanum. Fordómar byggjast á fáfræði, andúð og ótta við þau sem eru okkur ólík.

Lýðræðislegt samtal varðar leið okkar til vináttu og er öflug aðferð í baráttunni gegn fáfræði, andúð og fordómum. Lýðræði ætti ekki einungis að vera aðferðafræði stjórnmála, heldur einnig aðferðafræði til að koma á vitund um samfélag þar sem litróf einstaklinga fær að njóta sín til fulls. Það er dapurlegt hversu fordómum er oft leyft að hindra framgöngu vináttu og kærleika.

Norðurlöndin hafa á undanförnum misserum upplifað marga harmleiki, nú síðast í Kaupmannahöfn á viðburði í anda lýðræðislegs samtals sem bar yfirskriftina „List, guðlast og tjáningarfrelsi“. Þannig ofbeldisverk eru árás á grundvöll lýðræðisins sjálfs og eru með öllu óverjandi. Afleiðingar slíkra atburða eru að við erum sem samfélög meidd og hætt er við að andúð okkar og reiði birtist í auknum fordómum hvers í garð annars.

**Auðga heildina**

Í leit að nýrri fótfestu í samtali okkar um menningar- og trúarhefðir, viljum við leggja til að við lítum til þess umhverfis sem við búum börnum. Börn eiga rétt á því að á þau sé hlustað og að á þeim sé tekið mark, en ekki er brugðist við allri tjáningu þeirra með sama hætti. Þegar barn tjáir ótta, reiði eða sársauka, er því mætt með skilningi og fúsleika til að verða að gagni. Þegar barn sýnir eineltis- eða ofbeldistilburði gagnvart öðrum, þá er slík hegðun stöðvuð og þeirri tjáningu er ekki gefið rými í umræðunni. Markmið samtals og skoðanaskipta er að gefa börnum vettvang til að setja sig í spor annarra og til að stuðla að skilningi, samúð og samvinnu.

Gerðu ekki það við aðra, sem þú vilt ekki að aðrir geri við þig. Við getum í umræðunni tekist á og tjáð skoðanir okkar af eindrægni, en með því að jaðarsetja skoðanir eða hópa í umræðunni mun vandi okkar aukast. Fáfræði, andúð og fordómar munu ekki færa samfélagi okkar frið, heldur auka enn frekar á vandamál og ólgu heimsins.

Skilningur og fræðsla eru forsendur tjáningarfrelsis, frelsis til tjáningar sem krefst þess ekki að gert sé lítið úr öðrum. Virðing og umburðarlyndi eru aðalsmerki lýðræðislegs og skapandi samtals.

Við erum ólík, við greinarhöfundar og við sem saman myndum íslenskt samfélag. Þessari fjölbreytni ber að fagna og sérkenni okkar á sviði þjóðernis, menningar og trúarhefða eru mikilvæg framlög sem auðga heildina.

# Gott samstarf við ESB

EVRÓPUMÁL



**Haraldur Einarsson**
þingmaður Framsóknarflokksins

Sú stefna beggja stjórnarflokkanna að hag Íslands sé betur borgið utan ESB hefur verið skýr frá upphafi. Í samningaviðræðum stjórnarflokkanna á sínum tíma var sú ákvörðun tekin að halda ekki áfram aðildarviðræðum við ESB nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Ríkisstjórnin hefur lagt ríka áherslu á að ekki verði farið í slíkt ferli án aðkomu þjóðarinnar.

Ríkisstjórnin hefur fylgt þeirri stefnu sem kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum. Staðan á málinu er því skýr gagnvart ESB, aðildarríkjum þess og íslensku þjóðinni. Á fundum forsætisráðherra Íslands með forseta framkvæmdastjórnar ESB og forseta leiðtogaráðsins í júlí 2013 var þessi stefna ríkisstjórnarinnar útskýrð. Á þeim fundum kom skýrt fram að þessir tveir leiðtogar stofnana ESB myndu fagna skýrri stefnu Íslands varðandi aðildarferlið.

**Breytingar hér og hjá ESB**

Staðan hefur einfaldlega breyst mikið frá árinu 2009. Endurreisn efnahagslífsins hér á landi hefur vakið verðskuldaða athygli vítt og breitt um heiminn og við erum ánægð með þann stöðugleika sem hér er að myndast. Það endurspeglast í litlu atvinnuleysi, auknum kaupmætti og ágætum hagvexti. Í júlí 2014 tilkynnti Jean-Claude Juncker, þá nýkjörinn forseti framkvæmdastjórnar ESB, að gera ætti hlé á stækkun sambandsins næstu fimm árin. Talsmaður Juncker staðfesti síðar að Ísland væri á meðal þeirra landa sem Juncker ætti við. Það má því segja að viðræðunum hafi verið sjálfhætt á þeim tíma. Því miður virðast ýmis vandamál herja á aðildarríki ESB um þessar mundir sem endurspeglast svo í þessari ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB árið 2014 um að loka á alla stækkun ESB í nokkur ár.

**Mikilvægi góðs samstarfs**

Mikilvægt er að stuðla að áframhaldandi öflugum samskiptum við ESB á grundvelli EES-samningsins og hefur núverandi ríkisstjórn lagt mikla áherslu á slík samskipti milli ESB og Íslands. Á þetta lagði utanríkisráðherra einnig sérstaka áherslu á í bréfi sínu til ESB nýverið. Sérstaklega mikilvægt er að hlúa að EES-samningnum og efla þátttöku Íslands á vettvangi hans. Ríkisstjórnin gaf út Evrópustefnu í mars árið 2014 sem byggist á efldri hagsmunagæslu á vettvangi EES-samningsins og annarra gildandi samninga Íslands og ESB. Frá þeim tíma hefur verið unnið á grundvelli þeirrar stefnu. EES-samningurinn er mikilvægur fyrir útflutningshagsmuni Íslands, ekki síst sjávarútveg þar sem íslenskar afurðir eru í frjálsu flæði á evrópska efnahagssvæðinu. Huga þarf að virkni samningsins sem slíks og ekki síður að hagsmunum Íslands innan hans.

Það hefur gætt misskilnings í umræðunni og oft á tíðum rætt mjög einsleitt um málið. Framsóknarflokkurinn vill viðhalda góðu samstarfi við ESB og horfa víðar fyrir Ísland í alþjóðasamstarfi t.d. til nýmarkaðssvæða. Við erum hins vegar staðföst á þeirri skoðun að hagsmunum íslensku þjóðarinnar sé best borgið utan ESB. Ísland er land tækifæranna með ógrynni af auðlindum sem tryggja þarf að þjóðin njóti góðs af til lengri tíma.

# Útlensk matvæli og innlent kjaftæði

LANDBÚNAÐUR



**Guðjón Sigurbjartsson**
viðskiptafræðingur

Eru erlend matvæli óheilnæmari en innlend? Tryggir innflutningsverndin fæðuöryggi? Færi allur hagur af tollfrjálsum innflutningi í vasa kaupmanna? Þessu og fleira í sama dúr er haldið fram af sumum talsmanna bænda. Gæti verið að þetta sé bull, jafnvel rógburður hagsmunahóps?

**Lyfjanotkun**

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur fyrirbyggjandi gjöf sýklalyfja til dýra tíðkast í áratugi. Samkvæmt AHI (Dýraheilsustofnun BNA) næst við þetta 3% meiri framleiðni með meiri vaxtarhraða og minni afföllum vegna sjúkdóma. Ástæða aukins vaxtarhraða er að minna lifir af sníkjudýrum og örverum í meltingarvegi dýranna auk þess sem færri kljást við sjúkdóma. Talin er minni hætta á matareitrun hjá neytendum. Samanburðarannsóknir AHI sýna ekki aukið sýklalyfjaónæmi hjá fólki sem neytir afurðanna.

Evrópusambandið ákvað árið 2006 að láta fólk njóta vafans og bannaði notkun sýklalyfja sem vaxtarhvata, en þau eru að sjálfsögðu gefin dýrum þegar upp koma sjúkdómar. Notkun sýklalyfja í kjötframleiðslu er því álíka mikil á meginlandi Evrópu og hér. Samevrópskar reglur sem MAST gætir hér, er okkar gæðatrygging.

**Lífrænt ræktað – Bio Organic**

Í Evrópu, sérstaklega Þýskalandi, er mikið framboð af lífrænt ræktuðum landbúnaðarafurðum. Hægt er að fá lífræna mjólk, smjör, osta, egg, kjötmeti og fleira. Slíkar vörur kosta yfirleitt meira en hinar, en margir velja þær samt. Lítið framboð hefur verið af slíku hér en er þó að aukast.

**Velferð dýra**

Dýravelferð er lengra komin í Evrópu en hér, allavega hvað varðar svínarækt og varphænur. Hér viðgengst að afmarka gyltum mjög lítið svæði og takmarka hreyfimöguleika þeirra sem eru með nýfædda grísi hjá sér.

Hér eru varphænur víða hafðar í litlum búrum með lítið hreyfirými.

Í Evrópu hefur þetta verið bannað í mörg ár. Unnið er að innleiðingu reglugerða hér en breytingar kosta og útlit fyrir að þær muni taka mörg ár.

**Fæðuöryggi**

Því er haldið fram af hagsmunaaðilum að mikilvægt sé að vernda innlenda matvælaframleiðslu til að hún verði áfram til staðar ef vá ber að höndum og viðskipti teppast við útlönd. En matvælaframleiðsla er í dag háð innfluttri rekstrarvöru. Þótt innlend framleiðsla landbúnaðarafurða dragist saman við opnun, mun obbinn áfram verða til staðar. Svo höfum við fiskinn. Gott samt að hafa fyrirhyggju og tilbúnar áætlanir um neyðaraðgerðir ef til þarf að taka.

**Lífskjör og matvælakostnaður**

Láglaunafólk, öryrkjar, aldraðir, einstæðar mæður og fleiri hópar hafa lítið handa á milli. Tugir þúsunda rétt skrimta enda er þjóðarframleiðsla á mann 50% minni en hjá samanburðarlöndunum.

Leyfa verður tollfrjálsan innflutning matvæla og minnka styrki í áföngum niður í Evrópumeðaltal, hvort sem við göngum í Evrópusambandið eða ekki. Samkeppni á dagvörumarkaði tryggir að lægra innkaupsverð skilar sér til neytenda. Matarútgjöld heimila lækka og verðtryggð lán þar með.

**→ Afmarkaður hagsmunahópur bænda má ekki leyfa sér að blekkja neytendur og skattgreiðendur, sem kosta þeirra tilveru, með misvísandi upplýsingum …**

Á móti opnast risamarkaðir Evrópu fyrir okkar matvæli. Þróun verður í matvælavinnslu. Vörugæði batna. Nánast allir hagnast þegar upp er staðið.

**Sannleikurinn**

Talið er hollt að borða mikið grænmeti, lítið af feitu kjöti og ekki of mikið af sykri. Opnun á innflutning grænmetis fyrir nokkrum árum hefur aukið framboð og lækkað verð þess. Aukin neysla fituminna kjöts á kostnað feits kjöts er til bóta en margir ættu að draga úr kjötáti. Við fáum holl matvæli á sanngjörnu verði og styðjum við dýravelferð með því að opna á tollfrjálsan innflutning matvæla frá Evrópu.

Afmarkaður hagsmunahópur bænda má ekki leyfa sér að blekkja neytendur og skattgreiðendur, sem kosta þeirra tilveru, með misvísandi upplýsingum, m.ö.o. kjaftæði, um hollustu matvæla, matvælaöryggi, sviksemi kaupmanna o.s.frv. Allir ættu að vinna saman að því að auka hollustu matvæla og lækka matarútgjöld heimila með því að láta landbúnaðinn mæta samkeppni og takast á við nauðsynlegar breytingar. Samfélagið mun vilja hjálpa fólki í greininni að aðlagast og takast á við nýjar áskoranir.

# Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu, framhald

HEILBRIGÐISMÁL



**Birgir Guðjónsson**
sérfræðingur í lyflækningum og meltingarsjúkdómum

Ádeila á heilbrigðiskerfið getur orðið gagnrýnanda hættuleg og leitt til uppsagnar og útilokunar. Háttvirtur þingmaður Ögmundur Jónasson sýnir mér þá virðingu í Fréttablaðinu 25. mars að nefna nafn mitt þrisvar í athugasemdum sínum við reynslu mína og gagnrýni á heilbrigðiskerfið. Ég freistast því til að koma að nokkurri leiðréttingu við orð hans og árétta eigin upplifun.

Þingmaðurinn lýsir m.a. áhyggjum af fjármálum, þar mætti hann vera fróðari. Hann lýsir því yfir að sjálfur kjósi hann fremur að fá rannsóknir á opinberri stofnun en einkastofu. Þetta gæti átt við mikilvæga röntgen- eða sneiðmyndarannsókn. Ég hlýt að upplýsa hann að gjaldtakan væri sú sama hvort sem hann vildi bíða í 3 vikur á eigin áhættu eftir að fá rannsókn á opinberri stofnun eða strax á einkastofu.

Taxtar fyrir „ambulant“ (göngudeild eða stofu) rannsóknir þ.e. án legu á spítala eru samningsbundnir og þeir sömu hvort sem slík rannsókn er gerð á einkastofu eða opinberri stofnun.

Almennt virðast menn ekki átta sig á því hversu viðamikill einkarekstur er utan spítala, þ.e. sérfræðiþjónusta lyf- og skurðlækna, og hversu mikið þetta sparar ríkinu í byggingu og rekstri húsnæðis, tækjakosti og mannahaldi.

Þingmaðurinn vitnar í upplýsingar Rúnars Vilhjálmssonar og Ólafs Ólafssonar að utan, um ágæti opinberrar ambulant heilbrigðisþjónustu. Það má alltaf finna erlendar rannsóknir til að styðja hvaða málflutning sem er og að virða aðrar að vettugi.

Marga þætti má tilgreina sem gæði í heilsugæslu. Meginatriði mætti telja að læknirinn hafi getað með viðtali og skoðun fengið yfirlit yfir heilsufarssögu sjúklingsins og ættarsögu sem getur gefið mikilvægar vísbendingar um áhættuþætti, án flókinna rannsókna.

Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa, þ.e. heilsugæsla, er hér að mestu (enn!) opinber og stíft svæðisskipt. Ég minnist þess að þegar hún var stofnsett var einn læknir ráðinn en fimm starfsmanneskjur. Forystu veitti blálitaður pólitískur kommissar.

**Í molum**

Í Morgunblaðinu 27. og 29. mars sl. er vandamálunum vel lýst. Það er meira en mánaðarbið eftir að fá viðtal við lækni á tiltekinni heilsugæslustöð, auglýst hefur verið eftir læknum en enginn sækir um. Reyndur læknir lýsir vel vandkvæðum og óskum heimilislækna um smærri einingar og sjálfstæði í rekstri. Þrjátíu þúsund manns vantar fastan heimilislækni, um 50 lækna vantar í starfsgreinina. Það er útbreidd óánægja lykilstarfsmanna og neytenda með núverandi kerfi.

**→ Almennt virðast menn ekki átta sig á hversu viðamikill einkarekstur er utan spítala þ.e. sérfræðiþjónusta lyf- og skurðlækna og hversu mikið þetta sparar ríkinu...**

Sem sérfræðingur á stofu spyr ég þá sjúklinga sem til mín koma um hver sé heimilislæknir til að geta sent honum læknabréf. Tíð svör hafa verið; „ég hef engan, hann er hættur, hann flutti aftur til námslands síns, enginn hefur fengist í staðinn, ég flutti í annað hverfi (í Reykjavík) og þá má ég ekki leita til fyrri heilsugæslustöðvar og míns ágæta læknis þar og ég hef ekki fengið nýjan.“

Eftir rúmlega mánaðar bið að komast í viðtal hjá heimilislækni og síðan 3ja vikna bið í rannsókn eins og þingmaðurinn kýs er ekki víst að sjúklingurinn þurfi lengur á læknisþjónustu að halda, fremur jarðbundnara úrræði.

Rúnar og Ólafur geta örugglega fundið ráðgjafa sem blessa yfir þetta ástand en þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar stjórnmálamanna um ágæti heilbrigðisþjónustunnar er hún í molum.



## MERKISATBURÐIR

**1203** Filippus II Frakkakonungur sameinar Frakkland og Normandí.

**1915** Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélags Íslands og fyrsta vélknúna millilandaskip sem smíðað var fyrir Íslendinga, kemur til Reykjavíkur.

**1940** Margrét Þórhildur Danadrottning fæðist.

**1946** Sýrland hlýtur sjálfstæði.

**1951 Björgvin Halldórsson söngvari fæðist.**

**1954** AA-samtökin, landssamtök alkóhólista, eru stofnuð.

**1957** Bæjarráð Reykjavíkur samþykkir að friða Árbæ og næsta nágrenni hans og gera að almenningsgarði.

**ÞETTA GERÐIST** 16. APRÍL 1889

## Meistari þöglu myndanna fæddist

Breski leikarinn Charlie Chaplin fæddist á þessum degi árið 1889. Hann var gríðarlega þekktur fyrir leik sinn í þöglum myndum, en vakti einnig athygli fyrir leikstjórn, framleiðslu og skrif á handritum. Chaplin varð fljótt einn þekktasti skemmtikraftur heims og var sá fyrsti til að sameina grín og drama á hvíta tjaldinu. Ein þekktasta persóna hans var „umrenningurinn“ sem var heimilislaus maður með framkomu og mannasiði hefðarmanns. Hann gekk í kjólfatajakka og var útskeifur í of stórum skóm. Þekktustu einkenni persónunnar sem flestir kannast við voru kúluhatturinn, stafurinn og yfirvaraskeggið. Chaplin lék í fjölda mynda á ferli sínum en hann lést árið 1977, 88 ára að aldri.



# Opnari umræða um dauðann nauðsynleg

**Ráðstefnan Listin að deyja verður haldin í dag en tilgangur hennar er að aðstoða fólk að komast yfir ótta sinn við dauðann og opna umræðuna í samfélaginu.**

„Enginn veit hvenær síðasti dagurinn rennur upp, en margir óttast hann og því er nauðsynlegt að opna umræðuna um dauðann,“ segir Arndís Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, en hún er ein þeirra sem koma að ráðstefnunni Listin að deyja sem haldin verður í dag. Ráðstefnan fer fram í hátíðarsal Háskóla Íslands og er hlutverk hennar að stíga fyrstu skrefin í að opna umræðu um dauðann. Arndís segir fjölda manns koma að ráðstefnunni, en að henni standa Landspítalinn, Háskóli Íslands, Þjóðkirkjan auk Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og margra annarra félaga. Arndís er í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar og starfar sem sérfræðingur í líknarhjúkrun á Landspítalanum. Hún býður sig fram sem fulltrúi aðstandenda, en hún missti báða foreldra sína á síðastliðnu ári.

Hún leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að opna umræðuna um dauðann í samfélaginu. „Þetta getur reynst mörgum mjög erfitt því manneskjan vill forðast dauðann í lengstu lög og margir bera ótta í brjósti við að yfirgefa jarðvistina. Þetta getur valdið miklum erfileikum og þjáningum þegar fólk verður veikt eða dauðvona. Slíkt getur reynst fjölskyldunni enn erfiðara í sorginni. Því er nauðsynlegt að ræða óskir sínar og hvernig hafa á hlutina,“ segir Arndís og telur að opnari umræða muni hjálpa fólki að undirbúa og ganga frá sínum hlutum.

Peter Fenwick, prófessor emeritus í taugasálfræði, mun halda fyrirlestur á ráðstefnunni. Hann hefur stundað rannsóknir á upplifun fólks, virkni heilans og reynslu í aðdraganda andláts. „Þó rannsóknirnar séu á örlítið gráu svæði, þar sem erfitt er að hafa tvíblindar rannsóknir sem styðja kenningarnar, er hann mjög merkur og hefur verið lengi í sínu fagi,“ segir Arndís. Á ráðstefnunni mun Sveinn Kristjánsson kynna vefinn ævi.is. „Það er vefur sem er í vinnslu þar sem fólk getur haft sitt eigið svæði, talað til ástvina sinna og til dæmis deilt myndum,“ segir Arndís.

Pallborðsumræður munu svo fara fram þar sem Arndís, ásamt hópi fólks, mun sitja fyrir svörum. „Við reyndum að hafa aldursskiptingu sem breiðasta hjá þeim sem munu svara spurningum fólks úr salnum. Markmiðið með því er í grunninn að ná til fólks í samfélaginu og spegla ólík sjónarmið,“ segir Arndís. Ásamt Arndísi munu Andri Snær Magnason rithöfundur, Jón Ásgeir Kalmansson heimspekingur, Sólveig Birna Ólafsdóttir sálfræðinemi, Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur og Þórhildur Kristinsdóttir læknir sitja fyrir svörum. **- ag.**



> **„Þetta getur reynst mörgum mjög erfitt því manneskjan vill forðast dauðann í lengstu lög og margir bera ótta í brjósti við að yfirgefa jarðvistina.**

**FULLTRÚI AÐSTANDENDA** Arndís er hjúkrunarfræðingur og sérhæfir sig í líknarhjúkrun en er fulltrúi aðstandenda á ráðstefnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur,

**GUÐMUNDUR INGVI GESTSSON**
**Seljahlíð 13c, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 8. apríl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 27. apríl kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heimahlynningu á Akureyri njóta þess.

**Júlíana Helga Tryggvadóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLEY GUNNVÖR TÓMASDÓTTIR**
**Grænumörk 2a, Selfossi,**

verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 18. apríl kl. 13.30.

**Þórunn Elín Halldórsdóttir** **Finnbogi Birgisson**
**Hrafnhildur Halldórsdóttir** **Hersir Freyr Albertsson**
**Þorbjörg Hj. Halldórsdóttir** **Jón Lúðvíksson**
**Halldór Halldórsson** **Alfa Lára Guðmundsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN HJALTALÍN**
**Vanabyggð 1, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri, föstudaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 20. apríl kl. 14.00.

**Vaka Hrund Hjaltalín** **Guðmundur Magnússon**
**Friðrik Hjaltalín**
**Svava Þórhildur Hjaltalín**
**Ingvar Rafn Hjaltalín**
**Sunneva, Salóme, Sigrún, Unnur, Katrín Emelía Kolka og Matthildur Nína**

---

✝



Ástkær bróðir okkar,

**KETILL INGIMARSSON**
**vélvirki,**
**Hamraborg 20,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 28. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Inga Jóna Ingimarsdóttir**
**Oddbjörg Ingimarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



**STAÐALBÚNAÐUR FYRIR SUMARIÐ**
**Allir þurfa að eignast eins og einar espadrillur fyrir sumarið. Þær eru bæði til fyrir konur og karla og með því heitasta ef marka má tískublogg um allan heim.**


TÆKIFÆRISGJAFIR



TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955






hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahrafnhildi.is


# BER VIRÐINGU FYRIR JAKKANUM

**FLOTTUR STÍLL** *Það er til allt of mikið af fallegum skóm í þessum heimi að mati Guðbrands kaupmanns. Hann telur sig alltaf eiga skilið nýtt par af skóm.*

Guðbrandur kaupmaður reynir að láta það ekki verða að fullri vinnu að spegla sig. Hann byrjar daginn á því praktíska atriði að athuga veðrið og að því loknu veit hann nákvæmlega hvað hann getur leyft sér í klæðaburði. „Yfirleitt er ég búinn að ákveða allt áður en ég fer í nokkuð, enda margt sem þarf að fara saman og gott að hafa skýra mynd í kollinum svo maður þurfi ekki að máta sig áfram,“ segir hann brosandi.

**Hefurðu lengi pælt í tískunni?** Ég hef aldrei spáð mikið í tísku en alltaf verið meðvitaður um klæðaburð og þá sérstaklega eftir að ég hóf störf hjá Kormáki & Skildi. Ég spái nánast ekkert í hátísku en fylgist mjög vel með gömlum og rótgrónum fata- og skómerkjum sem leggja mikið upp úr vönduðum og klassískum vörum.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Bara nokkuð hversdagslega, yfirleitt í „chinos“ eða gallabuxur og nánast alltaf í skyrtu. Svo er ég mikið í tvídjakka ef það er kalt en hör- eða baðmullarjakka ef það er hlýtt. Ansi oft er ég svo í vaxjakka frá Barbour yfir, enda fáar flíkur jafn hentugar fyrir íslenska veðráttu. Ég nota mikið ameríska skó, uppháa frá Wolverine eða Chippewa. Á höfðinu er það svo sixpensari eða hattur en það fer eftir vindi. Ég reyni að forðast það að ganga með hatt ef vindhraði fer yfir fimm metra á sekúndu, enda getur það verið dýrt spaug ef hatturinn tekst á loft.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Í tvídjakkaföt (hörjakkaföt á sumrin), ljósa skyrtu, axlabönd og bindi. Svo er ég alltaf í klassískum leðurskóm frá Loake Shoemakers. Bretinn gerir bestu spariskóna.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Hann er mjög gamaldags, tímabilið 1900-1950 höfðar sérstaklega til mín. Ég horfi mikið á bíómyndir sem gerast á þeim tíma og oftar en ekki gleymi ég mér og klæðaburður leikaranna verður aðalatriðið.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Eins og gefur að skilja kaupi ég flest mín föt í Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar, enda úrvalið slíkt að ég þarf ekkert að leita annað.



**GAMALDAGS STÍLL** Guðbrandur kaupmaður er sérstaklega hrifinn af tískunni sem var í gangi á árunum 1900 til 1950. MYND/VILHELM


# SÓFADAGAR

NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM



INNOVATION

**Svefnsófi Cube 140 Deluxe**
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð kr. 199.000.-
Nú aðeins kr. 129.935
Einnig fáanlegur í 90 cm og 200 cm breidd

**Þægilegur svefnsófi m/tungu**
Stór rúmfatageymsla
Auðveldur í notkun
Stillanlegir höfuðpúðar
Þykkt gæðaleður
Stærð: Breidd: 244 cm
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm
Kynningarverð aðeins kr.
299.900



10-35% afsláttur af nokkrum eldri gerðum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.korter.is

GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum












**FLOTT** Töskur Michaels Kors eru fáanlegar með mismunandi útliti, stórar og smáar.
MYND/FACEBOOK

# MICHAEL KORS ER FALLANDI STJARNA

***VINSÆLL** Margar íslenskar konur elska og dá tískuhönnuðinn Michael Kors. Handtöskur hans eru gríðarlega vinsælar hér á landi sem annars staðar í veröldinni. Tímaritið Business Insider segir að Kors hafi misst kúlið vegna offramleiðslu á töskum sem séu komnar í almenna eigu.*

Handtöskur Michaels Kors fara ekki fram hjá neinum svo áberandi er nafn hönnuðarins framan á þeim. Þá hangir gullmerki með stöfunum MK utan á töskunum. Þær eru gríðarlega vinsælar um allan heim en vegna þess hefur Kors fallið í áliti hjá tískusérfræðingum. Robin Lewis, þekktur bandarískur markaðssérfræðingur, segir að þegar vara sé orðin svona útbreidd, eins og töskur Michaels Kors, sé það „koss dauðans“.

Lewis segir að Michael Kors sé nú eins og Tommy Hilfiger hafi verið þegar hann náði hámarki á ferli sínum í lok 1990. Gengi hlutabréfa í Kors hefur lækkað um 37% og Morgan Stanley-bankinn hefur tekið fyrirtækið út af lista yfir góðan kost til að fjárfesta í.

Lewis segir að þar sem Michael Kors-vörur séu komnar í almenna eigu missi fólk áhuga á þeim, sérstaklega ungt fólk sem vill fylgja nýjustu tískustraumum. „Þegar kona kaupir sér dýrt veski vill hún ekki sjá aðra hverja manneskju með eins tösku í höndum. Þá verða aðdáendur hönnuðarins pirraðir og gefast upp á honum.“

Töskur Kors eru virkilega fallegar og falla mörgum konum í geð. Það þykir hins vegar ekki gott að selja of mikið af sömu vöru í tískubransanum. Fólk sem kaupir dýrar hönnunarvörur vill ekki fjöldaframleiðslu.



**VINSÆLAR** Þetta útlit er áberandi í hönnun Michaels Kors og hefur verið sérstaklega vinsælt. Þess vegna eru vinsældir hönnuðarins að dala.
MYND/FACEBOOK

Michael Kors hefur framleitt svo mikið af töskum að nú er hægt að fá þær í svokölluðum outlet-búðum. „Konur kaupa ekki handtösku fyrir 40 þúsund krónur þegar þær geta fengið sömu vöru á hálfvirði í outlet-búð,“ segir markaðssérfræðingurinn.

---

▶ **Eyðir þú miklu í föt?** Ég eyði að ég held eðlilega í föt. Allavega minna en ég eyði í húsnæði en meira en ég eyði í bíl.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Þessu er erfitt að svara og margt sem kemur til greina. Held samt að ég verði að segja hamp-jakkinn minn frá Hansen Garments. Hann er frábær hvunndagsjakki og ágætur á tyllidögum. Hann er vinur minn og ég ber virðingu fyrir honum.

**Uppáhaldshönnuður?** Stofnandi og hönnuður Hansen Garments, hin norska Åse Helena Hansen, er í miklu uppáhaldi hjá mér.

**Bestu kaupin?** Ætli bestu kaupin séu ekki fyrsta Filson-taskan mín. Það eru aðallega tvær ástæður fyrir því. Sú fyrri er að ég kynntist Filson ekki almennilega fyrr en ég eignaðist töskuna og í kjölfarið hef ég bætt verulega við safnið. Hin ástæðan er sú að töskurnar eru lífstíðareign sem erfast kynslóða á milli.

**Verstu kaupin?** Verstu kaupin eru án efa skór sem ég keypti í Stokkhólmi fyrir nokkrum árum. Ég sá skópar sem mig langaði í en ákvað að kaupa aðra skó sem voru ódýrari. Ég notaði þá þrisvar og losaði mig svo við þá því ég vildi ekki hafa þá á heimilinu. Þeir minntu mig alltaf á skóna sem ég keypti ekki. Þetta kenndi mér samt það að verðið má aldrei ráða för og nú fæ ég mér það sem ég vil, þó ég þurfi að safna aðeins fyrir því.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir vorið/sumarið?** Það verður eitthvað um hörskyrtur og hörjakka. Ég hef líka augastað á dýrindis baðmullarvesti frá hinum sænska Claes Göran.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Kannski á ég mér enga sérstaka fyrirmynd en mér finnst gaman að fylgjast með Nick Wooster sem er sennilega best klæddi karlmaður sem ég veit af. Svo er Ragnar Kjartansson, myndlistarmaður og fyrrverandi verslunarstjóri Herrafataverzlunar Kormáks & Skjaldar, alltaf óaðfinnanlega klæddur.




Fylgstu með á facebook-Lindex Iceland
LINDEX
BEAUTY
Komið í verslanir



Gallabuxur

Verð 11.990 kr.

Einn litur
Stærð 34 - 46

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516 Kíkið á myndir og verð á Facebook


# ÁREYNSLULAUST EN ÚTPÆLT

**KLASSÍK** *Til að tolla örugglega í tískunni er ráð að verða sér úti um rifnar gallabuxur, víðan stuttermabol eða skyrtu og stóra handtösku.*

Það er fátt klassískara en gallabuxur og hvítur bolur en þó eru ýmis tilbrigði til og að undanförnu hefur yfirbragðið verið frjálslegra en oft áður. Bolirnir hafa víkkað og buxurnar eru sjúskaðri. Þó að stíllinn eigi að virka áreynslulaus þýðir það ekki að hann sé ekki úthugsaður. Sé fötunum raðað saman hugsunarlaust getur það auðveldlega orðið klúðurslegt og hreinlega lummó. Eins og meðfylgjandi myndir sýna er efri parturinn yfirleitt hvítur eða grár og er lykilatriði að girða hann til hálfs ofan í buxurnar. Þó hann sé víður þarf samt að vera á honum kvenlegt snið. Buxurnar eiga helst að vera rifnar við hné en sumar eru þó rifnar alveg upp á mið læri. Við þetta ganga bæði strigaskór og hælar.

Til gamans má geta þess að samkvæmt könnun sem tímaritið Glamour gerði fyrir nokkrum árum þykir karlmönnum konur taka sig best út í gallabuxum og einföldum bol. Það þarf því ekki alltaf að leita langt yfir skammt.



HILARY DUFF

AMANDA SEYFRIED


23%

Þér er boðið í afmæli!

Við eigum 23 ára afmæli og bjóðum því **23% afslátt** af öllu í Sigurboganum

Dagana 16 - 18. apríl 2015






Max Mara dagar



15-50%
afsláttur
af vörum
frá Max Mara

Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Fylgist með okkur á
WEEKEND MaxMara
PENNYBLACK
MARINA RINALDI
MaxMara
persona




## KONUNGLEGT BRÚÐKAUP

Það verður konunglegt brúðkaup í Svíþjóð í sumar þegar Karl Filippus prins og Sofia Hellqvist ganga í það heilaga. Brúðkaupið fer fram 13. júní í Slottskyrkan í Stokkhólmi. Þar sem ekki er um krónprinsbrúðkaup að ræða er gestalistinn smærri í sniðum. Boðskortin hafa þegar verið send út. Sofia og Karl Filippus opinberuðu trúlofun sína í fyrrasumar. Sofia er ekki af konunglegum ættum, heldur komin af verkafólki aftur í ættir. Hún er uppalin í Älvdalen í Dölunum í Svíþjóð.

Verðandi prinsessan fæddist 6. desember 1984. Hún er þekkt í Svíþjóð sem fyrirsæta og að hafa komið fram í raunveruleikaþáttum í sjónvarpi. Parið hefur verið í sambandi frá árinu 2010. Prinsinn er fæddur 13. maí 1979 og er eini sonur sænsku konungshjónanna. Það er hins vegar eldri systir hans, Viktoría, sem erfir krúnuna. Lögum þess efnis var breytt stuttu eftir að Karl Filippus fæddist en áður höfðu aðeins drengir rétt til krúnunnar.




# BIOTHERM KYNNING

## Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI

### FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS




**HVAÐA AQUASOURCE KREM HENTAR ÞÉR?**

Sérfræðingar frá Biothem veita faglega ráðgjöf og kynna ný og endurbætt AQUASOURCE rakakrem og nýtt augnkrem. Komdu og fáðu leiðbeiningar og prufu af kremi sem hentar þinni húð. Við höfum svör fyrir allar húðgerðir.

Glæsilegir kaupaukar að hætti BIOTHERM þegar keyptar eru vörur fyrir 6.900 eða meira (eftir afslátt).

**NÝTT „MUST HAVE" FRÁ BIOTHERM:**

LAIT CORPOREL BB HÚÐMJÓLK FYRIR LÍKAMANN sem gefur samstundis jafnan, fallegan húðlit og fískar upp á húðina. BB húðmjólkin er með létturm sítrusilmi, verndar og gefur raka í allt að 24 klst.

**20%** AFSLÁTTUR AF BIOTHERM VÖRUM.

Lyf & heilsa Kringlunni

# SÖGULEGIR TÓNLEIKAR Í HÖRPU

**TÓNLEIKUR KYNNIR** *Guðmóðir pönksins, Patti Smith, heldur tónleika í Hörpu í sumar þar sem frumburður hennar, Horses, verður í aðalhlutverki. Platan á 40 ára afmæli í ár og er af mörgum talin ein af betri plötum rokksögunnar.*



**FRUMHERJINN** Patti Smith heldur tónleika í ágúst þar sem fyrsta plata hennar, Horses, verður í aðalhlutverki ásamt fleiri þekktum lögum. MYND/MAPPLERHORPE

Söngkonan heimsfræga Patti Smith heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu um miðjan ágúst og hefst miðasala á tónleikana í dag. Í ár eru 40 ár síðan hún gaf út tímamótaverkið Horses en platan, sem jafnframt var frumburður hennar, er af mörgum talin ein af betri plötum rokksögunnar.

Á tónleikunum í ágúst mun Patti Smith heiðra þennan áhrifamikla frumburð sinn auk þess sem hún flytur fjölmörg þekkt lög frá löngum og farsælum ferli sínum. Í för með henni verða tveir upprunalegir meðlimir hljómsveitarinnar, þeir Lenny Kaye og Jay Dee Daugherty, ásamt bassa- og hljómborðsleikaranum Tony Shanahan sem hefur verið í hljómsveit hennar undanfarin 20 ár.

Horses var gefin út lok árs 1975 og fékk strax góðar viðtökur gagnrýnenda og almennings enda voru Patti Smith og hljómsveit hennar nokkuð áberandi í tónlistarsenu New York-borgar á þeim tíma ásamt sveitum á borð við Blondie og The Ramones.

Sem dæmi um stöðu Horses í rokksögunni má nefna að platan er í 44. sæti yfir 500 bestu plötur sögunnar að mati bandaríska tónlistartímaritsins Rolling Stone auk þess tímaritið Time segir hana vera meðal 100 bestu platna allra tíma.

### GUÐMÓÐIR PÖNKSINS

Fjölmörg þekkt lög hennar prýða plötuna, þar á meðal Gloria, sem gefið var út á smáskífu í upphafi árs 1976, auk laganna Redondo Beach, Free Money og titillagsins Horses.

Þekktasta lag hennar er þó án efa Because the Night, sem hún samdi í félagi við Bruce Springsteen, en lagið náði þrettánda sæti bandaríska vinsældalistans árið 1978.

Patti Smith er oft kölluð Guðmóðir pönksins og sem slík einn af frumherjum þeirrar tónlistarstefnu ásamt ensku sveitunum Sex Pistols, The Clash og The Damned




**MEISTARAVERK** Platan Horses er af mörgum talin ein af betri plötum rokksögunnar. MYND/ÚR EINKASAFNI

og bandarísku sveitunum Television og the Ramones.

Platan er því ein lykilplatna í þróun pönksenunnar í New York á sínum tíma en hafði ekki síður mikil áhrif á marga unga og seinna meir heimsfræga tónlistarmenn. Meðal þeirra sem urðu fyrir miklum áhrifum frá meistarastykki Patti Smith eru ekki minni nöfn en Michael Stipe úr R.E.M. og félagarnir Morrissey og Johnny Marr úr The Smiths.

Tónleikarnir verða haldnir í Eldborgarsal Hörpu mánudaginn 17. ágúst og hefjast kl. 20.00. Miðasala á tónleikana hefst í dag, fimmtudag, kl. 10 á harpa.is og í síma 528 5050. Miðaverð er 6.990 til 9.990 kr.

Nánari upplýsingar um Patti Smith og feril hennar má m.a. finna á pattismith.net, á Facebook, á YouTube (#PattiSmith) og á Twitter (@pattismith).

# SÉRVISKULEGUR GUCCI

**TÍSKA** *Haust- og vetrarlína Gucci fyrir 2015 þykir hressilega ólík öðru sem komið hefur frá tískurisanum. Fyrirsæturnar báru prjónahúfur og stór gleraugu á tískupöllunum í Mílanó og yfirbragð línunnar var eins og vel heppnaður samtíningur.*

Alessandro Michele tók við í janúar sem nýr aðalhönnuður Gucci eftir að Fridu Giannini var sagt upp störfum.

Hann þykir kynna breyttar áherslur til sögunnar sem sáust strax þegar haust- og vetrarlína Gucci fyrir 2015 var kynnt í Mílanó.

Línan þykir hressilega sérviskuleg, eða „quirky“, og í allt öðrum anda en það sem áður hefur komið frá Gucci.

Fyrirsæturnar stormuðu pallana með prjónahúfur og stór gleraugu, í kálfasíðum pilsum og blússum með bundnum kraga. Svolítið eins og samtíningur, hver úr sinni áttinni, sem Alessandro fær þó til að ganga fullkomlega upp.




TRI
Suðurlandsbraut 32
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við BORGUN
BORGUN
CUBE
FULLSUSPENSION
FRITZZ 180 HPA RACE 27.5
RACE
29"
HYBRID
þýsk gæði á góðu verði!
CUBE 2015
HAFÐU SAMBAND
SHIMANO
SHIMANO
WWW.TRI.IS
- Opnunartími @ TRI VERSLUN -
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

## BÍLAR & FARARTÆKI



TOYOTA Land cruiser 150. Árgerð 2010, ekinn 113 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.790.000. einn eigandi ekki bílaleigubíll. uppsl. í síma 577-4400 Bifreiðasalan malarhöfða 2.

**Bifreiðasalan**
**Malarhöfði 2, 110 Rvk**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**



**BÍLL ÁRSINS**
VW Passat bluemotion. Árgerð 2012, ekinn 139 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.106936. Bílamarkaðurinn s.567 1800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 148.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Yaris Sol Árgerð 2013. Ekinn 41þ.km. Sjálfsk. Bakkmyndavél o.m.fl.. Er á staðnum. Verð 2.480.000kr. Raðnúmer 155632. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**



**2015 NÝIR GMC 3500**
Nýtt útlit að utan sem innan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af GMC, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



AUDI A4 avant. Árgerð 2013, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.210580.



KIA Sorento. Árgerð 2010, ekinn 81 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.490.000. Rnr.240410.



MERCEDES-BENZ C 220 CDI. Árgerð 2013, ekinn 24 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.161045.



MMC Pajero. Árgerð 2007, ekinn 126 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.141192.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



**BÍLL DAGSINS !!!**
VW Beetle. Árgerð 2014, ekinn 17 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.480.000. Rnr.210409.Eigum einnig árg.2012

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bílar.is



Jaguar XF sportbrake, 4/2014, ek 21 þkm , dísel 200 hö , 8 þrepa sjsk, bíll með öllu, Stór glæsilegur bill , er á staðnum, verð 8950 þús, raðnr 151813

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vespur




## Reiðhjól




## Kerrur

Humbaur 1380. Álkerra 750kg 201x102x30cm létt og sterk á frábæru verði 149,900.- Topplausnir. Smiðjuveg 40 gul gata. Sími:5177718. www.topplausnir.is

## Fellihýsi

Tjaldvagnar
Fellihús
Húsbílar
Hjólhýsi
Umboðssala á risasýningarsvæði á Korputorgi
Útilegu maðurinn

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.490 0095 www.accountant.is

**SKATTFRAMTAL 2015**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 eða 897-1877. FOB Suðurlandsbraut 6. www.fob.is

## Málarar

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Umhverfishreinsun

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Tíska í húðflúri breytist eins og önnur tíska. Fyrir fimmtán árum þótti enginn maður með mönnum nema að skarta træbaltattúi á handlegg eða neðst á mjóbakinu. Í dag hefur húðflúrið stækkað og sífellt fleiri fá sér ermi eða þekja allt bakið.



## ELÍSABET HILMARSDÓTTIR
**starfsmaður Reykjavík INK**

„Mér finnst mikið hafa dregið úr því að það sé eitthvert eitt trend í gangi. Vissulega hafa þessi minni tattú verið vinsæl, eins og fjaðrirnar, „infinity“-merkið og mandölurnar, en það er einhvern veginn allt í gangi. Fólk er hins vegar að fá sér stærri flúr en áður til dæmis á lærin og handleggina eins og „sleeve“ eða álíka. Við erum líka mikið að fela gömul tattú, eins og træbaltattú sem voru svo vinsæl,“ segir hún. Dregið hefur úr því að fólk fái sér flúr sem hefur einhverja merkingu. „Það þarf ekkert endilega að vera einhver meining eða tenging á bak við tattúið. Nú skiptir meira máli að þetta sé fallegt, og þetta er eiginlega eins og að fá sér listaverk á líkamann fyrir lífstíð.“



## FJÖLNIR GEIR BRAGASON
**hjá Íslenzku húðflúrstofunni**

„Það koma vissulega tískusveiflur í þessu. Fyrir nokkrum árum var fólk hrætt við að fá sér stórt flúr, vegna þess að það var ekki viðurkennt af samfélaginu. Fólk byrjaði að fá sér lítil flúr og kom svo og bætti við. Í dag hins vegar kemur fólk inn og fer beint í „sleeve“ eða yfir allt bakið. Það er orðið mun viðurkenndara í samfélaginu að vera með stór flúr,“ segir Fjölnir, en hann hefur verið starfandi sem húðflúrari stanslaust síðan 1995. „Þetta hefur breyst svo mikið síðan það komu meiri listamenn inn í þennan bransa. Fyrir fimmtán árum var maður að gera bara træbal, Kínatákn eða stjörnumerki allan daginn, en þetta er miklu fjölbreyttara í dag. Tattúin sem voru stór hér áður eru eiginlega orðin litlu tattúin í dag.“



## INGÓLFUR B. HEIMISSON
**Ingó á Bleksmiðjunni**

„Ég er eiginlega bara í því að gera ermar þessa dagana. Tattúin eru að stækka mikið og þeir sem fá sér ermi, enda oftar en ekki á því að tengja allan hringinn. Svo fá þeir sér hina ermina líka og svo jafnvel bak og bringu líka,“ segir Ingó. Hann hefur starfað sem húðflúrari síðan 1999. „Hérna áður var maður næstum eingöngu að gera træbal-tattú eða armbönd í kringum handlegginn. Nú er fólk að koma meira með hugmyndir til okkar sem við teiknum svo upp í sameiningu.“ Hann segist ekki hafa orðið var við einhverja ákveðna tísku í húðflúri undanfarið. „Það er allur gangur á því hvað er vinsælt, en þessi „underboob“-tattú hjá stelpunum og mandölur hafa samt verið að aukast undanfarið.“




## Húðflúrtískan breytist gegnum árin



**TÖFF** Ermatattú geta verið mjög töff.



**TRIBAL** Þessi tegund húðflúrs var ein sú vinsælasta hér áður.



**FLOTTUR** David Beckham skartar ermi á báðum handleggjum. NORDICPHOTOS/GETTY



**MJÓBAK** Tattú neðst á mjóbaki var vinsælt fyrir um fimmtán árum.

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM SKÓM, DÖMU-
OG BARNAFATNAÐI**
14.-19. APRÍL Í **SKEIFUNNI,
HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND,
BORGARNESI, SELFOSSI**
OG **NJARÐVÍK.**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla










# Á þetta að vera fyndið?

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



**30** Rock er á meðal bestu grínþátta sem ég hef séð. Það er erfitt að finna lagskiptari þætti þar sem nánast hver einasta setning er svo fyndin að það verður hálfómögulegt að velja brandara til að hlæja að.

Mann langar að hlæja að öllu en 20 mínútur af samfelldum hlátri geta ekki verið hollar, þó mýtunni um að hláturinn lengi lífið sé enn haldið á lofti af hagsmunaaðilum (grínistum, hláturjógakennurum o.s.frv.).

**Í EINUM** þætti spyr aðalpersóna þáttanna, hin stórkostlega Liz Lemon, yfirmann sinn, Jack Donaghy, hvort hann komi öðruvísi fram við hana vegna þess að hún er kona. Jack segist ekki gera það að öðru leyti en að borga henni örlítið minna en öðrum. Stórkostlegur brandari; hárbeittur og afhjúpandi um samfélagslega meinið sem launamunur kynjanna er.

**ÞAÐ** er hins vegar auðvelt að hlæja að brandaranum á allt öðrum forsendum. T.d. ef einhverjum finnst hreinlega fyndið að konur fái minna borgað en karlar fyrir sömu vinnu. Ég þykist vita að Tina Fey, skapari þáttanna og yfirlýstur femínisti, hafi með brandaranum viljað benda á misréttið en það er samt aldrei hægt að tryggja að allir skilji brandarana eins. Áður en atriðið var tekið upp stóð hún því frammi fyrir tveimur kostum: Að taka sénsinn. Segja brandarann í von um að flestir skilji hann og sætta sig við þá sem misskilja hann fullkomlega. Eða sleppa því að segja hann. Blessunarlega valdi hún fyrri kostinn.

**STUNDUM** sé ég fólk hneykslast á gríni og segja að það megi alls ekki grínast með þetta og hitt. En þegar eitthvað „má ekki“ hætta forsendur og samhengi að skipta máli. Og þetta snýst einmitt um það. Það myndi til dæmis ekki leysa neinn vanda að taka lyklaborðið af virkum í athugasemdum. Þess vegna ætti eina reglan um grín að vera að það sé fyndið. Og viðurlögin við broti á þessari allsherjarreglu yrðu þá verðskulduð og auðmýkjandi þögn.




**ÓSKALÖG SJÚKLINGA** Hér er sveitin fyrir framan Landspítalann, en plata hennar heitir einmitt Óskalög sjúklinga. Frá vinstri: Guðmundur Jónsson, Heiðar Ingi Svansson, Karl Örvarsson og Magnús Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rokka í stað þess að golfa

**Hljómsveitin Trúboðarnir samanstendur af fjórum feðrum sem eiga samtals fjórtán börn. Sveitin leikur poppskotið síðpönk. Markmið sveitarinnar er að berjast gegn stöðnun í lífi meðlima.**

Þeir eiga samtals fjórtán börn, einn meðlimurinn barnabarn og er annað á leiðinni. Þeir kalla sig Trúboðana, spila rokk og vilja berjast gegn stöðnun í lífi sínu.

„Þegar ég komst á ákveðinn aldur leið mér eins og væri verið að slökkva á mér,“ segir Heiðar Ingi Svansson, sem fékk hugmyndina að því að stofna rokksveit, þrátt fyrir að vera eldri en flestir aðrir rokkarar. Hann fékk þá Guðmund Jónsson, gítarleikara úr Sálinni hans Jóns míns, söngvarann þjóðþekkta Karl Örvarsson og trommarann Magnús Magnússon til þess að leika rokk einu sinni í viku.

„Upphaflega hugmyndin var bara að koma saman og spila smá rokk og ról. Ég sannfærði félaga mína um að þetta væri sniðugri leið til þess að eyða tímanum en að stunda golf, fara í Oddfellow eða ganga í Frímúraraโregluna. Nafnið kemur svo þannig til að fyrir okkur er þessi spilamennska ekki val heldur innri þörf sem stundum af jafnmikilli ástríðu og trúboðar sem boða trú sína. Meðlimirnir eiga samtals fjórtán börn og á Heiðar sjálfur eitt barnabarn. „Og annað rétt ókomið,“ bætir hann við.

> **Ég sannfærði félaga mína um að þetta væri sniðugri leið til þess að eyða tímanum en að stunda golf, fara í Oddfellow eða ganga í Frímúraraโregluna.**

Sveitin sendir nú frá sér sína fyrstu breiðskífu.

„Þetta er afrakstur samstarfs okkar. Við ætluðum okkur ekki að gefa út efni í upphafi, en þeir sem heyrðu lögin okkar hvöttu okkur til að gefa þetta út. Leyfa fleirum en þeim sem vinna kvöldvaktir á bifreiðaverkstæðinu við hliðina á æfingahúsnæðinu okkar að heyra lögin.“

Á plötunni, sem ber titilinn Óskalög sjúklinga, má heyra tíu frumsamin lög. Rokkararnir gefa plötuna út sjálfir og geta áhugasamir fundið þá í gegnum vefsíðuna Karolina Fund og keypt plötuna þar. „Við köllum þetta fyrirkomulag „beint frá bandi“,“ útskýrir Heiðar og vísar þar í hugtakið beint frá býli, þegar fólk kaupir ferskar vörur frá bændum.

kjartanatli@frettabladid.is







| | | | |
|---|---|---|---|
| Hugsa minna, skynja meira | 17.00 | Wild tales | 20.00 |
| Black coal, thin ice | 18.00, 22.20 | Óli prik | 20.10 |
| Antboy: rauða refsinornin | 18.00 | The grump | 22.00 |
| Citizenfour | 18.00 | What we do in the shadows | 22.20 |


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


TOM HARDY
GARY OLDMAN
NOOMI RAPACE
JOEL KINNAMAN
PADDY CONSIDINE
WITH JASON CLARKE
AND VINCENT CASSEL
FROM PRODUCER
RIDLEY SCOTT
CHILD 44
BASED ON THE INTERNATIONAL BEST SELLING NOVEL
WORLDVIEW
SCOTT FREE
[NYSE: LGF]
CATCH THE KILLER EXPOSE THE TRUTH
FRUMSÝND 17. APRÍL
EGILSHÖLL
SAMbio.is
KEFLAVÍK
AKUREYRI
KRINGLAN
ÁLFABAKKI

## Hrafnhildur heldur til Eyja

**HANDBOLTI** Hrafnhildur Skúladóttir skrifaði í gær undir tveggja ára samning við ÍBV og mun hún stýra kvennaliði félagsins í Olísdeild kvenna. Hún tekur við starfinu af Jóni Gunnlaugi Viggóssyni sem stýrir ÍBV út tímabilið.

ÍBV er komið í undanúrslit úrslitakeppni Olísdeildarinnar og mætir þar deildarmeisturum Gróttu. Fyrsti leikurinn í undanúrslitunum fer fram á fimmtudaginn í næstu viku.

Hrafnhildur lagði skóna á hilluna fyrir ári eftir gæfuríkan feril. Hún var landsliðsfyrirliði um árabil og fór fyrir sterku liði Vals sem vann fjölda titla á sínum tíma. Hún skrifaði undir samninginn á Kaffivagninum á Granda í gær ásamt Karli Haraldssyni, formanni meistaraflokksráðs ÍBV. **- esá**



## Njarðvík knúði fram oddaleik en Tindastóll komst áfram

**KÖRFUBOLTI** Tindastóll leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta í fyrsta sinn síðan 2001 en þetta varð ljóst eftir sigur liðsins á Haukum í gær, 69-62. Stólarnir unnu þar með rimmu liðanna í undanúrslitum, 3-1, og fara í úrslitin með sex sigra í sjö leikjum í úrslitakeppninni.

Tindastóll hefur aldrei orðið Íslandsmeistari og mætir annaðhvort KR eða Njarðvík í lokaúrslitunum sem hefjast á mánudagskvöldið.

Njarðvík tryggði sér oddaleik í rimmunni gegn deildarmeisturum KR með yfirburðasigri á heimavelli í gær, 97-81. **- esá**



**SIGUR** Israel Martin, þjálfari Tindastóls, fagnar sigrinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KARLA

**UNDANÚRSLIT, 4. LEIKUR**

**NJARÐVÍK - KR 97-81 (41-36)**

**Njarðvík:** Stefan Bonneau 20/10 fráköst/8 stoðsendingar, Logi Gunnarsson 20/5 stoðsendingar, Ólafur Helgi Jónsson 12/5 stoðsendingar, Mirko Stefán Virijevic 12/4 fráköst, Maciej Stanislav Baginski 12/8 fráköst/6 stolnir, Ágúst Orrason 8, Hjörtur Hrafn Einarsson 5, Snorri Hrafnkelsson 4, Ragnar Helgi Friðriksson 2, Jón Arnór Sverrisson 2.

**KR:** Helgi Már Magnússon 19, Michael Craion 15/14 fráköst/3 varin skot, Björn Kristjánsson 12/5 fráköst/5 stoðsendingar, Brynjar Þór Björnsson 9/7 stoðsendingar, Finnur Atli Magnússon 7/5 fráköst, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 7/8 fráköst, Darri Hilmarsson 7/5 fráköst, Þorgeir Kristinn Blöndal 3, Pavel Ermolinskij 2/7 fráköst.

**Staðan í einvíginu er 2-2. Oddaleikur liðanna verður í DHL-höllinni á föstudagskvöld**

**HAUKAR - TINDASTÓLL 62-69 (32-37)**

**Haukar:** Alex Francis 20/12 fráköst, Emil Barja 11/8 fráköst/6 stoðsendingar/4 varin skot, Hjálmar Stefánsson 8, Kári Jónsson 8/5 stoðsendingar, Kristinn Marinósson 6/4 fráköst, Haukur Óskarsson 5, Kristinn Jónasson 2, Helgi Björn Einarsson 2/7 fráköst.

**Tindastóll:** Darrel Keith Lewis 20/11 fráköst, Myron Dempsey 17/14 fráköst/4 varin skot, Pétur Rúnar Birgisson 9/7 fráköst/5 stoðsendingar, Darrell Flake 9/7 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 6, Helgi Rafn Viggósson 4/5 fráköst, Svavar Atli Birgisson 3, Viðar Ágústsson 1.

**Tindastóll vann einvígið, 3-1.**

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**8-LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKIR**

**PORTO - BAYERN 3-1**

1-0 Ricardo Quaresma, víti (3.), 2-0 Ricardo Quaresma (10.), 2-1 Thiago Alvantara (28.), 3-1 Jackson Martinez (65.).

**PSG - BARCELONA 1-3**

0-1 Neymar (18.), 0-2 Luis Suarez (67.), 0-3 Luis Suarez (79.), 1-3 Jeremy Mathieu, sjálfsmark (82.).

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Barcelona - PSG** | **þri. kl. 18.45** |
| **Bayern - Porto** | **þri. kl. 18.45** |
| **Real Madrid - Atletico M.** | **mið. kl. 18.45** |

*Staðan í einvíginu er 0-0.*

| | |
|---|---|
| **Monaco - Juventus** | **mið. kl. 18.45** |

*Juventus vann fyrri leikinn, 1-0.*

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins



VALUR – HAUKAR
LEIKUR EITT Í UNDANÚRSLITUM
Í Vodafonehöllinni
í kvöld kl. 19.30
Áfram Valur!

**Jóhann Gunnar Einarsson**

### Íslandsmeistari „tvö“ ár í röð?

**Í stóru hlutverki í liði nýliða Aftureldingar**
Hann tók skóna af hillunni síðasta haust eftir að hafa tekið sér frí tímabilið 2013-14.

**Íslandsmeistari með Fram vorið 2013**
Þá spilaði hann síðast í úrslitakeppninni. Hann á því möguleika að vinna titilinn „tvö“ ár í röð.

**Skoraði 5,5 mörk að meðaltali í úrslitakeppninni 2013**
Hann hefur skorað samtals 15 mörk í tveimur fyrstu leikjum Mosfellinga í úrslitakeppninni í ár.

### Komast nýliðar í úrslitin annað árið í röð?

Eyjamenn urðu í fyrra fyrstu nýliðarnir sem verða Íslandsmeistarar í karlahandboltanum en þeir enduðu þá í 2. sæti í deildinni alveg eins og nýliðar Aftureldingar í vor. Það gæti því farið svo að nýliðar spili til úrslita um titilinn annað árið í röð.



**AÐALMAÐURINN** Jóhann Gunnar Einarsson þarf að draga vagninn fyrir Aftureldingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Pressan er á Aftureldingu

**Undanúrslitin í Olís-deild karla í handbolta hefjast í kvöld. Valur og Haukar mætast í fyrsta leik að Hlíðarenda og nýliðar Aftureldingar fá ÍR í heimsókn. Guðlaugur Arnarsson, þjálfari Fram, spáir í spilin.**

**Tómas Þór Þórðarson**
tomas@365.is



**HANDBOLTI** Undanúrslitin í Olísdeild karla í handbolta fara af stað í kvöld. Deildarmeistarar Vals taka á móti frændliði sínu Haukum sem höfnuðu í fimmta sæti deildarinnar og þá mætast nýliðar Aftureldingar og ÍR í Mosfellsbæ, en þau lið enduðu í öðru og þriðja sæti Olís-deildarinnar.

Vinna þarf þrjá leiki til að komast í lokaúrslitin, en ríkjandi Íslandsmeistarar ÍBV eru úr leik eftir 2-0 tap fyrir Aftureldingu í átta liða úrslitum. Mosfellingar eiga þó möguleika á að gera eins og ÍBV í fyrra og vinna Íslandsmeistaratitilinn sem nýliði.

Valur er fyrir fram talið sterkasta liðið enda deildarmeistarar, en Haukarnir hafa verið að sækja í sig veðrið á seinni hluta mótsins og voru sannfærandi í rimmunni gegn erkifjendum sínum í FH.

Guðlaugur Arnarsson, þjálfari Fram, spáir í undanúrslitaleikina fyrir Fréttablaðið.

### Haukar hafa styrkinn

„Þetta verður hörkurimma,“ segir Guðlaugur um viðureign frændliðanna Vals og Hauka. „Valsmenn hafa verið sterkastir í deildinni en Haukarnir komið sterkir inn eftir áramót og eru með góða breidd og reynslu. Hjá þeim eru menn sem hafa unnið titla og vita um hvað þetta snýst.“

Haukar hafa mannskap sem getur stöðvað líkamlega sterka Valsmennina, að sögn Guðlaugs.

„Þeir eru með lið sem er á pari við lið Vals þegar kemur að líkamlegum styrk. Þarna eru stórir og þungir strákar sem geta stöðvað þetta líkamlega sterka Valslið.“

Ætli Haukarnir að vinna Val þrisvar verða þeir að klára færin sín vel og ekki hleypa Hlíðarendapiltum í mikið af hraðaupphlaupum.

„Valsmenn búa yfir gríðarlega sterkum varnarleik og eru með besta markvarðaparið í deildinni. Ef þeir ná upp vörn og hraðaupphlaupum er erfitt að eiga við þá. Haukarnir verða að klára færin sín þannig að Valur hlaupi ekki í bakið á þeim,“ segir Guðlaugur.

Árni Steinn Steinþórsson, stórskytta Hauka, vaknaði heldur betur til lífsins í átta liða úrslitunum. Eftir að hafa skorað aðeins 2,3 mörk að meðaltali í leik á tímabilinu skoraði hann 17 mörk í leikjunum tveimur gegn FH. Haukarnir eru til alls líklegir sé hann kominn úr dvala.

### Hafa saknað Árna Steins

„Maður hefur saknað þess að sjá gæðin í Árna, en þetta hefur nú ekki verið besta tímabilið hans. Ætli hann hins vegar að spila á móti Val eins og hann gerði á móti FH er breiddin orðin mikil í Haukaliðinu og hægri vængurinn virkilega sterkur,“ segir Guðlaugur, en hvernig spáir hann að einvígið fari?

„Þetta fer í oddaleik sem Valur vinnur á sínum heimavelli. Ég held að heimavöllurinn verði sterkur í þessu einvígi,“ segir Guðlaugur, en fyrsti leikurinn fer fram í Vodafonehöllinni í kvöld kl. 19.15.

### Pressan á Aftureldingu

Aðspurður um rimmu Aftureldingar og ÍR er Guðlaugur fljótur til svars: „Ég set pressuna á Aftureldingu í þessu einvígi. Það á að klára þetta. Það er með breiddina og heimavöllinn á meðan ÍR er með góða einstaklinga og treysta mikið á að Björgvin Hólmgeirsson spili frábærlega.“

Guðlaugur segir ekkert ósanngjarnt að hlaða pressu á Mosfellinga þó þeir séu tæknilega séð nýliðar í deildinni.

„Auðvitað eru þeir nýliðar. Það er alveg rétt, en pressan er á þeim. Liðið er með meiri breidd og það er einmitt sem þarf í svona einvígi þar sem þarf að vinna þrjá leiki.“

### Jóhann dregur vagninn

Ef Afturelding er svona mun sigurstranglegra, hvað þarf ÍR að gera til að vinna strákana í kjúklingabænum þrisvar?

„ÍR þarf að spila ofboðslega sterkan varnarleik og markverðirnir þurfa að stíga upp. ÍR verður að hægja á leiknum, stjórna hraðanum og koma sínum bestu hraðaupphlaupsmönnum inn í leikinn. Það er lykillinn og svo auðvitað að Björgvin verði áfram funheitur. ÍR verður að skora mikið af einföldum mörkum,“ segir Guðlaugur, en hjá Aftureldingu segir hann Jóhann Gunnar Einarsson vera aðalmanninn.

„Afturelding hefur breidd og gæði til að klára ÍR en hjá þeim er Jóhann Gunnar mikilvægastur. Úrslitakeppnin héðan í frá hjá Aftureldingu ræðst af því hvernig hann spilar,“ segir Guðlaugur og bætir við:

„Einar Andri er búinn að gera flotta hluti þarna og liðið fylgir hans góðu hugmyndafræði um vörn og seinni bylgju. En þegar Afturelding hefur verið í vandræðum er það Jóhann Gunnar sem dregur vagninn. Hann er maðurinn,“ segir Guðlaugur. Hann spáir, UMFA áfram, 3-1.

PANTAÐU RÁÐGJÖF VIÐ

# GARÐAHÖNNUN

Í sumar mun Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt, veita viðskiptavinum ráðgjöf vegna framkvæmda í garðinum.



Hálftíma ráðgjöf kostar **4.995** kr.

Sú upphæð nýtist sem inneign þegar keypt er efni í garðinn í BYKO.

Skráning á netfangið gudrunhalla@byko.is eða í síma **5154144.**





TILLÖGUR UNNAR Í ÞRÍVÍDD

REIKNIVÉLAR

Reiknaðu út efnismagn í girðinguna og pallinn á BYKO.is

# PALLAEFNI

## FURA
ALHEFLUÐ

| | |
|---|---|
| Vnr. 0058254 AB-gagnvarin 22x95 mm. | 185 kr./lm* |
| Vnr. 0058274 Gagnvarin Eco-grade 27x95 mm. | 185 kr./lm |
| Vnr. 0058324 AB-gagnvarin 27x95 mm. | 215 kr./lm* |
| Vnr. 0058504 AB-gagnvarin 45x95 mm. | 295 kr./lm* |
| Vnr. 0058506 AB-gagnvarin 45x145 mm. | 485 kr./lm* |
| Vnr. 0059954 A-gagnvarin 95x95 mm. | 715 kr./lm* |

*4,5 m og styttra.

# HUGAÐU AÐ GARÐINUM



**30%** afsláttur af fræjum 16. - 19. apríl.



Vnr. 79290094 Hjólbörur, 80 l. **4.395 kr.**



Vnr. 53521038 Sorppokar, 700x1100 mm, 25 stk. **595 kr.**



Vnr. 68583100 LUX strákústur með skafti, 40 cm breiður. **885 kr.**



Vnr. 41120973 Klippur. **795 kr.**



Vnr. 55095117-8 Kartöfluútsæði 5 kg, Premier eða gullauga. **1.295 kr.**



Vnr. 50147038-47 VIKING BILLY gúmmístígvél, stærðir 38-47. **7.395 kr.**



Vnr. 93460011-25 Regngalli PVC/nylon, gulur, grænn eða svartur. **2.995 kr.**



Vnr. 93955348 SENSILITE vinnuvettlingar, stærðir S-XL. **695 kr.**





Vnr. 55095013 CASORON illgresiseyðir, 1 kg. **3.995 kr.**





Vnr. 55097054 FLÚÐA sáðmold, 6 l. **385 kr.**

Hönnun og umbrot: VERT-markaðsstofa



**OFURTILBOÐ**

Vnr. 49970498 TRUPER malarskófla. **1.895 kr.** Almennt verð: 2.495 kr.



**OFURTILBOÐ**

Vnr. 4977094402 Klippur 32". **5.995 kr.** Almennt verð: 7.995 kr.



**OFURTILBOÐ**

Vnr. 0291500 Ræktunarkassi, 50x100x120 cm. **16.995 kr.** Almennt verð: 19.995 kr.



**OFURTILBOÐ**

Vnr. 0291451 Garðborð, gagnvarin fura, 154x177x71 cm. 26 mm. **12.995 kr.** Almennt verð: 15.995 kr.





**OFURTILBOÐ**

Vnr. 55097046 GARBO skrautsteinn, 25 kg, hvítur. **2.395 kr.** Almennt verð: 2.995 kr.

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

## Stöð 2 kl. 18.55

### Ísland í dag



Vandaðir þættir þar sem fjallað er um allt frá pólitíkinni, viðskiptum og yfir í mat og heilsu, menningu og mannlíf. Þáttarstjórnendur eru Sindri Sindrason, Edda Sif Pálsdóttir og Ásgeir Erlendsson en fjölmargir aðrir fjölmiðlamenn koma að þættinum með innslögum og viðfangsefnum sem þeim eru hugleikin.

## Í KVÖLD



### Person of Interest

**STÖÐ 2 KL. 22.25** Fjórða þáttaröðin um fyrrverandi launmorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



### Fóstbræður

**STÖÐ 2 KL. 19.35** Fóstbræður eru óborganlegir grínistar sem hæðast bæði að sjálfum sér og öðrum. Leikarar eru þau Helga Braga Jónsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Benedikt Erlingsson, Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr Kristinsson.



### Modern Family

**GULLSTÖÐIN KL. 19.05** Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.

## Bylgjan kl. 19.15

### Erna Hrönn



Erna Hrönn verður með góða tónlist á Bylgjunni í allt kvöld.




2 | 20:30

**MATARGLEÐI EVU**

Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í þessum þætti er lögð áhersla á íslenskt hráefni. Við fáum að kynnast íslenskri grænmetisræktun og skyrframleiðslu þar sem dýrindis skyrkaka verður lögð á borð.

MAGNAÐUR
FIMMTUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

2 | 20:55

**THE MENTALIST**



Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi FBI og notar skyggnigáfu sína við lausn á erfiðum og flóknum sakamálum.

2 | 21:40

**THE FOLLOWING**



Þriðja þáttaröðin um fjöldamorðingjann, Joe Carroll og lögreglumanninn, Ryan Hardy. Hörkuspennandi þættir.

b | 22:00

**TRESPASS**



Spennumynd frá 2011 með Nicolas Cage og Nicole Kidman í aðalhlutverkum.

Krakkastöðin | 19:00

**ALGJÖR SVEPPI OG DULARFULLA HÓTELHERBERGIÐ**



Frábær kvikmynd um þá Sveppa, Villa, Góa og ævintýri þeirra.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** iCarly
**08.05** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Cougar Town
**11.20** It's Love, Actually
**11.45** Jamie's 30 Minute Meals
**12.10** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** Phil Spector
**14.55** The O.C.
**15.40** iCarly
**16.05** Ninja-skjaldbökurnar
**16.30** Up All Night
**16.55** A to Z
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.35** Fóstbræður
**20.05** Anger Management
**20.30** Matargleði Evu
**20.55** The Mentalist
**21.40** The Following
**22.25** Person of Interest
**23.10** Rizzoli & Isles
**23.55** Mad Men
**00.40** Better Call Saul
**01.25** NCIS: New Orleans
**02.10** Saw 3D. The Final Chapter
**03.40** Phil Spector
**05.10** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Meistarad. – Meistaramörk
**07.30** Njarðvík - KR
**11.30** PSG - Barcelona
**13.10** Spænsku mörkin
**13.40** Porto - Bayern München
**15.20** Njarðvík - KR
**16.50** PSG - Barcelona
**18.30** Meistarad. - Meistaramörk
**19.00** Wolfsburg - Napolí Bein útsending
**21.00** MD 2015: Slaktaumatölt og flugskeið
**23.30** Sevilla - Zenit

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.35** Burnley - Arsenal
**11.20** Tottenham - Aston Villa
**13.10** Football League Show
**13.40** Messan
**14.50** Brighton - Bournemouth
**16.30** Southampton - Hull
**18.15** Man. Utd. - Man. City
**20.00** Premier League World 2014
**20.30** Liverpool - Newcastle
**22.10** Premier League Review
**23.05** Sunderland - Crystal Palace
**00.55** Premier League World 2014

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**18.50** Community
**19.10** Last Man Standing
**19.35** Hot in Cleveland
**20.00** American Idol
**21.25** Supernatural
**22.10** The Lottery
**22.55** True Blood
**23.55** Community
**00.15** Last Man Standing
**00.40** Hot in Cleveland
**01.00** American Idol
**02.20** Supernatural
**03.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Ævintýri Tinna **07.47** Töfrahetjurnar **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Kalli á þakinu **10.22** Brunabílarnir **10.47** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn **11.00** Strumparnir **11.25** Ævintýri Tinna **11.47** Töfrahetjurnar **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Kalli á þakinu **14.22** Brunabílarnir **14.47** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn **15.00** Strumparnir **15.25** Ævintýri Tinna **15.47** Töfrahetjurnar **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Kalli á þakinu **18.22** Brunabílarnir **18.47** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn

## GULLSTÖÐIN

**18.20** Friends
**18.45** New Girl
**19.05** Modern Family
**19.30** The Big Bang Theory
**19.55** 1600 Penn
**20.15** H8R
**21.00** Broadchurch
**21.50** Ally McBeal
**22.35** Prime Suspect 7
**00.10** 1600 Penn
**00.30** H8R
**01.15** Broadchurch
**02.00** Ally McBeal
**02.45** Prime Suspect 7
**04.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Tiny Furniture
**13.30** The Object of My Affection
**15.20** Dodgeball: A True Underdog Story
**16.55** Tiny Furniture
**18.35** The Object of My Affection
**20.25** Dodgeball: A True Underdog Story
**22.00** Trespass
**23.30** The Sessions
**01.05** Sleeping Beauty
**02.45** Trespass

## RÚV

**16.20** Matador
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.07** Nína Pataló
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Íþróttagreinin mín – Sleðar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Fljótlegt og ferskt með Lorraine Pascale Listakokkurinn Lorraine Pascale kennir áhorfendum að stytta sér leið í heilsusamlegri eldamennsku.
**20.40** Ættartréð
**21.10** Fortitude Nýr spennumyndaflokkur sem tekinn er hérlendis. Hrottalegur glæpur skekur þorpssamfélag sem þekkt er fyrir friðsemd og nánd íbúanna.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.00** Heiðvirða konan
**23.55** Kastljós
**00.20** Fréttir
**00.35** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06:00** Pepsi MAX tónlist
**08:00** Everybody Loves Raymond
**08:20** Dr. Phil
**09:00** The Talk
**09:45** Pepsi MAX tónlist
**11:25** The Voice
**14:25** The Voice
**15:10** Cheers
**15:35** Benched
**15:55** The Odd Couple
**16:15** Survivor
**17:00** Top Chef
**17:50** Dr. Phil
**18:30** The Tonight Show
**19:10** The Talk
**19:50** America's Funniest Home Videos
**20:15** Royal Pains
**21:00** Scandal
**21:45** American Crime
**22:30** Fleming
**23:15** Law & Order
**00:00** Allegiance
**00:45** The Walking Dead
**01:35** Scandal
**02:20** American Crime
**03:05** Fleming
**03:50** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2015
**08.50** 2009 Augusta Masters
**11.40** Golfing World 2015
**12.30** 2015 Augusta Masters
**17.45** Golfing World 2015
**18.35** Inside the PGA Tour 2015
**19.00** PGA Tour 2015
**22.00** 2014 Players Championship
**22.50** Inside the PGA Tour 2015
**23.15** Golfing World 2015

## HRINGBRAUT

**10.00** Mannamál **11.00** Heimsljós **11.30** **433**.is **12.00** Mannamál **13.00** Heimsljós **13.30** **433**.is **16.00** Mannamál **17.00** Heimsljós **17.30** **433**.is **18.00** Mannamál **19.00** Heimsljós **19.30** **433**.is **20.00** Þjóðbraut **21.00** Sjónarhorn **21.30** Líf og list **22.00** Þjóðbraut **23.00** Sjónarhorn **23.30** Líf og list

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LAGER SALA

Við erum á Facebook!

NORTH ROCK

staðreynd GLÆNÝ og flott vara - TOPPgæði - hugsað fyrir íslenska veðráttu



100% fisléttir

DÚNJAKKAR - DÖMU & HERRA 15.500 KR
3.000 MM VATNSHELDNI 100% ANDARDÚNN



KULDAÚLPUR DÖMU & HERRA
10.000 KR BARNAÚLPUR 9.000 KR



fráboerir í ALLA útivist!

VATNS- & VINDHELDIR GALLAR - DÖMU & HERRA
10.000 MM VATNSHELDNI 15.000 KR



mjúk, hlý og ALLTAF eins!

FLÍSPEYSA 4.000 KR
DÖMU-HERRA & BARNA



GRI-SPORT GÖNGUSKÓR
LEÐUR & GRITEX
12.000 KR



liprir...

POLLAGALLAR - ST.1-8 ÁRA
7.000 KR



VATNS- & VINDHELDIR GALLAR -ST.2-14 ÁRA
8.000 MM VATNSHELDNI 9.500 KR



fisléttar

LÉTTAR ÚLPUR/JAKKAR -ST.3-12 ÁRA
6.000 KR

MERINOULL UNDIRFATNAÐUR - POLLAGALLAR Á FULLORÐNA - VETRARÚLPUR - FLÍSJAKKAR - FLÍSPEYSUR
HLAUPAFATNAÐUR - FATNAÐUR Í RÆKTINA - GÖNGUSKÓR - KULDASKÓR - ÚTIVISTARBUXUR - VINDJAKKAR

## OPNUNARTÍMI

16.apríl fimmtud. frá kl.15-20 | 18.apríl laugard. frá kl.12-17
17.apríl föstud. frá kl.15-20 | 19.apríl sunnud. frá kl.13-17

Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

## MORGUNMATUTINN



**Það er alltaf hafragrautur með stöppuðum banana í staðinn fyrir sykur.**

Guðjón Davíð Karlsson leikari.

# Fer inn í næsta áratug með hreint skrifborð

Haraldur Sveinbjörnsson gefur út sína fyrstu sólóplötu á morgun en hana hefur hann gengið með í tíu ár.

„Þetta er eitthvað sem er búið að safnast fyrir í trektinni í hausnum á mér og þurfti að fá að líta dagsins ljós,“ segir Haraldur Sveinbjörnsson sem gefur á morgun út sína fyrstu sólóplötu, Shine, undir listamannsnafninu Red Barnett.

Þetta er fyrsta sólóverkefni hans en hann er þó enginn nýgræðingur og hefur meðal annars unnið að útsetningum fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, með Björgvini Halldórssyni, Skálmöld og leikur á bassa með hljómsveitinni Buff.

Plötuna hefur hann gengið með í tíu ár en þurft að fresta útgáfu hennar vegna annarra verkefna. Lögin voru farin að safnast saman og skapa ritstíflu.

„Ég er að verða fertugur á morgun og þetta var ákveðið takmark, nú væri aldeilis kominn tími á að losa um þessa stíflu og fara inn í næsta áratug með hreint skrifborð,“ segir hann og hlær.

Honum til halds og traust verða gamlir og góðir hljómsveitarfélagar, þeir Hannes Friðbjarnarson og Finnur Beck. „Hannes og Finnur eru með mér, þeir voru meðlimir í mínu fyrsta bandi sem við stofnuðum þegar við vorum ellefu ára gamlir. Okkur fannst þetta ákveðinn hringur að loka, að stíga saman á svið.“

Tónleikarnir fara fram í Fríkirkjunni og hefjast klukkan níu á morgun. - gló



**GEFUR ÚT PLÖTU** Haraldur gefur út sína fyrstu sólóplötu þrátt fyrir að hafa starfað lengi sem tónlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

Dunlopillo CARPE DIEM BEDS OF SWEDEN Lama HENSON DESIGN



Dunlopillo Gæði frá Danmörku

**Dunlopillo stillanlegt**

Stillanlega rúmið frá Dunlopillo er þægilegt og sterkbyggt rafmagnsrúm. Dýnurnar skiptast í sjö svæði úr 18cm heilsteyptum Latex kjarna eftir forskrift Dunlopillo.



Henson Design Gæði frá Belgíu

**Henson Design Brixton**

Frábær gæði frá Belgíu. Fáanlegt með og án Rafstillingar. Hægt er að fá Henson Design rúmin í mörgum stærðum, efnis og litaútfærslum, á fótum eða með sökkli.



Lama Gæði frá Danmörku

**Lama contenental**

Rúmin frá Lama í Danmörku eru í senn falleg og vönduð vara. Margir möguleikar eru í dýnuvali. Margir litir og stærðir í boði. Rúmin eru fáanleg með rafstillingu.



Gegnheil Gæði frá Ítalíu

**Demetra Svefnsófi**

Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu. Öflugt og sterkt svefnstell. Fjölmargir litir og ýmsar stærðir í boði. Svefnsófinn hefur virkilega slegið í gegn hér á landi.

LÚR BETRI HVÍLD

Komdu í heimsókn

– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969
lur@lur.is | www.lur.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT


# Tæplega áttrætt Matador fannst á Neskaupstað

Spilið skilið eftir í bókakassa fyrir utan nytjamarkaðinn Steininn. „Hefði getað rignt niður eða fokið út á haf,“ segir María Lind, einn aðstandenda markaðarins.

Inn á borð Steinsins, nytjamarkaðar í Neskaupstað, rataði nýlega sannkallaður dýrgripur, hið sívinsæla Matador. Það sem gerir spilið merkilegt er að hér er um að ræða fyrstu útgáfu spilsins á íslensku frá árinu 1939 og því sjaldséður hvítur hrafn á ferðinni. „Við fundum það í bókakassa sem skilinn var eftir fyrir utan húsið hjá okkur,“ segir María Lind Kristjánsdóttir, ein þeirra sem sjá um markaðinn. Hún segir mikla lukku að sjálf hafi hún ekki tekið upp úr þeim kassa því þá hefði það að öllum líkindum endað í ruslinu. „Hún Elín hefur svo mikið auga fyrir svona dýrgripum og það var hún sem kom auga á spilið, sem var í nokkrum hlutum inni á milli bóka og annarra hluta,“ segir María.

Hún tók spilið að sér og lét meta hverslags væri. „Þá kemur upp úr krafsinu að hér er fyrsta útgáfa Matador á íslensku og því antíkbragur á þessu öllu,“ útskýrir hún og bætir við að samkvæmt matinu væri hægt að selja það á hátt í fjörutíu þúsund krónur. „Ef kassinn hefði verið utan um hefði spilið verið umtalsvert verðmætara, segja þeir,“ bætir hún við.

María segir að spilinu verði komið vel fyrir á nytjamarkaðnum góða, og stefnan sé að koma upp sérstökum skáp fyrir svona dýrgripi. Aðspurð um hvort hægt verði að kaupa spilið segir hún það ekki falt og bætir við glaðlega: „Eða svona, ef það kæmi nógu gott boð í það, þá er aldrei að vita hvort við myndum selja það.“



> Ef kassinn hefði verið utan um hefði spilið verið umtalsvert verðmætara, segja þeir.

**FUNDIÐ FÉ** María Lind sagði spilið góða sennilega hafa endað í ruslinu ef hún hefði tekið á móti því. Mikil mildi þykir að samstarfskona hennar hafi hnotið um það.

### Dugleg að styrkja

Nytjamarkaðurinn í Neskaupstað hefur verið starfræktur síðan árið 2002. „Við fáum til okkar gamalt dót úr öllum mögulegum áttum, mikið til frá heimafólki og úr fjörðunum í kring,“ segir hún. María segir nytjamarkaðinn býsna vinsælan meðal Austfirðinga og hlutina sjaldnast staldra lengi við. „Við náum stundum ekki einu sinni að taka upp úr kössunum og iðulega bíður fólk við dyrnar áður en við opnum á laugardögum,“ skýtur hún að.



➜ Spilið hefur verið vinsæll gestur á heimilum landsins síðan það kom út á Íslandi árið 1939.

María segir afar gleðilegt hve nytjamarkaðurinn hefur fallið vel í kramið meðal Norðfirðinga og allra nágranna, en markaðurinn leggur sig fram við að gefa ágóðann til góðgerðarmála og nefnir hún styrki til langveikra barna og foreldra þeirra, Mæðrastyrksnefndar og Rauða krossins auk annarra. Allt starf sem viðkemur markaðnum er unnið af sjálfboðaliðum.

gudrun@frettabladid.is

# Gera myndband með Zebra Katz

Lítið framleiðslufyrirtæki framleiðir myndband fyrir þekktan tónlistarmann.

Hörður Sveinsson, ljósmyndari og leikstjóri, vinnur nú að myndbandi við lagið You tell em með tónlistarmanninum og Íslandsvininum Zebra Katz. Tónlistarmaðurinn hefur öðlast vaxandi vinsældir í Bandaríkjunum en hann eyddi síðasta sumri á Íslandi við tökur á myndbandinu.

Hörður segist vonast til þess að myndbandið verði frumsýnt í næstu viku en lagið er af væntanlegri plötu rapparans. „Við erum búnir að leggja mikla vinnu í verkefnið og nú erum við að leggja lokahönd á eftirvinnslu þess. Við getum ekki beðið eftir því að frumsýna.“

Þeir Hörður Sveinsson, Helgi Jóhannsson og Atli Viðar Þorsteinsson eru með framleiðslufyrirtækið Refur Creative og gerðu þeir meðal annars myndband við lag Unnsteins úr Retro Stefson og Óskarsverðlaunahafans Marketa Irglova. Tvö myndbönd úr smiðju Refur Creative eru tilnefnd til Nordic Music Video-verðlaunanna sem verða afhent í maí.



ZEBRA KATZ



**SPENNANDI TÆKIFÆRI** Þeir Helgi, Atli og Hörður stofnuðu framleiðslufyrirtækið Refur Creative.

> Við erum búnir að leggja mikla vinnu í verkefnið og nú erum við að leggja lokahönd á eftirvinnslu þess.Við getum ekki beðið eftir því að frumsýna.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




mazda

Mazda3 er sönnun þess að með því að hugsa öðruvísi og ögra því hefðbundna er hægt að setja ný viðmið. Með byltingarkenndu SkyActiv spartækninni hefur Mazda náð fádæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að fórna afli né viðbragði – enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er Mazda3 einstaklega glæsilegur á að líta en hann er hannaður í anda KODO hönnunarinnar sem er innblásin af hreyfingum, krafti og lipurð blettatígursins.

*Komdu og reynsluaktu Mazda3*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

10 ÁRA AFMÆLI MAZDA hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



Úrval af uppáhaldsmyndum í Vodafone PLAY
Vodafone á Íslandi kynnir Vodafone PLAY, áskriftarveitu í anda Netflix. Vodafone PLAY veitir notendum Vodafone Sjónvarps aðgang að fjölbreyttu úrvali af íslenskum og erlendum kvikmyndum og barnaefni, tónleikum og lesnum sögum.
Flakkaðu ótakmarkað og án skuldbindinga um ævintýraheim Vodafone PLAY til 31. maí
Vodafone
Við tengjum þig

## Prófaðu Vodafone PLAY án endurgjalds til 31. maí

Vodafone býður viðskiptavinum sínum að prófa **Vodafone PLAY** án viðbótar endurgjalds til 31. maí.

Viðskiptavinir með gagnvirkt Vodafone Sjónvarp þurfa ekkert að gera því **Vodafone PLAY** kemur sjálfkrafa inn í viðmótið í sjónvarpinu.

Við skráningu í þjónustuna bætist við annað 30 daga endurgjaldslaust áhorf. Eftir það tekur við **2.490 kr.** kostnaður á mánuði.

## Einfalt

Fyrir eitt fast mánaðargjald færðu ótakmarkaðan aðgang að **Vodafone PLAY**. Aðeins **2.490 kr.** á mánuði.

## Ótakmarkað

Þú getur horft á myndirnar í **Vodafone PLAY** þegar þér hentar, hálfar og heilar og aftur og aftur.

## Sívaxandi

Úrvalið í **Vodafone PLAY** mun vaxa stöðugt.
Jafnt og þétt verður úrvalið sífellt betra.

## Gæðaefni

Í **Vodafone PLAY** finnurðu fjölda textaðra kvikmynda frá öllum heimshornum, tónleika og lesnar sögur í bland við talsett og íslenskt barnaefni.

## Einstök alhliða þjónusta

Áskriftarveita af þessu tagi er einungis í boði fyrir viðskiptavini með gagnvirkt Vodafone Sjónvarp.

Pantaðu Vodafone Sjónvarp á **Vodafone.is**, í **verslunum Vodafone** eða hringdu í **1414**.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Næsti Íslandsvinur fundinn

Norski hjartaknúsarinn Jakob Ofdebro er væntanlegur til landsins á laugardag til að taka þátt í Norrænu kvikmyndahátíðinni sem fór af stað í gær og stendur fram í næstu viku. Jakob er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í hinum umdeildu dönsku þáttum 1864 sem sýndir voru á Ríkissjónvarpinu. Þykir kauði slíkt sjarmabúnt að gert er ráð fyrir að íslenska kvenþjóðin muni taka kipp við fréttirnar. Þess ber þó að geta að hann er lofaður samlöndu sinni, Iben Akerlie leikkonu. **- ga**



### Með risum í bransanum

Fyrsta kvikmynd **Ísoldar Uggadóttur** leikstjóra, Andið eðlilega, er ein af fjórum sem hafa verið valdar á árlega handritasmiðju Hampton-kvikmyndahátíðarinnar.

Í handritasmiðjunni fær Ísold tækifæri til að vinna með þrautreyndu kvikmyndagerðarfólki, til að mynda Óskarsverðlaunahafanum og einum handritshöfunda Birdman, Alexander Dinelaris Jr. Auk hans taka þátt í smiðjunni einn af handritshöfundum Guardians of the Galaxy, Nicole Perlman, og einn af framleiðendum Everest, Evan Hayes, auk Helen Schulman sem skrifaði í félagi við aðra handritið að P.s. **- kbg**



## Mest lesið vísir

1. Framsóknarmenn funda vegna ummæla fulltrúa flokksins um múslima
2. Kynferðisbrotamál á Selfossi: Telur sig hafa framið brotið í svefni
3. Heiðarlegi fanginn vildi aðeins kók í fundarlaun
4. Allir sem komu að björgunaraðgerðum í Hafnarfirði munu fá áfallahjálp
5. Ásmundur vill göng til Vestmannaeyja: Segir göngin borga sig upp á 30 árum





